

Sb.

40. Tillaga til þingsályktunar

um undanþágu á aðflutningstollum á aðfluttu efni til rafvirkjana.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórn að undanþiggja innflutt efni til rafvirkjana, sem nú er verið að reisa og reistar verða á næstunni, aðflutningstollum.

Greinargerð.

Vegna þess að nú hefur verið rýmra um erlendan gjaldeyri og lánsfé, hafa mörg sveitar- og bæjarfélög ákveðið að ráðast í virkjanir til rafmagnsframleiðslu. En eins og verðlag er nú, má búast við, að þessar framkvæmdir geti farið í allt að þrefalt verð við það, sem verið hefði fyrir stríð. Þau bæjar- og sveitarfélög taka því á sig allmikla áhættu. Að visu má segja, að ríkissjóður tekur á sig sinn hluta af þessari áhættu, að minnsta kosti um stundarsakir, með því að veita ríkisábyrgð á virkjunarlánunum, en hann hlýtur þá jafnframt að hafa hag af því, að viðkomandi bæjar- og sveitarfélög geti sjálf staðið undir þessum virkjunum. Við stórar virkjunarframkvæmdir eru aðflutningstollar mikil upphæð, sem miklu munar fyrir viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag að losna við að greiða. Þegar þess er líka gætt, að eins og sakir standa er ríkissjóður ekki í brýnni þörf fyrir allar tollatekjur sínar, þá ætti að vera hægt að veita þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem eru það djörf að vilja leggja út í virkjunarframkvæmdir nú, þá aðstoð, sem gert er ráð fyrir í þáttill. þessari.

Nánar í framsögu.

2. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölnunnar, eftir því sem þykir þurfa, og er henni heimilt að taka það að láni.

3. gr.

Vörur þær, er Bifreiðaeinkasala ríkisins flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún yfirleitt beint til notenda. Þó skal heimilt að láta umboðsmenn annast söluna á fjarlægum stöðum, ef þörf þykir, og þá samkvæmt sérstökum samningum.

4. gr.

Einkasalan skal greiða tolla af vörum þeim, er hún flytur til landsins, svo sem lög mæla fyrir.

Af ágóða hvers árs skal leggja 15—25%, eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar, í varasjóð.

Ágóðinn af rekstri bifreiðaeinkasölnunnar skal, að frá dregnu varasjóðstillagi, greiðast í rikissjóð.

Af öllum ágóða hvers árs greiðir rikissjóður bæjar- og sýslusjóðum 30%, þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, er einkasalan hefur aðsetur sitt í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóða annarra kaupstaða og sýslusjóða. Skatt þennan greiðir rikissjóður bæjar- og sýslufélögum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs.

Bifreiðaeinkasölu ríkisins ber eigi að greiða skatt samkvæmt 2. gr. laga nr. 74 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

5. gr.

Bifreiðaeinkasölu ríkisins skal heimilt að leyfa þeim mönnum, er búsettir hafa verið erlendis og átt hafa þar skrásetta bifreið eða bifhjól, kvaðalausann innflutning þessara farartækja, enda leggi þeir fram fullnægjandi skilríki fyrir búsetu og skrásetningu.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölnunnar.

II. KAFLI

Um úthlutun bifreiða.

7. gr.

Kjósa skal í sameinuðu Alþingi, með hlutfallskosningu, 3 menn í nefnd, til tveggja ára í senn, og þrjá til vara, er hafi með höndum, þegar ekki er hægt að fullnægja eftirspurn, úthlutun allra bifreiða, sem fluttar eru til landsins. Eigi forstjóri Bifreiðaeinkasölu ríkisins ekki sæti í úthlutunarnefndinni, skal úthlutunarnefndin leita tillagna hans um úthlutunina, svo og um aðrar þær ákvarðanir, er nefndin kann að taka samkvæmt 10. gr.

8. gr.

Bifreiðaeinkasölu ríkisins er óheimilt að selja innanlands eða afhenda á annan hátt bifreiðar þær, er hún flytur inn, nema samþykki úthlutunarnefndarinnar komi til. Undanskildar eru þó þessu ákvæði þær bifreiðar, er einstakir menn kunna að hafa, fyrir gildistöku þessara laga, fest kaup á erlendis með samþykki fyrrverandi Bifreiðaeinkasölu ríkisins og gjalddeyriss- og innflutningsnefndar.

9. gr.

Úthlutunarnefnd bifreiða skal haga úthlutun bifreiða með hliðsjón af þörf almennings og atvinnuveganna, enda skal henni heimilt að setja þau skilyrði fyrir afhendingu bifreiðanna, sem nauðsynleg verða að teljast til þess að þeim tilgangi verði

náð, þar á meðal að nefndin fái ráðstöfunarrétt á eldri bifreiðum þeirra, er fá bifreiðar sínar endurnýjaðar, og forkaupsrétt á þeim bifreiðum, sem úthlutað er, og fari verð þeirra eftir mati, ef ekki verður samkomulag.

Úthlutunarnefndin skal gefa Alþingi árlega skýrslu um störf sín. Hún skal og gefa Alþingi skýrslu um úthlutun bifreiða á árinu 1942 og þær umsóknir, er synjað hefur verið.

10. gr.

Úthlutunarnefndin skal sjálf kjósa sér formann og varaformann. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af Bifreiðaeinkasölu ríkisins.

III. KAFLI

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—b og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölnnar.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögglumál.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30 9. janúar 1935, svo og öll önnur lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Með lögum þessum er Bifreiðaeinkasala ríkisins, sem látin var hætta störfum 25. sept. 1942, endurreist. Skilanefnd hennar skal því hætta störfum þegar eftir að lög þessi hafa öðlzt gildi.

Ákvæði laga þessara um úthlutun bifreiða skulu taka til allra bifreiða, sem nú eru í eigu fyrrverandi Bifreiðaeinkasölu ríkisins, hér eða erlendis, og skal því óheimilt að ráðstafa eða láta af hendi þær bifreiðar nema eftir ákvörðun úthlutunarnefndarinnar eftir að lög þessi hafa öðlzt gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið í tilefni af þeirri ráðstöfun fjármálaráðherra að leggja niður Bifreiðaeinkasölu ríkisins og ráðstafa sjálfur þeim bifreiðum, er einkasalan hafði til sölu, þótt síðasta Alþingi hafi falið sérstakri nefnd að annast úthlutun bifreiðanna, og jafnframt, bæði með þeirri ráðstöfun og á annan hátt, ákveðið, að einkasalan skyldi halda áfram að starfa á svipuðum grundvelli og verið hafði.

Frumvarpinu, ef að lögum verður, er ætlað að tryggja endurreisn og áframhaldandi starfsemi Bifreiðaeinkasölu ríkisins og jafnframt það fyrirkomulag um úthlutun innfluttra bifreiða, er síðasta Alþingi ákvað.

Með því að vörur þær (nýjar bifreiðar og hjólbarðar), sem Bifreiðaeinkasala ríkisins annaðist um kaup á, eru nú með öllu ófánlegar á erlendum markaði án þess að hið opinbera annist um þau kaup, og með tilvísun til þeirrar gagnrýni, sem úthlutun ráðherrans á bifreiðum hefur sætt, verður að teljast nauðsynlegt að setja lög um þessi atriði, er séu þannig úr garði gerð, að tryggt sé, að sú meðferð þessara mála, sem verið hefur nú um skeið, endurtaki sig ekki.

Með lögum nr. 30 9. jan. 1935 var ríkisstjórninni veitt heimild til þess að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum: Bifreiðum alls konar og bifhjólum, bifreiða- og bifhjólahlutum, rafvélum og rafáhöldum, svo og raflagningarefni.

Samkvæmt þessum heimildarlögum var Bifreiðaeinkasala ríkisins sett á stofn og jafnframt ákveðið, að hún ein skyldi hafa rétt til þess að flytja til landsins bifreiðar, bifhjól og hjólbarða ásamt tilheyrandi slöngum.

Einkasalan hóf starfsemi sína 1. maí 1935, samkvæmt nefndum heimildarlögum og reglugerð útgefinni 26. apríl sama ár, og hefur starfað óslitið síðan, eða þar til 25. sept. 1942, að reglugerðin um starfsemi hennar var úr gildi felld.

Frá 25. sept. 1942 tók skilanefnd, skipuð af fjármálaráðherra, við stjórn einkasölnunnar, og frá sama tíma hætti stofnunin að sjálfsögðu að kaupa inn vörur. Hefur því starfsemi stofnunarinnar síðan takmarkazt við að selja þær vörur, er til voru, ásamt því að flytja inn og selja þær vörur, er hún hafði fest kaup á erlendis fyrir 25. sept. 1942.

Á síðasta Alþingi var lagt fram frumvarp til laga um að leggja niður Bifreiðaeinkasölu ríkisins, en hlaut ekki samþykki þingsins af þeirri ástæðu, að því er virtist, að slík ráðstöfun hafi ekki þótt hyggileg eins og á stóð, miðað við núverandi viðskiptaástand, enda þá þegar ljóst, að slík ráðstöfun mundi frekar verða til þess að torvelða kaup á umræddum einkasöluvörum en að greiða fyrir þeim.

Sama Alþingi afgreiddi þingsályktun um úthlutun bifreiða, sem bæði sagði raunverulega fyrir um, að einkasala skyldi vera á bifreiðum, og einnig mjög ákveðið, hvaða fyrirkomulag skyldi við haft um úthlutun þeirra bifreiða, sem til landsins væru komnar og inn yrðu fluttar.

Fjármálaráðherra hefur enga opinbera greinargerð látið í té til réttlætningar þeirri ráðstöfun sinni, sem kunn er orðin, að leggja niður Bifreiðaeinkasölu ríkisins og ráðstafa sjálfur þeim bifreiðum, sem Alþingi ákvað, samkvæmt áður nefndri þingsályktun, að gert skyldi af þar til kjörinni nefnd.

Með tilvisun til alls þessa má því segja, að frumvarp þetta sé aðeins staðfesting á gerðum og yfirlýstum meirihlutavilja síðasta Alþingis.

I. kafli frumvarps þessa er samansettur úr nefndum heimildarlögum og nefndri reglugerð um Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Þó er sú efnisbreyting í þessum kafla frumvarpsins, að í stað heimildarlaga komi lög, er tryggi það, að Alþingi eitt ákveði hvort einkasala á bifreiðum, hjólbörðum o. fl. skuli rekin eða ekki. Virðist ekki sjáanlegt, að nauðsynlegt né eðlilegt sé, að önnur og lausari ákvæði gildi um einkasölu á bifreiðum og hjólbörðum en um aðrar þær einkasölur, er nú starfa samkvæmt sérstökum lögum.

II. kafli frumvarpsins fjallar um úthlutun þeirra bifreiða, sem fluttar eru og fluttar verða til landsins. Efnislega er þessi kafli í fullu samræmi við þingsályktun þá, sem samþykkt var í sameinuðu Alþingi 1. sept. 1942 með 28 atkv. gegn 7. Þingsályktunin gerir að visu ráð fyrir, að allt að tveir þriðju innfluttra fólksflutningabifreiða fari til atvinnubifreiðarstjóra og bifreiðastöðva, en með því að ákvæði þetta, samkvæmt eðli málsins, á betur við sem starfsregla en sígilt fyriræli, getur ekki talizt rétt að binda slíkt með lögum. Um nauðsyn þess, að aðalákvæði nefndrar þingsályktunar fái lagagildi, vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi tillögunni, svo og skýrslu þeirrar, er úthlutunarnefnd bifreiða, er kosin var samkvæmt þingsályktuninni, hefur sent Alþingi.

III. kafli frumvarpsins er almenns eðlis og þarf því ekki skýringa við.

„Ákvæði til bráðabirgða“ samkvæmt frumvarpinu skýrir sig að mestu sjálft. Samkvæmt því er til þess ætlazt, að Bifreiðaeinkasala ríkisins, sem frá 25. sept. 1942 hefur aðeins annazt sölu vörubirgða sinna, verði látin taka til starfa að nýju, í stað þess að stofna nýja einkasölu á grundvelli hinna nýju laga. Mundi sú ráðstöfun, að endurreisa Bifreiðaeinkasölu ríkisins í svipuðu formi og hún var, ekki valda neinum truflunum í almennum viðskiptum, þar sem engir aðrir innflytjendur hafa enn hafið innflutning á þeim vörum, er einkasalan verzlaði með. sem meðal annars mun starfa

af því, eins og áður er sagt, að hér er um að ræða vörur, sem ekki eru fánlegar erlendis fyrir milligöngu einkafyrirtækja eftir venjulegum viðskiptaleiðum. Enn fremur má á það benda, að enn er starfsemi bifreiðaeinkasölnnar á því stigi, að um raunverulega stöðvun fyrirtækisins er tæplega hægt að tala enn sem komið er, heldur aðeins truflun, sem að visu kann að valda erfiðleikum í sambandi við áframhaldandi vörukaup, en útilokar engan veginn áframhaldandi starfsemi einkasölnnar, ef Alþingi fellst á að endurreisa hana.

Síðari málsgrein nefnds bráðabirgðaákvæðis, sem fjallar um ráðstöfun þeirra bifreiða, sem nú eru í eigu nefndrar bifreiðaeinkasölu, er í fullu samræmi við oft nefnda þingsályktun um úthlutun bifreiða frá síðasta Alþingi.

Fylgiskjal.

Hagnaður af Bifreiðaeinkasölu ríkisins hefur verið sem hér segir:

	Til ríkissjóðs	Til bæjar- og sýslufélaga
Árið 1935	kr. 4369.58	kr. 1872.67
— 1936	— 51291.33	— 21982.00
— 1937	— 101392.74	— 34033.18
— 1938	— 77498.81	— 18628.13
— 1939	— 117655.33	— 42440.23
— 1940	kr. 125428.47	
— 1941	— 1011227.11	

Sp.

42. Breytingartillögur

við till. til þál. um undanþágu á aðflutningstollum af efni til vatnsveitu Víkurkaupþúns.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að undanþiggja innflutt efni til vatnsveitna Víkur- og Bolungavíkurkaupþúna aðflutningstollum.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um undanþágu á aðflutningstollum af efni til vatnsveitna Víkur- og Bolungavíkurkaupþúna.

Nd.

43. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Framan við frvgr. kemur nýr liður:

Á eftir B. 5. í 2. gr. laganna koma nýir liðir:

- Kleifavegur*: Frá Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú, um Kleifar og Norðtungu, að Litlu-Þverá hjá Högnastöðum og þaðan út Þverárhlið, um Arnbjargarlæk og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut.
- Hvítársíðuvegur*: Af Kleifavegi inn Hvítársíðu að fyrirhuguðu brúarstæði hjá Bjarnastöðum.

Nd.

44. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Framan við frvgr. bætist nýr rómverskur liður:

Fyrir orðið „Skeiðarársand“ í 3. málslíð A. 1. komi: Skeiðarársand yfir Skeiðará og yfir Skeiðarárjökul um Bæjarstaðarskóg að Skaftafelli.

Nd.

45. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

2. málsgrein 62. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands samkvæmt lögum nr. 10 15. apríl 1928, sjóðfélagar í eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands h/f og sjóðfélagar í lífeyrissjóði Sambands íslenzkra samvinnufélaga skulu undanþegnir iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Ef sjóðfélagi missir félagsréttindi sín, ábyrgist viðkomandi eftirlaunasjóður eða lífeyrissjóður fulla greiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands á fjárhæð þeirri með vöxtum og vaxtavöxtum, er þeim manni hefði borið að greiða til Lífeyrissjóðs Íslands, ef hann hefði ekki notið þessarar undanþágu.

G r e i n a r g e r ð .

Með þessu frumvarpi er lagt til, að sjóðfélagar í Lífeyrissjóði Sambands íslenzkra samvinnufélaga fái undanþágu frá iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands, á sama hátt og embættismenn ríkisins og starfsmenn Landsbankans og Útvegsbankans hafa nú.

Lífeyrissjóður S. Í. S. tók til starfa 1. jan. 1939. Starfsmenn Sambandsins, fyrirtækja þess og sambandsfélaganna geta orðið sjóðfélagar. Auk starfsmanna Sambandsins eru starfsmenn Kaupfélags Árnesinga í Sigtúnunum, kaupfélagsins Fram á Norðfirði, Kaupfélags Skagstrendinga á Skagaströnd og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis nú tryggðir hjá sjóðnum. Sjóðfélagar greiða ákveðinn hundraðshluta af launum sínum til lífeyrissjóðsins, en þau félög, er þeir vinna hjá, leggja fram jafnháa upphæð. Samkvæmt reglugerð sjóðsins veitir hann meiri rétt til lífeyris en Lífeyrissjóður Íslands.

Alþingi hefur áður samþykkt, að starfsmenn Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, sem greiða iðgjöld til sérstakra eftirlaunasjóða, skuli undanþegnir greiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Svo er einnig um embættismenn og barnakennara, sem samkvæmt lögum eru tryggðir hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Flm. telur rétt, að sama regla verði látin gilda fyrir þá, sem kaupa tryggingu hjá lífeyrissjóði S. Í. S.

Ed.

46. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Jónas Jónsson.

Aftan við 62. gr. laganna kemur ný málsg., svo látandi:

Þó skal ekki prenta í Alþingistiðindum ræður þær, sem ræðumenn eða aðrir fyrir þeirra hönd hafa ekki yfirlesið í handriti innanþingssskrifara innan 6 vikna frá því er ræðuhandritið var lagt fram í lestrarsal þingsins, nema ekki valdi töf á prentun, að síðar sé gert. Geta skal þó ræðumanna í rétttri röð í umræðuparti, þótt niður sé fellt að prenta ræðu. Handrit að öllum þingræðum skulu geymd í skjalasafni þingsins.

G r e i n a r g e r ð .

Um nokkur undanfarin ár hefur sú óvenja komizt á, að mikill hluti af þingræðum er ekki leiðréttur af þingmönnum eða umboðsmönnum þeirra. Að sjálfsögðu eru margar af ræðunum mjög færðar úr lagi og oft svo, að þær eru lítt skiljanlegar. Með þessum hætti eru þingræðurnar ekki lengur áreiðanleg frumheimild við túlkun laga eða um meðferð mála á þingi. Auk þess er það mjög óheppilegt fyrir tiltrú kjósenda til þingsins, þegar meginhlutinn af umræðunum kemur í hendur þeirra, er fá þingtiðindin, með merkinu: „óyfirlesið“.

Aðstaða þingmanna hefur stórlega batnað hin síðari ár, síðan Alþingi fékk sitt eigið hús aftur til fullra umráða. Meðan þingmenn voru að kalla mátti hús villtir við störf sín, höfðu þeir nokkra afsökun um þess háttar vansmið á vinnubrögðum. Nú er þessi aðstaða stórlega breytt til batnaðar.

Ég hygg, að sú leið, sem hér er bent á, sé einfaldasta og heppilegasta úrræðið til að fá af öllum þingmönnum tekinn upp þann góða og gamla sið, að hver þingmaður húi ræður sínar undir prentun eða láti tiltekinn umboðsmann gera það í sinn stað.

Ed.

47. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933, og l. um breyt. á þeim lögum, nr. 72 1936 og nr. 109 1940.

Flm.: Jónas Jónsson.

Aftan við 2. gr. frv. komi nýr rómverskur liður:

Á eftir 12. C. í sömu lagagrein komi tveir nýir töluliðir:

- a. *Fnjóskdælabraut*: Frá Laufási vestan Fnjóskár, um Skóga að Reykjum í Fram-Fnjóskadal.
- b. *Laugaskólavegur*: Frá Reykdælabraut vestan við Hóla í Reykjadal að héraðsskólanum á Laugum.

Ed.**48. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933, og l. um breyt. á þeim lögum, nr. 72 1936 og nr. 109 1940.

Flm.: Hermann Jónasson.

Aftan við 1. gr. frv. komi nýr liður:

Á eftir XIII. tölulið sömu laga koma tveir nýir stafliðir:

- a. *Trékyllisvíkurvegur*: Frá Reykjarfirði að Árnosi.
- b. *Selstrandarvegur*: Úr Selárdal út Selströnd að Drangnesi.

Ed.**49. Frumvarp til laga**

um greiðslu íslenzkra afurða.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Hver sá, sem kaupir íslenzkar afurðir, hvort heldur er sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir eða íslenzkar iðnaðarvörur, skal greiða þær í peningum, þegar seljandi krefst þess, og má eigi greiða þær með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið um samið.

2. gr.

Séu afurðir seldar á fastákveðnu verði, skal það verð greitt að fullu á þann hátt, er 1. gr. kveður á um. Séu þær hins vegar seldar á óákveðnu verði, með rétti til verðuppbótar síðar, eða í umboðssölu, hvort heldur er af kaupfélögum, samvinnufélögum eða öðrum aðilum, skal að minnsta kosti helmingur af gangverði afurðanna greitt samkvæmt ákvæðum 1. gr., en afgangurinn á sama hátt eigi síðar en 2 mánuðum eftir að lokasala og greiðsla andvirðisins hefur farið fram.

3. gr.

Gangverð afurða, sem greiðsluskipting miðast við samkvæmt 2. gr., telst það verð, sem eftir taldar stofnanir ákveða á hverjum tíma, nema öðruvísi sé ákveðið með lögum eða reglugerð, staðfestri af ríkisstjórn.

A. Fyrir sjávarafurðir:

1. Viðskiptanefndin.
2. Fiskimálanefndin.
3. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.
4. Lýsissamlag ísl. botnvörpunga.
5. Verzlunarráð Íslands.
6. Aðrar stofnanir, sem kunna að verða settar á stofn til þess að annast sölu sjávarafurða, enda hafi þær hlotið viðurkenningu ríkisstjórnar.

B. Fyrir landbúnaðarafurðir:

1. Viðskiptanefndin.
2. Samband ísl. samvinnufélaga.
3. Verzlunarráð Íslands.
4. Kjötverðlagsnefnd.
5. Mjólkurverðlagsnefnd.
6. Verðlagsnefnd Grænmetisverzlunar ríkisins.
7. Aðrar stofnanir, sem kunna að verða settar á stofn til þess að annast sölu landbúnaðarafurða, enda hafi þær hlotið viðurkenningu ríkisstjórnarinnar.

C. Fyrir isl. iðnaðarvörur:

1. Íslenzk ull.

2. Aðrar stofnanir, sem kunna að verða settar á stofn til þess að annast sölu á isl. iðnaðarvörum, enda hafi þær hlotið viðurkenningu ríkisstjórnarinnar.

Séu mismunandi verðlagsákvæði á sömu vörutegund ákveðin af fyrrnefndum aðilum, skal meðalverðlag á milli hæsta og lægsta verðlagsákvæðis gilda sem mælikvarði fyrir greiðsluskiptingu, nema annað sé sérstaklega um samið við seljanda.

4. gr.

Það telst lokasala á afurðum, þegar kaupandi sá, sem keypt hefur af framleiðanda, hefur endurselt hana, hvort heldur er til útflutnings eða innanlands.

5. gr.

Heimilt er framleiðanda að krefjast þess, að mál út af greiðslu fyrir afurðir samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem varan hefur verið afhent, þótt kaupandi kunni að eiga heimilisvarnarþing annars staðar.

Réttargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 500—1000 króna sektum, nema um ítrekað brot sé að ræða. Skal það þá varða allt að 10 þús. króna sekt.

Sektirnar renna í ríkissjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikill hluti afurða landsmanna er nú venjulega seldur annaðhvort í umboðssölu af sölusamlögum og samvinnufélögum eða á föstu verði með rétti til verðuppbótar síðar. Þar sem svo er háttað, að umboðssalar eða kaupendur hafa aðeins á hendi sölu íslenzkra afurða, er framleiðanda ávallt greidd varan í peningum, og meginhluti hennar þá langoftast skömmu eftir að varan hefur verið afhent, þótt stundum dragist um of endanleg uppgerð, einkum á landbúnaðarafurðum. Séu umboðssalar eða kaupendur hins vegar jafnframt verzlunarrekendur, svo sem kaupmenn og kaupfélög, vill verða á því mjög mikill misbrestur, að afurðirnar séu greiddar út í peningum, eða reikningsskil gerð jafnskjótt og varan er seld, heldur venjulega látin dragast til næstu áramóta. Gengur þetta svo langt í sumum héruðum dreifbýlisins, þar sem lítil eða engin samkeppni er í verzlun, að fólkið sér aldrei eða sjaldan peninga. Með þessu fyrirkomulagi er framleiðandinn háður þeim aðila, sem hann selur afurðir sínar, meira en hollt er, ekki einasta um öll vörukaup, heldur og um margt annað, er útgjöld hefur í för með sér, og eins fyrir það, þótt það miði að bættum lífskjörum og betri afkomu.

Frumvarp þetta miðar að því að breyta hér úreltu og óheppilegu greiðslukerfi og koma á meira frjálsræði og meiri sanngirni í viðskiptum á milli smáframleiðenda og verzlunaraðila. Er þess vænt, að háttvirtir þingmenn verði fúsir til að ljá máli þessu fylgi og koma því fram þegar á þessu þingi.

Nd.

50. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Aftan við frvgr. komi nýr liður: Á eftir VI. tölulið í lögum nr. 109 1940 komi nýr liður, sem hljóðar svo:

1. *Fróðárhreppsvegur*: Frá Eyrarsveitarvegi um Búlandshöfða eftir Fróðárhreppi á Ólafsvikurveg hjá Fróðá.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: og laga nr. 109 14. maí 1940.

Nd.

51. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 1941, um húsaleigu, og lögum nr. 126 1941, um viðauka við og breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 61. löggjafarþingi, 1942.)

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. október 1942 til 14. maí 1943 getur bæjarstjórn Reykjavíkur tekið leigunámi handa húsnæðislausu fólki sumarbústaði og annað húsnæði í nágrenni bæjarins (Gullbringu-, Kjósar- og Árnassýslum), sem er eða gera má hæft til íbúðar, enda sé húsnæðisþörf eigenda (notenda) ekki skert með leigunáminu.

Húsaleigunefnd Reykjavíkur ákveður leigumála eftir húsnæði það, sem um ræðir í 1. mgr., nema samkomulag verði milli aðila.

2. gr.

Samkvæmt kröfu bæjarstjórnar Reykjavíkur skal húsaleigunefnd láta framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem tekið hafa húsnæði á leigu án leyfis húsaleigunefndar, sbr. 2. gr. laga nr. 126 1941, og skal þessu húsnæði ráðstafað til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 106 1941, um húsaleigu, og lögum nr. 126 1941, um viðauka við og breyting á þeim lögum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að rannsókn hafi farið fram um núverandi húsnæðisvandræði í Reykjavík. Rannsókn þessi hefur leitt í ljós, að á annað hundrað fjölskyldur verði húsnæðislausar 1. október næstkomandi.

Til þess að ráða bót á þessu vandræðaástandi telur fjármálaráðherrann nauðsynlegt að breyta núgildandi húsaleigulögum í nokkrum atriðum.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. október 1942 til 14. maí 1943 getur bæjarstjórn Reykjavíkur tekið leigunámi handa húsnæðislausu fólki sumarbústaði og annað húsnæði í nágrenni bæjarins (Gullbringu-, Kjósar- og Árnessýslum), sem er eða gera má hæft til íbúðar, enda sé húsnæðisþörf eigenda (notenda) ekki skert með leigunáminu.

Húsaleigunefnd Reykjavíkur ákveður leigumála eftir húsnæði það, sem um ræðir 1. mgr., nema samkomulag verði milli aðila.

2. gr.

Samkvæmt kröfu bæjarstjórnar Reykjavíkur skal húsaleigunefnd láta framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem tekið hafa húsnæði á leigu án leyfis húsaleigunefndar, sbr. 2. gr. laga nr. 126 1941, og skal þessu húsnæði ráðstafað til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 29. sept. 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jakob Möller.

Nd.

52. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

Við 2. gr. laganna A. I. d. bætist:

Gljúfursá í Örafum.

Kotá í Örafum.

Stemma á Breiðamerkursandi.

Staðará í Suðursveit.

Smyrlabjargaá í Suðursveit.

Djúpá í Mýrahreppi.

Suðurfljót (við Svínafell).

Jökulsá í Lóni.

Laxá í Lóni.

Greinargerð.

Samgöngubætur á landi byggjast á tvenns konar framkvæmdum: annars vegar lagningu vega og hins vegar brúargerðum.

Þetta er svo nátengt hvort öðru, að önnur framkvæmdin er oftast gagnslítill, ef hina vantar. Framkvæmdir í brúargerðum og vega hafa og fylgzt að í mörgum héraðum landsins hin síðari ár. Fyrir því er nú kominn akvegur um mikinn hluta landsins, svo að bifreiðar fara nú frá Reykjavík um Vestur- og Norðurland til Austfjarða að sumri til og um Suðurland langleiðina að Skeiðarársandi.

Austur-Skaftafellssýsla ásamt nokkrum hluta Suður-Múlasýslu er sá kafli á þjóðleiðinni kringum landið, sem torveldastur er yfirferðar. Næsta skrefið á því að verða það að fylla í þetta skarð, sem enn er í akvegakerfinu kringum landið, svo sem bezt má verða.

Bak við Austur-Skaftafellssýslu ris hin stærsta jökulbreiða þessa lands. Undan rótum jökulsins koma margar ár, stórar og smáar. Í engri sýslu landsins munu vera fleiri ár en þessari. Þó eru varla nema tvær fremur smáar brýr í sýslunni enn sem komið er. Tala brúanna þar stendur enn í öfugu hlutfalli við tölu vatnanna. Á síðari árum hafa verið gerðar nokkrar vegabætur í sýslunni. Sem að líkum lætur, kemur það hvergi nærri að fullum notum, meðan vegurinn er sundurskorinn af óbrúuðum vötnum, sem ýmist eru ófær eða illfær bifreiðum. Röðin er því vissulega komin að Austur-Skaftafellssýslu um brúargerðir.

Með frv. þessu er mörkuð stefnan um þessar framkvæmdir í sýslunni á næstu árum. Brýr á ár þær, sem hér eru taldar, eru nauðsynlegur þáttur í þeirri framkvæmd að tengja saman akvegakerfi landsins, en mundu jafnframt skapa öruggt vegasamband frá mörgum bæjum í þremur sveitum við verzlunarstað sýslunnar, Höfn í Hornafirði.

Brýr á Gljúfursá og Kotá í Öræfum eru nauðsynlegur liður í vegi sveitarinnar, sem nú er verið að leggja, og mundu greiða mjög fyrir notkun bifreiða. Með brúm á Kotá og Gljúfursá væri og náð einum áfanga að því marki að tengja saman alla bæi sveitarinnar með öruggum akvegi.

Þegar Heinabergsvötn eru brúuð, sem væntanlega verður bráðlega, liggur næst fyrir að byggja smábrýr á Smyrlabjargaá og Staðará í Suðursveit, svo og Stemmum á Breiðamerkursandi.

Hornafjarðarfljót er eini farartálminn milli Mýrahrepps og Hafnar í Hornafirði. Til þess að bæta nokkuð úr því þarf brú á Suðurfliót við Svínafell.

Brúin á Jökulsá í Lóni verður langstærst þessara brúa. Jökulsá er líka mesta torfæran á þjóðveginum frá Austurlandi og í Hornafjörð og skapar mörgum bændum í Lóni mikla örðugleika um flutninga til og frá verzlunarstað. Það er augljóst kunnugum, að vel er kleift að brúa ána. Staðfesta það og athuganir, sem þegar hafa verið gerðar um brúarstæði á ánni.

Nánar í framsögu.

Sp. 53. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til eflingar íslenskum landbúnaði.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Kristinn E. Andrésson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela Búnaðarfélagi Íslands eftirfarandi verkefni:

1. Að láta fara fram rannsókn á því, hvar heppilegust eru skilyrði með tilliti til ræktunar, rafvirkjunar, samgangna o. s. frv. til landbúnaðarframleiðslu í ýmsum greinum með samfærslu byggðarinnar fyrir augum.
2. Að gera áætlun um rafvirkjun sveitabyggða og samgöngukerfi sveitanna með hliðsjón af rannsókn þeirri, er greinir í 1. lið, í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi ríkisstofnanir.
3. Í sambandi við ofangreinda rannsókn að gera tillögur um stofnun fyrirmyndarbúa á ýmsum stöðum á landinu og um fyrirkomulag þeirra, og skulu verkefni þeirra vera m. a. að gera tilraunir í ræktun og búrekstri, halda námskeið fyrir bændur, útvega vélar o. s. frv.
4. Að undirbúa löggjöf um framkvæmdir og aðstoð við landbúnaðinn á grundvelli þess undirbúningsstarfs, sem að ofan greinir, og að endurskoða gildandi bün-

aðarlöggjöf, til að greiða fyrir þróun hans í samræmi við þær niðurstöður, sem rannsókn sú, er um getur í 1. lið, leiðir í ljós.
Kostnaður greiðist úr rikissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Undanfarna áratugi hefur ríkið árlega lagt fram nokkurt fé í því skyni að skapa betri lífsskilyrði í sveitum landsins. Þessu fé hefur aðallega verið varið til aukinnar ræktunar og til þess að gera mögulegt að nota vélar í stað handverkfæra við landbúnaðarstörf. Nokkuð hefur á unnizt við þetta, en langt er þó í land með sama hraða, að vélar verði notaðar við alla vinnu, þar sem hagkvæmt er að nota þær. Enn er verulegs hluta af heyfeng landsmanna aflað á þýfðum og rányrktum engjum. Á öðrum sviðum landbúnaðarins er breytingin þó víðast skemmra á veg komin. Enda munu tekjur smábænda, einkum þeirra, sem afskekkt búa, vera minni saman borið við erfiði en nokkurra annarra stétta landsins. Það horfir því svo enn, þrátt fyrir aðgerðir ríkisins, að fjöldi bænda hlýtur á næstunni að hverfa til annarra starfa, ef tækifæri býðst, nema kjör þeirra breytist að mun til batnaðar.

Enginn ágreiningur er um, að það sé hin mesta nauðsyn, að við framleiðum eins mikið af þeim landbúnaðarvörum, sem við þurfum að nota, og frekast er unnt. Eðlileg afleiðing þeirrar skoðunar er, að ríkið geri ráðstafanir til, að tekjur fólksins, sem að landbúnaði vinnur, verði viðunandi og lífsþægindi þess og menningaraðstaða eins góð og annarra landsbúa.

Kemur þá til álita, hvort byggja skuli á sama grundvelli og undanfarin ár um aðstöðu til landbúnaðarins, en auka fjárframlögin, eða hvort ætla má, að meira mundi vinnast með breyttu skipulagi byggðanna og breyttum búskaparháttum, og leggja þá megináherzluna á að vinna að því, að hið nýja byggðaskipulag komist á og þeir búskaparhættir, sem því fylgja, þó að áfram yrði veittur svipaður styrkur til þeirra, sem búa vilja í gamla horfinu.

Landbúnaður, sem rekinn er með rányrkju án véla, þarf á miklu landsvæði að halda saman borið við áhöfn, Þörf á flutningum til og frá framleiðslustað er tiltölulega lítil. Að búinu þarf aðeins flutning á neyzluvörum, sem búin framleiða ekki, og frá búunum aðeins flutning á afurðum, sem afgang eru heimanotkun. Strjálbýli á því vel við rányrkjubúskap, enda hefur skipulag byggðanna hér á landi, strjálbýlið, fyrst og fremst myndast sökum rányrkjubúskapar.

Allt öðruvisi horfir þar, sem landbúnaður er rekinn með vélum á ræktuðu landi. Þar er nauðsyn að búa í þéttbýli og sem næst markaðsstöðum. Flutningsþörfin er þá mikil. Auk neyzluvaranna þarf að flytja til búanna margs konar framleiðsluvörur, svo sem vélar, áburð o. s. frv., og samsvarandi þarf að flytja meira af afurðum frá búunum heldur en þar, sem rányrkja er stunduð. Búskapur á ræktuðu landi krefst því góðra og öruggra vega milli framleiðslustaðar og markaðsstaða og að vegalengdin milli framleiðenda og neytenda sé sem stytzt. Hins vegar krefst búskapur á ræktuðu landi ekki mikils landrýmis, því að vélyrktur lítill blettur gefur oft meiri arð en stór blettur illa yrktur. Þegar ræktun og vélabúskapur vex, hlýtur byggðin því að færast saman á þá staði, sem góðir eru til ræktunar eða búnir öðrum æskilegum landkostum og liggja vel við samgöngum. En afskekktu bæirnir og byggðirnar munu leggjast að meira eða minna leyti niður, nema miklu meiri fjölgun verði í sveitunum en nú er hægt að búast við.

Þegar byggðin færir til þéttbýlis úr strjálbýli, skapast margir möguleikar fyrir fólkið, sem að landbúnaðinum vinnur, til að veita sér ýmiss konar þægindi, sem það með núverandi skipulagi byggðanna getur alls ekki veitt sér eða þá með svo miklum kostnaði, að telja má ókleift. Aðstaða til samgangna batnar svo, að hægt verður að halda uppi góðum og reglubundnum áætlunarferðum um allar byggðir. Aðstaðan til að koma rafleiðslum heim á hvert sveitaheimili batnar, svo að sjálfsagt mun þykja, að á hverjum bæ verði lýst upp, hitað upp og eldað með rafmagni, og kostnaðurinn

af því yrði aðeins brot af þeirri óhemju upphæð, sem þyrfti til að leggja rafleiðslu heim á hvert býli, sem nú er byggt. Aðstaða til skólahalds og hvers konar menningarstarfsemi, svo sem íþróttar og sjónleika o. s. frv., yrði stórum betri. Við framleiðsluna gætu bændur komið við sameign eða samnotkun á vélum, sem þeir væru ekki megnugir að eignast hver fyrir sig. Virðist sjálfsagt, að ríkið komi upp eða hjálpi til að koma upp stöðvum fyrir slíkar vélar svo víða á landinu, að allir bændur geti auðveldlega náð til þeirra. Þar, sem tilraunabú verða, en þau þurfa að verða sem viðast, er sjálfsagt, að slíkar vélastöðvar verði í sambandi við þau. Þar, sem heppileg aðstaða er, gæti komið til mála, að bændur rækju stórbúskap í sameign, sem þeir ynnu að sjálfir. Væri eðlilegt, að ríkið styrkti til tilrauna eitt eða fleiri samyrkjubú. Einkabúskapur hlýtur þó áfram, undir núverandi þjóðskipulagi, að verða aðal búskaparformið. En þéttbýlið skapar hins vegar einyrkjunum möguleika til margs konar samvinnu í búrekstri og útvegnum og býr í haginns fyrir hinn samvirka búskap framtíðarinnar.

Rannsókn á því, hvert heppilegast er, að byggðin færist, er yfirgripsmikil og þarf að gerast með samvinnu milli Búnaðarfélag Íslands, rafmagnseftirlits ríkisins, vegamálastofunnar og ef til vill fleiri stofnana, því að taka verður tillit til ræktunarskilyrða, aðstöðu til rafvirkjunar, jarðhita og hvers konar annarra náttúrugæða og hlunninda, svo og til legu og samgangna við markaðsstaði. Ber þá ekki einungis að taka tillit til núverandi samgöngukerfis, heldur fyrst og fremst fjarlægða frá markaðsstað og aðstöðu til vegalagningar. Þó að rannsóknin þurfi að gerast með samvinnu nokkurra stofnana, er sjálfsagt, að Búnaðarfélag Íslands hafi forystuna og beri ábyrgð á rannsókninni.

Þegar húið er að rannsaka, hvert eðlilegast er, að byggðin færist, þarf að gera áætlun um, hvernig hinni nýju byggð verði bezt fyrir komið og hvað gera þarf til þess, að þróunin verði fljótverk, skipuleg og örugg. Þarf að setja um þetta yfirgripsmikla og vel undirbúna löggjöf. Er einnig eðlilegast, að búnaðarfélagið hafi forystu um undirbúning slíkrar löggjafar.

Verði unnið með alvöru og festu að þessum málum, er Sameiningarfl. alþýðu, sósíalístafl. sannfærður um, að eins mikil not og unnt er verði af þeirri aðstöð, sem sjálfsagt er, að ríkið veiti landbúnaðinum. Lífskjör fólksins, sem í sveitunum býr, munu þá taka skjótum framförum og skilyrði þess til menningar og lífþæginda gerbreytast til batnaðar. Sameiningarfl. alþýðu, sósíalístafl. mun beita sér af alefli fyrir, að slíkt megi verða.

Ed. 54. Frumvarp til laga

um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Brynjólfur Bjarnason, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Jarðirnar Elliðavatn og Hólmur í Seltjarnarneshreppi, Grafarholt, Gufunes, Keldur og sá hluti Korpúlfsstaðatorfunnar, er Reykjavíkurbær hefur fest kaup á (Korpúlfsstaðir, Lambhagi, Varmá og hluti af Lágafellslandi) í Mosfellshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1943.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að láta taka eignarnámi jörðina Grafarholt í Mosfellshreppi, ásamt nýbýlinu Engi og þeim lóðum og löndum, er seld hafa verið úr landi jarðarinnar.

4. gr.

Forkaupsréttur Mosfellshrepps, samkv. 2. gr. laga nr. 55 15. júní 1926, að löndum þeim úr Korpúlfsstaðatorfunni, er Reykjavíkurbær hefur fest kaup á, er úr gildi felldur.

5. gr.

Fyrir árslok 1943 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps annars vegar og Reykjavíkurbæjar og Mosfellshrepps hins vegar, þar á meðal væntanlegar skaðabótgreiðslur til hreppanna.

6. gr.

Allar fjárgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu ákveðnar af gerðardómi, og skal hann einnig skera úr öllum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóminn skípa 3 menn, er fæstiréttur nefnir til þess. Skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurbær eftir ákvörðun dómsins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Forráðamenn Reykjavíkurbæjar hafa lengi talið það bæjarfélaginu mikla nauðsyn, að landrými fyrir bæjarbúa yrði aukið, og hafa oft átt sér stað umræður um það, hvaða jarðir í nágrenninu bærinn ætti að kaupa til þess að bæta úr þessari þörf.

Í framhaldi af þessum umræðum festi Reykjavíkurbær á s. l. vori kaup á eftirtöldum jarðeignum Thors Jensens í Kjósarsýslu: Korpúlfsstöðum, ásamt hluta úr Keldnalandi, Lambhaga, Lágafelli, að undanskildum íbúðarhúsum þar og h. u. b. 63 ha. iandspildu, og Varmá í Mosfellssveit, Arnarholti með Brekku á Kjalarnesi og Þorlaksstöðum í Kjós.

Áður en afsal væri gefið, bauð seljandi hreppum þeim, er hlut áttu að máli, forkaupsrétt að landslögum. Kom þá í ljós, að hvorki Kjalarnes- né Kjósarhreppur hirtu um að nota forkaupsrétt sinn. Mosfellshreppur aftur á móti vildi neyta réttar síns, en þó einungis að nokkrum hluta jarðeigna þeirra, er innan endimarka hans eru og seldar voru. Hann krafðist sem sé einungis kaupa á jörðunum Varmá, Lágafelli og Lambhaga. Að gefnu þessu tilefni lýsti bæjarstjórn Reykjavíkur síðan yfir því, að af hennar hálfu hefði það verið ákveðin forsenda fyrir kaupum á jarðeignum Thors Jensens í Kjósarsýslu, að allar jarðeignirnar í Mosfellshreppi væru með í kaupunum, að undantekinni h. u. b. 63 ha. spildu úr Lágafellslandi, sem vitað var, að ekki yrði seld.

Var nú ljóst, að til vandræða og málaferla horfði, ef ekki væri að gert. Voru því hafin samtöl milli fulltrúa Mosfellshrepps annars vegar og borgarstjóra Reykjavíkur hins vegar. Af hálfu Mosfellshrepps var það boðið, að hreppurinn styddi að því, að Reykjavík eignaðist Grafarholt, gegn því að bærinn félli frá kaupum á Lambhaga, Lágafelli og Varmá, enda yrði Grafarholt, Gufunes, Keldur og Korpúlfsstaðir lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þar sem bænum var það áhugamál að eignast Grafarholt og vildi, ef unnt væri, leiða málið í heild til friðsamlegra lykta, var ræki-lega athugað, hvort fært þætti að leysa það með þessum hætti.

Lét bærinn í því sambandi meta Grafarholt, og var það gert eftir sömu reglum og gert hafði verið um hinar jarðirnar áður en kaup væru fest á þeim. Áttu sér síðan

enn stað viðræður um málið, og lyktaði þeim með því, að með bréfi, dags. 26. nóv. s. l., voru eftirtalin atriði borin fram sem samningsgrundvöllur af hálfu hreppsins:

1. Mosfellshreppur fái eignarumráð yfir jörðunum Lágafelli, Varmá og Lambhaga gegn því, að Reykjavíkurbær fái sem sína eign jörðina Grafarholt, þó að undanskildu því landi jarðarinnar, sem liggur neðan Norðurlandsbrautar, ásamt húsum, sem á því eru.
2. Hreppamörk milli Reykjavíkur og Mosfellshrepps verði ákveðin þannig, að undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur komi þær jarðeignir allar, sem bærinn eignast samkv. framanskráðu, enda taki hann að sér lögboðna framfærslu þeirra manna, sem heimilisfastir voru á jörðunum 1. jan. 1942. Það land, sem undanskilið er Grafarholti samkv. framansögðu, teljist þó til lögsagnarumdæmis hreppsins í næstu 10 ár.

Jarðir þær, sem fara undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, njóti ekki af réttarlanda Mosfellshrepps eða annarra eigna hreppsins.

3. Reykjavíkurbær greiði Mosfellshreppi 100 þús. krónur eftir nánara samkomulagi.“

Í þessu tilboði er Grafarholtsland ofan Norðurlandsvegar lagt að jöfnu við Lambhaga, Varmá og þann hluta Lágafells, sem bærinn hefur fest kaup á, og eru þó hinar eftirtöldu jarðir að sams konar mati margfalt meira virði en hin fyrst talda.

Þegar af þeirri ástæðu taldi bæjarráð Reykjavíkur ekki fært að ganga að þessu tilboði, enda er ljóst, að búskapur á Korpúlfsstöðum, sem m. a. er miðaður við hið mikla graslendi Lambhaga, Lágafells og Varmár, yrði mjög hæginn, ef í þess stað ætti að koma hin lítt ræktanlegu holt í Grafarholtslandi. En húsakostur á Korpúlfsstöðum er svo mikill, að hann verður ekki nýttur til búskapar né arðbær, nema til meira landrýmis nái en hins upphaflega Korpúlfsstaðalands eins.

Þetta er þó eigi aðalatriði málsins, heldur hitt, að skapa verður þeim mikla mannfjölda, sem nú er saman kominn í Reykjavík, þ. e. h. u. b. þriðjungu allra landsmanna, olbogarámi til ýmiss konar landsafnota, sem aldrei verða að fullu gagni, nema innan lögsagnarumdæmis sé, og er þá æskilegast, að bæjarfélagið hafi sjálft ráð á landinu.

Þess vegna er ekki unnt að falla frá kaupum á Lambhaga, Lágafelli og Varmá, sem hin síðari ár hafa algerlega verið nýttar frá Korpúlfsstöðum og eru því nú ekki annað en hluti Korpúlfsstaðatorfunnar. Því fer svo fjarri, að bærinn við kaup á þessari torfu allri saman fái of mikið landrými, að það er honum hvergi nærri fullnægjandi í framtíðinni. Ef bærinn aftur á móti jafnframt fær Grafarholt keypt og allar þessar jarðir lagðar undir lögsagnarumdæmi sitt ásamt eignarjörðum sínum, Gufunesi og Elliðavatni, og enn fremur Keldum og Hólmi, sem ríkið á, en hefur þó heitið að selja bænum hina síðari, þá má ætla, að úr brýnustu þörf bæjarins sé bætt.

Af þessum sökum gerði bæjarstjórn Reykjavíkur 3. des. 1942 svofellda ályktun, sem samþykkt var í einu hljóði:

„Jafnframt því, sem bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að halda fast við kaup sín á Korpúlfsstaðatorfunni, ályktar hún að fela borgarstjóra og bæjarráði að gera ráðstafanir til þess, að Reykjavíkurbær fái eignarnámsheimild á Grafarholti ásamt lóðum þeim og löndum, sem úr því hefur verið skipt, svo og að framan greindar jarðeignir ásamt Gufunesi og Keldum í Mosfellshreppi og a. m. k. Hólmi og Elliðavatni í Seltjarnarneshreppi verði lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.“

Frv. þetta er flutt samkv. þeirri áskorun, sem í ályktun bæjarstjórnar felst. Tekið skal fram, að flutningsmenn áskilja sér rétt til breytinga á einstökum atriðum frv. Um einstakar greinar athugast þetta:

Um 1. gr.

Efni hennar er nægilega skýrt hér að framan.

Um 2. gr.

Samsvarandi ákvæði og venja er til í slíkum lögum.

Um 3. gr.

Ekki er deilt um nauðsyn Reykjavíkurbæjar á að eignast Grafarholt, heldur einungis um verðmæti þess. Virðist því rétt, að úr því verði skorið með eignarnámi.

Um 4. gr.

Sennilegt er, að Mosfellshreppur hafi þegar glatað forkaupsrétti sínum, þar sem hreppurinn hefur einungis óskað að neyta hans um nokkurn hluta þeirrar torfu, sem í mörg ár hefur verið nýtt í einni heild, og þar eð kaupin voru þeirri forsendu háð, að öll torfan væri bænnum seld. Málaferli af þessum sökum mundu hins vegar mjög tefja fyrir hagnýtingu eignanna og hafa margs konar tjón í för með sér. Enda á forkaupsréttur hreppsins eigi frammar við, ef jarðeignirnar allar verða lagðar undir lög-sagnarumdæmi Reykjavíkur. Loks verður eigi deilt um þörf bæjarins til þeirra allra.

Um 5. gr.

Fyrirmælin eru í samræmi við venju í slíkum tilfellum.

Um 6. gr.

Einu afbrigðin frá venju í þessum efnunum er sú, að ætlazt er til, að yfirmatsmenn geri strax út um andvirði þeirra jarða eða landa, sem eignarnámi má taka, í stað þess að undirmat fari fyrst fram. Sýnist þetta engu ótryggara, en er greiðara í framkvæmd, og er þó sjálfsgagt að færa það til venjulegs hofs, ef einhver aðila kynni að óska þess.

Sp.

55. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning verklegra framkvæmda eftir styrjöldina og endurskoðun á skipulagi stóratvinnurekstrar í landinu.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson, Hermann Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna millipinganevnd, til að gera áætlanir og tillögur um framkvæmdir í landinu, þegar stríðinu lýkur og herinn hverfur á brott. Í tillögunum verði að því stefnt, að þær framkvæmdir, sem veita skulu atvinnu fyrst í stað, verði jafnframt undirstaða að aukningu atvinnurekstrar og framleiðslu í landinu.

Nefndin skal enn fremur gera tillögur um fyrirkomulag á stóratvinnurekstri í landinu og afskipti ríkisvaldsins af þeim málum. Lögð verði áherzla á, að skipulag atvinnurekstrarins tryggi sem best, að stórfyrirtækin séu rekin með almenningshag fyrir augum og að þeir, sem að honum vinna, beri úr bótum endurgjald fyrir störf sín í samræmi við afkomu atvinnurekstrarins.

Nefndinni er heimilt að taka sér til aðstoðar sérfróða menn í einstökum verk-efnum, sem henni eru falin til meðferðar í tillögu þessari. Kostnaður við nefndar-störfin greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin velji sér formann.

Greinargerð.

Það er alkunna, að þúsundir landsmanna hafa nú um hrið haft atvinnu, beint eða óbeint, af viðskiptum við setuliðið eða við framkvæmdir þess í landinu. Fjöldi verkamanna og iðnaðarmanna hefur beinlínis starfað í þjónustu þess, og mörg fyrirtæki hafa verið stofnuð vegna viðskiptanna við það. Margir landsmenn hafa skipt um bústað af þessum ástæðum. Sumir bæir, einkum Reykjavík, hafa vaxið mjög vegna þessarar stundaratvinnu.

Þegar herliðið hverfur úr landi, verður, ef ekkert er að gert, mjög margt fólk atvinnulaust, sennilega svo að þúsundum skiptir. Fyrirtækin, sem stofnuð eru vegna setuliðsins, hljóta þá að hætta störfum að meira eða minna leyti. Sumir munu að visu fá vinnu í þeim atvinnugreinum, sem nú skortir vinnuafli. En það væri fjarstæða að gera sér vonir um, að allur sá mannfjöldi, sem hér er um að ræða, geti horfið fyrirvara- og undirbúningslaust að slíkum störfum.

Fátæk þjóð eins og Íslendingar má ekki við því að láta vinnuafli sitt ónotað. Það tjón, sem atvinnuleysi hefur í för með sér, verður aldrei bætt. Hver ónotaður starfsdagur er glatað verðmæti, sem kemur aldrei aftur. Þess vegna er það eitt af höfuðviðfangsefnum þessara tíma að hafa til reiðu nauðsynlegt verkefni handa þeim, sem að stríðinu loknu eða jafnvel fyrr missa atvinnu sína og eigi komast að störfum við þann atvinnurekstur, sem til er í landinu. En það er seint að leita úrræða, þegar að því er komið, að ráðstafa þarf vinnuaflinu. Verkefnin verða að vera ákveðin fyrirfram, og það eiga að vera þau verkefni, sem þjóðinni er mest nauðsyn að leysa. Sú ógæfa má ekki henda þjóðina, að mönnum verði fengið verk í hönd eingöngu til þess, að þeir séu ekki iðjulausir og hægt sé að greiða þeim kaup. Hin nýju verkefni þarf að velja þannig, að þau miði að því að auka nauðsynlega framleiðslu í landinu, framleiðslu lífsnauðsynja fyrir landsmenn eða seljanlegra útflutningsvara. Að því verður að stefna, að sem allra flestir landsmenn geti stundað atvinnu við slíka framleiðslu.

Hið opinbera verður að hafa fyrirhyggju í þessu máli. En til þess að eitthvað verði aðhafzt, þarf að fara fram rannsókn á því, hver verkefni séu nauðsynlegust og að öðru leyti tiltækilegust, gera sér grein fyrir, hvort þau séu viðráðanleg vegna kostnaðar, hvenær einstökum framkvæmdum ætti að vera lokið o. s. frv. En til slíkrar rannsóknar og ráðagerða þarf tíma. Hér er lagt til, að þetta verði falið millipinganefnd, og njóti hún aðstoðar sérfróðra manna eftir því, sem með þarf, og þá auðvitað fyrst og fremst starfsmanna ríkisins, sem sérþekkingu hafa sakir reynslu eða með öðrum hætti. En stranglega verður að gæta þess, að í þetta sinn fari ekki eins og stundum áður, að raunhæft starf kafni í skýrslusöfnun og skriffinnsku. Í nefndina og til starfa fyrir hana þurfa að veljast glóggir úrræðamenn, sem ekki hafa allt of margt í takinu á sama tíma.

Hér þykir hlýða að rifja upp stuttlega nokkur þeirra verkefna, sem nefndin ber-sýnilega þyrfti að taka til meðferðar. En tæmandi upptalningu á því, sem til mála kynni að koma í þessu sambandi, er auðvitað ekki hægt að gera á þessu stigi málsins.

Rétt er að minna á það, áður en lengra er farið, að nokkrir menn eru nú starfandi að því að gera tillögur um aukningu á raforkuframleiðslu landsins og miklar rafleiðslur um landið frá höfuðaflistöðvum. Sú nefnd, sem hér er um að ræða, ætti á sínum tíma að fella þær tillögur inn í áætlanir sínar um framkvæmdir næstu ára, eftir því sem tiltækilegt þykir. Stórhuga menn hafa lengi haft trú á því, að með því að breyta hagnýtasta vatnsafla landsins í raforku mætti gerbreyta högum þjóðarinnar og vinna stórvirki, sem settu Ísland á bekk með þeim löndum, sem fremst eru í verklegri menningu. Fátækt þjóðarinnar og mannfæð hefur lengi verið henni fjötur um fót og e. t. v. gert hana deigari til framtaks en málefni stóðu til. En mörgum þykir nú sem Íslendingum muni ekki fremur vera þetta átak ofurefli en öðrum þjóðum hin gifurlegu styrjaldarátök, sem ekkert gefa í aðra hönd nema tortímingu.

Nátengd raforkuframleiðslu í stórum stíl er aukning iðnaðarins í landinu. Um skeið hefur verið fyrirhugað að koma upp hér á landi verksmiðjum til að vinna sement og áburð á vegum ríkisins. Ríkið hefur líka haft með höndum áform um að byggja verksmiðju til að hreinsa og herða sildarlýsi. Á sildarverksmiðjum ríkisins er mikil aukning fyrirhuguð. Mikill áhugi er fyrir því að auka skipasmíði og skipaviðgerðir í landinu og smíða hér stærri skip en hingað til. Þannig mætti lengi telja, því að margar tillögur eru uppi, og fullkomlega athugunar þörf, hvað styðja beri og hvaða möguleikar séu fyrir hendi.

Í sveitum landsins er ávallt margt af ungu fólki, sem fær ýmist ekki jarðir til ábúðar eða treystir sér ekki til þess að mynda heimili í sveit, sökum hins mikla

stofnkostnaðar, sem því er samfara að byrja búskap á litt eða óræktuðu landi eða illa hýstum jörðum.

Umhverfis flest kauptún og kaupstaði landsins er mikil þörf aukinnar ræktunar. Jens Hólmeirsson, formaður framfærslumálanefndar ríkisins, sem manna mest hefur kynnt sér þessi mál, hefur komið að þeirri niðurstöðu, að bezt hafi þau þorp og þeir bæir hjargast í erfiðleikum kreppuáranna fyrir stríðið, sem nutu stuðnings af landbúnaði, er byggður var á heyskap á ræktuðu landi. Það er engum vafa undirorpið, að farsælast er fyrir fólkið í sjávarþorpunum að hafa, ásamt útgerðinni, stuðning af landbúnaði. En það þarf að koma málunum í það horf, að heyöflunin taki ekki of mikinn tíma frá aðalstarfinu, sjósókninni.

Eiðt merkasta verkefnið, sem fyrir liggur, er nýtt landnám í sveitum og við sjó, aukin ræktun og stórfelldari en áður hefur þekkt hér á landi.

Ýmsir hafa á það bent, að nýjar framkvæmdir þurfi að eiga sér stað í nýbýlamálunum, þannig, að reist verði nýbýlahverfi á heppilegum stöðum, þar sem landkostir eru góðir, og þurrkun á landi þurfi að eiga sér stað í stórum stíl. Vona menn, að skurðgröfur þær, sem nú er tekið að nota, reynist stórvirkar í þeim efnum.

Framræsla, lagning ræktunarvega og húsaþygingar á nýbýlum verða meðal þeirra verkefna, sem í fremstu röð koma, þegar rætt er um framkvæmdir hér á landi eftir stríðið. Til undirbúnings þarf m. a. að fást yfirlit um, hversu mikið er til af ræktanlegu og hentugu landi, sem ríki og sveitarfélög hafa ráð á, og gera gangskör að því að afla lands, ef skortur er á hentugum svæðum til nýbýlamyndunar eða ræktunar við sjóinn.

Þrátt fyrir miklar framfarir í vegamálum landsins á undanförunum árum er enn svo ástætt í mörgum byggðarlögum, að vegleysi háir framleiðslunni tilfínanlega. Þetta er eðlilegt. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að allir vegir séu lagðir á fáum árum. En hér er verkefni, sem krefst úrlausnar. Það þarf að rannsaka hlutlaust, hvarra vega er mest þörf með tilliti til framleiðslunnar og gera áætlun um lagningu þeirra. Þá þarf sérstaklega að gera endurbætur á þeim vegum, sem ætlaðir eru til flutninga þungavöru langar leiðir, gera vegi þessa trausta og endingargóða og að öllu leyti þannig úr garði, að þeir þoli stór og þung flutningatæki.

Þá fyrst, þegar svo er komið, er hægt að búast við því, að landflutningarnir verði hæfilega ódýrir. Í nánú sambandi við vegamálin standa brúabyggingar, og verða þær að undirbúast og framkvæmast í sambandi við þau.

Viðs vegar um land er skortur á góðum bátahöfnum, og stendur það útgerðinni fyrir þrífum sums staðar. Mikið hefur að vísu verið unnið að umbótum á þessu sviði undanfarin ár, en mikið er ógert. Sérstaka athygli hlýtur að vekja, að engin bátahöfn skuli vera til við sunnanverðan Faxaflóa, í námunda við hin auðugustu fiskimið. Ekki verður með tölum talið það tjón, sem af þessu hlýzt fyrir útvegsmenn. Hafnargerðir og lendingarbætur hljóta að verða meðal þeirra verkefna, sem leysa þarf í náinni framtíð, enda er þar um að ræða mikilsverða undirstöðu að framleiðslu landsmanna. Viða er þörf endurbóta og viða verður að hefjast handa, en stærst einstakra framkvæmda í þessum málum yrði þó bygging framtíðarhafnar við Faxaflóa. Þörfin fyrir slíka framkvæmd er ákaflega brýn, en jafnframt stendur þannig á, að einmitt við Faxaflóann mun verða mest framboð á vinnuafli eftir styrjöldina.

Gera má ráð fyrir, að millipinganeftnd sú í sjávarútvegsmálum, sem væntanlega verður sett á þessu Alþingi, geti gefið góðar leiðbeiningar viðvikjandi framkvæmdum í þessu efni og millipinganeftnd þessi stuðzt við eða byggt á athugunum sjávarútvegsneftndarinnar í þeim málum.

Hér að framan er minnt á nokkur stórfyrirtæki, sem fyrirhugað hefur verið að ráðast í. Sú spurning hlýtur að vera ofarlega í huga hvers hugsandi manns, hvaða rekstrarfyrirkomulag hæfi bezt þessum fyrirtækjum, og í því sambandi hlýtur þeirri hugsun að skjóta upp, að brýn þörf er endurskoðunar á rekstrarfyrirkomulagi stærri atvinnurekstrar í landinu yfirleitt.

Gallar þess fyrirkomulags, sem verið hefur, liggja í augum uppi. Höfuðmeinið er í því fólgið, að þeir, sem við atvinnureksturinn vinna, finna ekki, að þeim sé ætlaður réttmætur hlutur af arði vinnunnar.

Viðhorfið er þvert á móti þannig, og fyrirkomulagið og reynslan gefa tilefni til þess að á því sé alið, að fyrirtækin séu rekin eingöngu með hagsmuni eigendanna fyrir augum, og þess vegna sé um að gera að vera sem harðsnúnastur í öllum skiptum við þau. Afleiðingin verður gagnkvæm tortryggni, og þegar atvinnuvegirnir eiga örðugt uppdráttar, gjalda þeir og þjóðin öll þessarar tortryggni, sem skapast um stórrekstur, sem rekinn er á einhliða samkeppnisgrundvelli. Þessi tortryggni og hagsmunaaðrekstur gerir sum verkefni í atvinnu- og kaupgjaldsmálum lítt leysanleg og þvingar valdhafana stundum til þess að grípa til neyðarráðstafana, sem allir eru óánægðir með.

Reynsla Íslendinga í þessum efnum sýnir, að höfuðnaðsýn ber til að endurskoða fordóma- og hleypidómalaust fyrirkomulag stærri atvinnurekstrar í landinu — fyrst og fremst með það fyrir augum, að þeir, sem að fyrirtækjunum vinna, geti með réttu litið svo á, að fyrirtækin séu rekin til þess að gera almennt gagn og þeim sé ætlaður sanngjarn hlutur, í samræmi við það, sem atvinnureksturinn gefur í aðra hönd.

Er það skoðun flutningsmanna, að þessu marki verði svo bezt náð, að byggt verði á samvinnunni sem aðalgrundvelli við rekstur fyrirtækjanna.

Það hefur mikið verið rætt og ritað um þessi mál og ýmsar tillögur komið fram. Nú er einmitt tími kominn til þess að taka þessi mál fastari tökum en gert hefur verið, áður en hafizt verður handa um stórfelldar nýjar framkvæmdir og um leið og upplausnarástand það, sem nú er í atvinnumálum, knýr til nýrra aðgerða í þeim málum.

Alþingi samþykkti fyrir nokkru lög um að leggja verulegan hluta af tekjuafgangi ríkissjóðs á veltiárunum í framkvæmdasjóð ríkisins, sem varið yrði til framkvæmda að styrjöldinni lokinni. Í sambandi við önnur viðfangsefni ætti nefndin að gera tillögur um notkun þessa fjár. Einnig yrði hún að gera tillögur um öflun fjár, að svo miklu leyti, sem þess yrði þörf, til viðbótar því fjármagni, sem ríkið hefur yfir að ráða.

Nd.

56. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 8. sept. 1941, um húsaleigu.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Í 3. og 4. gr. laganna falli niður orðið „fasteignamatsnefnd“.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Húsaleigunefnd skal í kaupstöðum skipuð 5 mönnum, en í hreppsfélögum 3. Húsaleigunefnd er kosin af viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd til eins árs í senn. Samtímis skulu kosnir jafnmargir varamenn. Kosning er hlutbundin.

3. gr.

9. gr. falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi húsaleigulögum er húsaleigunefnd aðeins í Reykjavík, en þar er hún skipuð af ríkisstjórninni og hæstarétti. Í öðrum kaupstöðum fela lögin fasteignamatsnefndum að gegna störfum húsaleigunefndar og loks eru í hreppsfélögum úttektarmönnum falin þessi mál. Reynslan hefur orðið sú, að þetta fyrirkomulag er með öllu óviðunandi, að minnsta kosti víða úti um land. Þau störf, sem húsaleigulögin fela þessum mönnum, eru mjög margvísleg og vandasöm og framfarir eru þau mjög fjarskyld þeim störfum, sem fasteignamatsnefndir eða úttektarmenn almennt gegna. Menn, sem geta verið ágætlega til þess fallnir að eiga sæti í fasteignamatsnefnd eða vera úttektarmenn, geta verið með öllu óhæfir til þess að gegna hinum margbrotnu og erfiðu störfum, sem húsaleigulögin leggja þeim á herðar. Enda hefur það líka víða komið á daginn, einkum í kaupstöðunum, að fasteignamatsnefndirnar hafa verið til trafala og jafnvel hindrað það, að ýmis góð fyrirmæli húsaleigulaganna kæmu að notum.

Reynslan hefur orðið sú, að það lendir á bæjarstjórnunum og hreppsnefndunum að ráða bót á húsnæðisvandráðunum. Húsnæðislaust fólk getur auðvitað ekkert annað leitað. Það virðist því eðlilegt, að húsaleigunefndirnar séu kosnar af bæjarstjórnunum og hreppsnefndum. Þá eru mestar líkurnar til þess, að í nefndirnar séu valdir hinir hæfustu og duglegustu menn, sem völ er á. Það kemur viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd verst í koll sjálfri, ef hún velur óhæfa menn í þetta starf, af því að húsnæðislaus fólkíð stendur eðlilega á henni.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að bæjarstjórnir eða hreppsnefndir kjósi húsaleigunefndirnar hlutbundnum kosningum til eins árs í senn. Með þessu móti er bæjarstjórnunum og hreppsnefndum veitt það mikið vald yfir nefndunum, að þær geta litið eftir því, að nefndirnar framfylgi húsaleigulögunum, en eins og kunnugt er, hefur verið mikill brestur á því. Reynist nefndirnar illa, er hægt að skipta um menn í þeim að ári liðnu.

Það er engin ástæða til að ætla það, að húsaleigunefndirnar gætu frekar misfarið með vald sitt, þó að þær yrðu myndaðar á þann hátt, sem farið er fram á í frv. þessu. Hitt er vafalaust, að þessi breyting á skipun húsaleigunefndanna mundi leiða til þess, að húsaleigulögin yrðu framkvæmd margfalt betur en nú á sér stað, með þeim afleiðingum, að mikið mundi draga úr húsnæðisvandráðunum.

Nánar í framsögu.

Nd. 57. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

a-liður 8. gr. laganna orðist svo:

Ef hann hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, eða ef hann hefur rekið atvinnu víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans. Löndun afla og útgerð línuveiðabáta frá verstöðvum utan heimilissveitar er ekki útsvarsskyld samkv. þessum staflið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er farið fram á það, að heimild verði gefin til þess að leggja útsvar á atvinnurekstur þar, sem hann raunverulega fer fram. Að vísu er í núgildandi útsvarslögum gefin heimild til þess að skipta útsvörum þeirra gjaldþegna, sem aflað hafa sér tekna sinna í fleiri sveitum en heimilissveit. Þessi ákvæði eru þó mjög ópraktísk og hafa tæpast verið notuð nema ef um launatekjur eða hlutartekjur er að ræða. Ef hins vegar atvinnurekstur, svo sem sildarsöltun á í hlut, koma þessi ákvæði að litlum sem engum notum. Ástæður til þessa eru margvíslegar. Niðurjöfnunarnefnd sú, sem útsvarið leggur á, er oft svo ókunnug atvinnurekstri viðkomanda, þeim hluta hans, sem fram fer í öðrum sveitum, að hún er ekki dómbær um afkomu hans og getur því ekki gert sér réttar skoðanir, ef gjaldþegn heldur upplýsingum fyrir nefndinni eða gefur rangar og villandi upplýsingar. Þá er það og ekki óalgengt, að tekjuþörfin í heimilissveit er svo lítil, að útsvarsupphæðin verður of lág til þess að það borgi sig að krefjast skiptingar. Það hefur líka lengi viðgengizt, að ýmsir atvinnurekendur teldu sig til heimilis í fámennum hreppum, þó þeir hefðu allan atvinnurekstur sinn í kaupstöðunum, til þess eins að komast undan réttmætum gjöldum. Það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, að lítil hreppsfélög gleypi við slíkum óvæntum tekjustofnum, og eru oft mjög „sanngjörn“ í útsvarsálagningu, til þess að eiga það ekki á hættu, að gjaldþegninn flytjist á brott aftur. Skipting útsvaranna útilokar það alls ekki, að menn geti á þennan hátt að miklu leyti sloppið undan lögmetum gjöldum.

Siglufjarðarkaupstaður er sem kunnugt er aðalheimkynni sildariðnaðarins. Þar er oft saltað meira af sild heldur en á öllum öðrum stöðum á landinu samanlagt. Þessi mikla sildarsöltun og sildariðnaður er auðvitað undirrot þess, að kaupstaðurinn varð til. En það segir sig auðvitað sjálft, að bæjarfélagið þarf að leggja í ýmsar framkvæmdir vegna þessa sildariðnaðar, byggja götur og mannvirki og ýmislegt fleira. Það er því eðlilegast, að allur þessi mikli atvinnurekstur, sem þarna fer fram, sé útsvarsskyldur á staðnum. Verulegur hluti sildarsöltunarinnar er hins vegar í höndum manna, sem ekki eiga heimili á Siglufirði og Siglufjörður hefur því ekki fengið útsvar af. Það virðist vera í fyllsta máta sanngjarnt, að atvinnurekstur sé útsvarsskyldur þar, sem hann fer fram. Þess er því að vænta, að háttvirtir þingmenn geti fallizt á þessa breytingu, sem hér er farið fram á.

Það er vert að geta þess hér, að það er orðin skoðun flestra þeirra, sem hafa með álagningu útsvara að gera og annast sveitarstjórnarmál, að það sé með öllu óviðunandi, hve útsvör í hinum einstöku bæjar- og sveitarfélögum eru mishá. Menn með sömu tekjur, sinn í hvoru bæjar- eða sveitarfélaginu, greiða mjög mishá útsvör. Þetta verður til þess, að menn hyllast til að flytja sig að nafninu til í önnur sveitarfélög, til þess að forða sér frá háu útsvari, en slíkur flótti eykur vitanlega mismuninn enn meir. Það er bráðnauðsynlegt, að útsvarslöggjöfin verði öll endurskoðuð, sérstaklega með það fyrir augum að leiðrétta þetta ranglæti. Þess er að vænta, að nú á næslunni verði ráðizt í að endurskoða frá grunni útsvarslöggjöfina.

Þessu frumvarpi er ekki ætlað að leiðrétta þetta. Með því er aðeins, ef að lögum verður, afnumið það óeðlilega ástand, að atvinnurekstur skuli ekki vera útsvarsskyldur þar, sem hann fer fram.

Til þess að fyrirbyggja það, að þessi breyting við útsvarslögin, ef að lögum yrði, geti orðið til þess, að farið væri að leggja útsvör á skip þar, sem þau landa afla sinn, eða línuveiðabáta þar, sem þeim er haldið út, hefur verið sett sérstakt ákvæði í frv. Það væri í fyllsta máta óréttmætt, eins og ástætt er hér á landi um fiskveiðar og verstöðvar, ef hægt væri að leggja útsvör á eigendur skipa og báta þar, sem þau legðu upp afla sinn eða væri haldið út í þann og þann svipinn.

Nánar í framsögu.

Nd.

58. Frumvarp til laga

um virkjun Tungufoss í Rangárvallasýslu.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jóhann Jósefsson, Helgi Jónasson.

1. gr.

Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjakaupstað heimilast að reisa og reka raforku-stöð við Tungufoss í Rangárvallasýslu, til þess að vinna þar raforku til almenningsþarfa, og leggja háspennutaugar um Rangárvallasýslu og streng til Vestmannaeyja, svo og gera afspennistöðvar og þau mannvirki önnur, er með þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu, skal senda atvinnuáráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja, að dómi sérfræðinga, vegna almenningshagsmuna.

3. gr.

Þegar Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar hafa reist orkuverið við Tungufoss og tekið það í notkun, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, sem atvinnuáráðherra staðfestir.

4. gr.

Raforkuverið við Tungufoss selur raforku til nota í Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjum frá fyrirhuguðum háspennulínum á fyrr nefndum stöðum.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 5 milljón króna lán fyrir Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjar til rafvirkjunar samkvæmt lögum þessum, þar með taldar háspennulínur og afspennistöðvar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tungufoss hefur verið mældur og gerð áætlun um virkjun þar. Kemur verkfræðingum saman um, að skilyrði til virkjunar þar séu sérstaklega góð. Aflið er um 6 þús. hestöfl. Má fullyrða, að það er nóg afl fyrir Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjar um langa framtíð, enda þótt ráð sé fyrir því gert, að iðnaður rísi upp í þessum byggðarlögum og fólksfjölgun þar eigi sér stað í stórum stíl.

Það hefur oft verið talað um erfiðleika í sambandi við raflýsingu í sveitum og það ekki að ástæðulausu. En erfiðleikarnir mega ekki vaxa mönnum svo í augum, að þess vegna verði ekkert hafzt að í þessu efni. Framtíð sveitanna er undir því komin, hvaða skilning hv. alþm. og allur almenningur í landinu hefur á þessum málum. Það er kostnaðarsamt að reisa orkuver og leiða rafmagnsnet um allar helztu byggðir landsins, en það er mögulegt og framkvæmanlegt, og m. a. þess vegna er frumvarp þetta flutt.

Byggðin í Rangárvallasýslu liggur að mörgu leyti mjög vel til þess að rafmagnsnetið geti með tiltölulega léttu móti spennt greipar um flesta bæi þar. Þar eru þéttbyggðar sveitir með margs konar skilyrði, frjósamar sveitir, sem liggja vel við samgöngum, sveitir með óteljandi framtíðarmöguleika, enda oft talað um sérstaka möguleika þar fyrir býlafjölgun vegna góðra ræktunarskilyrða. Í sýslunni eru að rísa upp

þorp í sambandi við kaupfélögin, enda munu þau þorp fá góð vaxtarskilyrði þegar rafmagnið er komið, í sambandi við ýmiss konar iðnað. Þá er þar nokkuð stórt sveitaþorp, Þykkvibærinn, með sín góðu framleiðsluskilyrði vegna Safamýrar. Vestmannaeyjar munu nota mikið afl til ljósa og hitunar, auk þess mun þurfa mikið afl þar til ýmiss konar iðnaðar.

Virkjun Tungufoss er fyrirtæki, sem mun bera sig fjárhagslega. Það er því áhættulaust að gefa ríkisábyrgð fyrir þeirri upphæð, sem farið er fram á í frumvarpinu, enda verða eignir fyrirtækisins sem baktrygging fyrir upphæðinni. Nú er unnið að fullkomnari og enn nákvæmari fullnaðarteikningum og kostnaðaráætlun fyrir virkjun á Tungufossi en hinni, sem áður var fengin, og mun þeirri áætlun verða lokið á þessum vetri. Ábyrgðarupphæðin er sett samkvæmt niðurstöðum og áætlun, sem mun vera mjög nærri því, sem verða mun eftir þeirri áætlun, sem nú er verið að vinna að.

Nd.

59. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til þess að tryggja húsnæðislausu fólki húsnæði og um stóribúðaskatt.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

I. KAFLI

Ráðstafanir til þess að tryggja húsnæðislausu fólki húsnæði.

1. gr.

Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum er heimilt að skylda fólk, sem býr í óhæfilega stóru húsnæði, til þess að láta af hendi nokkurn hluta þess til afnota fyrir þá, sem vantar húsnæði.

2. gr.

Nú ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd að notfæra sér heimildina í 1. gr. hér að framan, og kjósa þær þá, hlutbundnum kosningum, nefnd, í kaupstöðum 5 manna, en í hreppsfélögum 3 manna, sem fer með vald bæjarstjórna og hreppsnefnda í þessum málum og annast framkvæmdir. Þessi nefnd úrskurðar allan ágreining, sem upp kann að rísa við framkvæmd I. kafla þessara laga. Úrskurðum hennar má þó skjóta til bæjarstjórna og hreppsnefnda, sem leggja fullnaðarúrskurð á deiluatríðið.

Þessi nefnd, sem nefnist húsnæðisnefnd, hefur fógetavald til þess að framkvæma úrskurði sína. Verði slíkum úrskurðum áfrýjað til hæstaréttar, er skylt að fara með þá áfrýjun svo sem fyrir er mælt í 198. sbr. 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

3. gr.

Ef fólk býr ekki við meira húsnæði, mælt í fermetrum gólfs, en hér segir, er óheimilt að skylda það til þess að láta hluta þess af hendi:

Einhleypur maður yfir 16 ára, allt að	20 m ²
Hjón (barnlaus), allt að	30 —
Hjón með 1 barn innan 16 ára, allt að	35 —
Hjón með 2 börn innan 16 ára, allt að	45 —
Hjón með 3 börn innan 16 ára, allt að	50 —
Hjón með 4 börn innan 16 ára, allt að	55 —
Hjón með 5 börn innan 16 ára, allt að	65 —
Hjón með 6 börn innan 16 ára, allt að	65 —

Í gólfplatarmáli eru aðeins talin íbúðarherbergi.

4. gr.

Nú hefur húsnæði verið tekið til notkunar samkv. þessum lögum, og fer þá um ákvörðun á leiguupphæð og leigumála samkv. ákvæðum laga um húsaleigu, nr. 106 8. sept. 1941.

5. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir geta sett húsnæðisnefndum nánari starfsreglur, ef þurfa þykir.

Hverjum manni eða konu eldri en 21 árs og yngri en 60 ára, með fullri heilsu, er skylt að gegna störfum í húsnæðisnefnd.

II. KAFLI

Um stóribúðaskatt.

6. gr.

Heimilt er bæjarstjórnnum og hreppsnefndum að leggja á stóribúðaskatt samkv. því, er segir í þessum kafla.

7. gr.

Þeir einstaklingar eða fjölskyldur, sem ekki búa í stærra húsnæði en segir í 3. gr. hér að framan, að viðbættum 25% af gólfplatarmáli, þar í talið eldhús, baðherbergi og gangar innan íbúðar, eru undanþegnir stóribúðaskatti samkvæmt lögum þessum.

Sá greiðir stóribúðaskatt, sem íbúð notar, hvort sem hann er eigandi eða leigir hana af öðrum.

8. gr.

Stóribúðaskattur miðast við gólfplöt íbúða, sem fram yfir er það, sem um getur í 7. gr. hér að framan, og skal árlega vera sem hér segir:

Af fyrstu 20 m ²	kr. 5.00 pr. m ²
Af næstu 20 m ²	— 20.00 — —
Af næstu 20 m ²	— 30.00 — —
Af næstu 20 m ²	— 50.00 — —
Þar fyrir ofan	kr. 75.00 pr. m ² .

9. gr.

Stóribúðaskattur skal lagður á í byrjun hvers ár, og skulu bæjarstjórnir eða hreppsnefndir leggja fram skrá yfir skattinn, almenningi til sýnis, ekki síðar en 1. febrúar ár hvert. Um það, hve langan tíma stóribúðaskattskrár skuli liggja frammi, um kærur yfir skattinum og úrskurði á þeim kærum fer samkv. lögum um tekju- og eignarskatt og reglugerð í sambandi við þau lög.

10. gr.

Nú ráðstafar gjaldþegn hluta af húsnæði sínu til húsnæðislauss fólks, eða bæjarstjórn eða hreppsnefnd notar sér heimild 1. gr. laga þessara, og skal þá stóribúðarskattur lækka eða falla niður, eftir því sem við á, frá og með 1. næsta mánaðar eftir að flutt hefur verið inn í þann hluta íbúðarinnar.

11. gr.

Stóribúðaskattur rennur í viðkomandi bæjar- eða hreppssjóð. Gjald dagar skattsins eru 12, síðasta virkan dag hvers mánaðar. Innheimta má stóribúðaskatt með lögtaki.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Húsnæðisvandræðin, einkum í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum landsins, hafa nú um langt skeið verið eitt erfiðasta viðfangsefnið. Hér í Reykjavík er ástandið með öllu óviðunandi, þrátt fyrir það, þótt mikið hafi verið byggt að undanförunu. Á síðast liðnu sumri var safnað skýrslum um húsnæðislaust fólk í Reykjavík. Samkvæmt þeim skýrslum var húsvillt fólk sem hér segir:

Fjölskyldur alls	691
Börn á þeirra vegum	854
Einhleypingar	188
Húsvilltir einstaklingar að meðt. börnum og einhl.	2592

Þetta fólk hírðist á hinum margvislegustu stöðum, í útihúsum, sumarbústöðum, í herbúðum, á hótelum og jafnvel í tjöldum. Það þarf engra frekari orða við til þess að öllum skiljist, hversu gersamlega óþolandi ástand þetta er.

Síðan í sumar virðist nokkuð hafa dregið úr húsnæðisskortinum, enda hefur mikið verið byggt. Þó er enn langt frá því, að þetta vandamál sé leyst, þannig að við sé hlítandi.

Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur, sem haldinn var föstudaginn 4. des. s. l., voru húsnæðisvandræðin í Reykjavík til umræðu, þar eð bæjarstjórn hafði vísað til þess tillögum, er Sósíalístaflokkurinn og Alþýðuflokkurinn höfðu lagt þar fram, um hagnýtingu lítt notaðs og ónotaðs húsnæðis og um skömmtun húsnæðis. Á þeim fundi upplýstist, að 120 manns hefðu nú leitað aðstoðar bæjarins um útvegum íbúða, án þess að fá úrlausn. Af þeim eru 40 fjölskyldur algerlega húsnæðislausar, og flestar af þeim tvístráðar. Sjö þessara fjölskyldna búa í búningsklefum íþróttavallarins. Þeir eru, svo sem kunnugt er, óvönduð skýli, eingöngu ætluð til notkunar að sumri til. Útveggir eru þannig, að bárujárn er klætt á grindina, og síðan þiljað með panel innan á grindina, og sér hver maður, að slíkt hús er engan veginn íbúðarfært yfir veturinn.

Það liggur nú fyrir að bæta úr húsnæðisvandræðum þessa fólks í Reykjavík fyrst og fremst. Það er eftirtektarvert, að þessir 120, sem enn eru húsnæðislausir, hafa ekki getað fengið húsnæði, þrátt fyrir ýmis ákvæði í gildandi húsaleigulögum, sem sett hafa verið til hjálpar húsvilltu fólki. Bráðabirgðalögin, sem gefin voru út í haust og heimiluðu leigunám sumarbústaða, hafa að visu bætt úr vandræðunum, en ekki leyst þau. Það liggur nú fyrir að útvega þessu húsvillta fólki húsnæði og það strax. Hér duga ekki neinar bollaleggingar um að byggja nýjar íbúðir, það er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir, sem koma hinum húsnæðislausu að gagni nú þegar. Tilgangur frv. þessa er einmitt sá að koma húsvilltu fólki að gagni strax með því að fá því til afnota hluta af íbúðum þeirra, er búa í óhæfilega stórum íbúðum. Bæringinn er nú sem stendur að byggja 48 íbúðir, sem húzt er við, að geti orðið tilbúna næstkomandi sumar, enn fremur er mikið af íbúðarhúsum í byggingu, svo að búast má við, að eitthvað af hinu húsvillta fólki geti fengið húspláss bráðlega aftur og þá flutt úr þeim íbúðum, sem það fengi samkv. þessu frv., ef að lögum yrði. Þess ber þó að gæta, að margt af því fólki, sem ekki er beinlínis talið húsvillt og ekki er talið með í nýjustu tölum um húsnæðisvandræðin í Reykjavík, býr í íbúðum, sem ekki eru íbúðarhæfar, allt of köldum og heilsuspillandi kjöllurum og útihúsum. Meðal þessa fólks eru margir þeirra, sem fengu húsnæði í sumarbústöðunum í nágrenni Reykjavíkur í haust, því að margir sumarbústaðanna eru léleg sumarskýli, sem ekki er hægt að búa í yfir veturinn, þó að húsvillt fólk hafi þegið þá til íbúðar í neyð sinni. Með því að skammta húsnæði svipað því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., væri hægt að rýma verstu vistarverurnar, sem fólk hefur orðið að gera sér að góðu að búa í nú í húsnæðisvandræðunum.

Þó að hér hafi eingöngu verið rætt um Reykjavík og húsnæðisvandræðin þar, þá er þó vitað, að í ýmsum öðrum kaupstöðum og kauptúnum er hin mesta húsnæðis-

ekla, þó ekki sé hún eins óhærileg og hér í Reykjavík. Frv. þetta, ef að lögum yrði, mundi víða geta bætt alveg úr húsnæðisvandráðunum og jafnvel gert kleift að leggja niður íbúð í verstu vistarverunum, sem nú eru notaðar þar.

Frumvarp þetta er byggt á þeirri sanngirniskröfu, að sumum einstaklingum þjóðfélagsins verði ekki leyft að búa í óhóflega stóru húsnæði á sama tíma, sem aðrir þegar ráfa um á götunni, verða að leysa upp heimili sín eða sætta sig við að búa í íbúðum, sem ekki eru mönnum boðlegar eða sæmandi. Húsnæðiseklan er ein af orsökum stríðsástandsins, sem þjóðin á að mæta með sameiginlegum aðgerðum. Þjóðin má ekki láta það viðgangast, að húsnæðiseklan niðurlægi suma einstaklinga þjóðfélagsins meðan fjöldi manna býr við húsnæði, sem þeir hafa ekkert með að gera.

Vandræði hinna húsvilltu verða ekki leyst nema því aðeins, að farið verði inn á þær brautir, sem frv. þetta er á, þ. e. að taka húsnæði af þeim, sem mest hafa og óhóflegast, og afhenda það þeim húsnæðislausu og vinna jafnframt gegn því, að menn vilji búa við óhóflega mikið húsnæði, með stóribúðaskatti.

Flm. munu að sjálfsögðu fúsir að taka til athugunar allar breytingar til hins betra á þessu frv.

Hér fara á eftir skýringar við hinar einstöku greinar frv.

Um I. kafla.

Þessi kafla fjallar um skömmtun húsnæðis. Þessi kafla frv. gerir ráð fyrir því, að skömmtun húsnæðis sé aðeins heimild, sem sveitar- og bæjarfélög geti gripið til, ef þess yrði talin þörf. Húsvillt fólk hlýtur að sjálfsögðu að leita til viðkomandi bæjarstjórna eða hreppsnefnda, og þessir valdhafar eru því bezt dómberir um það, hvort þörf sé á því að skammta húsnæði. Það er auðvitað líka eðlilegast, að einmitt sá aðilinn, sem hinir húsvilltu leita til með vandræði sín, hafi vald til þess að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að hjálpa þeim, án þess að vera hindraðir af öðrum. Þar sem tekið yrði til heimilda þessa frv., ef að lögum yrði, mundi að sjálfsögðu verða byrjað á að taka af húsnæði þeirra, sem stærst hafa húsnæðið.

Um 1. og 2. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til að skammta húsnæði, ef þær telja þess þörf. Enn fremur er þar talað um, hvernig framkvæmdum skuli hagað. Það verður að teljast óhjákvæmilegt, að þær nefndir, sem falið yrði að sjá um framkvæmdir, séu kosnar af viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn. Það er eina tryggingin fyrir því, að til starfans verði valdir hæfir og duglegir menn, enda er í lok 2. gr. ákvæði, sem gefur bæjarstjórnnum og hreppsnefndum vald til þess að hafa hönd í bagga með framkvæmdinni, bæði með hag hinna húsvilltu og þeirra, sem húsnæði er tekið af, fyrir augum.

Um 3. gr.

Það er nauðsynlegt að ákveða, hve mikið húspláss megi teljast forsvaranlegt, að fólk hafi. Flutningsmenn væru þó fúsir til þess að taka til athugunar breytingartillögu um endurbætur á þessum stiga. Það getur líka verið mikið álitamál, hvað rétt sé í þessu efni.

Um 4. gr.

Það virðist ástæðulaust að gera þessi mál flóknari en nauðsyn krefur. Þess vegna er talið rétt að halla sér að ákvæðum húsaleigulaga um ákvörðun leigu-upphæðar og leigumála eftir húsnæði, sem tekið væri handa húsvilltu fólki.

Í þessu sambandi vilja flutningsmenn benda á, að það væri ef til vill bezt, að sama nefndin hefði með höndum framkvæmd þessa frv., ef að lögum yrði, og húsaleigulaga, en þó því aðeins, að skipun húsaleigunefndanna yrði breytt

frá því, sem nú er, í það horf, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. þessa frv., að þær verði kosnar af viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Um 5. gr.

Það getur verið þægilegt að setja nefndum þeim, er framkvæma eiga þessi lög, nánari starfsreglur, einkum til þess að fyrirbyggja óþarfa ágang á þá, sem búa í stóru húsnæði.

Um II. kafla.

Þessi kafli fjallar um stóribúðaskatt. Tilgangur stóribúðaskattsins er að vinna á móti því, að menn búi í stærra húsnæði en þeir hafa þörf fyrir. Þeir menn, sem vilja endilega búa við stærra húsnæði en þeir hafa þörf fyrir, verða þá að sætta sig við að greiða sérstakan skatt af því húsnæði, sem þeir hafa umfram það, sem nauðsynlegt getur talizt.

Um 6. gr.

Stóribúðaskatturinn er aðeins heimild, sem bæjarstjórnir þurfa ekki að innheimta nema þær telji þörf á að vinna gegn því, að menn búi í stórum íbúðum. Í sumum bæjarfélögum og sveitarfélögum er ef til vill ekki ástæða fyrir hendi til þess að framkvæma stóribúðaskattinn.

Um 7. gr.

Greinin þarf engra skýringa við.

Um 8. gr.

Í þessari gr. er skattstiginn. Um þennan stiga gildir sama og sagt er um 3. gr., að það er auðvitað álitamál, hvernig hann á að vera. Flutningsmenn taka feginsamlega öllum breytingum, sem horfa til hins betra.

Um 9. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 10. gr.

Tilgangur stóribúðaskattsins felur það í sér, að honum sé létt af jafnskjótt og skattgreiðandi hefur minnkað við sig húspláss.

Um 11. gr.

Allar framkvæmdir skv. þessu frv. eru faldar bæjarstjórnnum og hreppsnefndum. Verði frv. að lögum, er nauðsynlegt, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir hafi sem mesta hvöt til þess að notfæra sér heimildir þess, og því þykir rétt, að stóribúðaskatturinn renni í viðkomandi bæjar- eða hreppssjóð.

Um 12. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Frumvarp þetta er hugsað sem bráðabirgðaráðstöfun aðeins, til þess að bæta úr húsnæðisþörfinni þegar í stað. Þess er því vænzt, að þessu máli verði vel tekið af þingmönnum og að það fái fljóta afgreiðslu.

Nd.

60. Frumvarp til laga

um búfjártryggingar.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal sérstaka deild við Brunabótafélag Íslands og undir stjórn þess, er nefnist Búfjártryggingardeild.

2. gr.

Verkefni Búfjártryggingardeildar er að taka að sér váttryggingu búfjár gegn vanhöldum og slysum, allt eftir þeim nánari reglum, sem lög þessi og reglugerð setja.

3. gr.

Skylt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum:

- a. Kynbótanaut og kynbótahesta, er styrks njóta af opinberu fé og eru til félagslegra afnota.
- b. Bústofn sauðfjárkynbótabúa og annarra kynbótabúa, sem rekin eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti.

Ekki má váttryggja undir þessum lið eldri gripi en hér segir: Kynbótanaut 12 vetra, kynbótahesta 18 vetra, hrúta og ær 6 vetra.

4. gr.

Heimilt er að tryggja í deildinni:

- a. Gegn vanhöldum: Kýr og hrúta.
- b. Gegn slysum af völdum illviðra og sjávarflæðar: Tiltekið búfé eða hópa búfjár.

5. gr.

Váttryggingarupphæð gripa skal ákveðin fyrir fram og með hliðsjón af skattmáti á hverjum tíma. Verðmæti kynbótagripa má þó vera allt að tvöfalt skattmat, eftir því sem váttryggjanda og umboðsmanni Búfjártryggingarsjóðs kemur saman um.

Eindagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingarnar eru skráðar.

6. gr.

Váttryggingarsjóður bætir $\frac{1}{3}$ váttryggingarverðs og því aðeins, að vanhöldin eða slysin séu ekki um að kenna fóðurskort, hirðuleysi eða handvömm eigenda gripanna eða umráðenda, þjónum þeirra eða nánustu erfingjum.

Frá bótum dragast nytjar fjárins eftir hæfilegu máti.

7. gr.

Til vanhalds og slysa samkv. 3. og 4. gr. teljast dauðsföll af sjúkdómum og slysum á meðan hinir váttryggðu gripir eru í gæzlu, hvort sem er í húsi eða í heimahöfum, eftir því sem nánar verður tiltekið í reglugerð.

8. gr.

Allir þeir, sem váttryggja í Búfjártryggingardeild, eru félagsmenn hennar og ábyrgjast, að sjóður hennar geti staðið í skilum. Ábyrgðin er þó takmörkuð við það, að váttryggjendum það ár, er iðgjöldin hrökkva ekki til bóta, er skylt að greiða viðbótariðgjöld allt að 100%. Viðbótariðgjöldin má taka lögtaki í eignum váttryggjanda. Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slysum samkv. 4. gr. b., að iðgjöldin hrökkva ekki til, og skal þá ríkissjóður greiða það, sem á vantar, og er það ekki afturkræft.

Ríkissjóður er í bakábyrgð fyrir varasjóð deildarinnar, en endurgreiða skal

rikissjóði það, sem hann á þann hátt kynni að leggja fram, þó með þeirri undantekningu, er að framan greinir.

9. gr.

Ríkissjóður leggur fram 300 þús. kr., þegar Búfjártryggingardeildin er stofnuð, og er það stofnfé deildarinnar og nefnist Búfjártryggingarsjóður.

10. gr.

Vátryggingar á búfé gilda til þess tíma, sem tiltekið er í vátryggingarskirteininu.

11. gr.

Umboðsmenn Brunabótafélags Íslands skulu vera umboðsmenn Búfjártryggingardeildar. Þeir skrá tryggingarnar, gefa út vátryggingarskirteini, innheimta iðgjöld og aukaiðgjöld og gera á þessu öll skil til félagsins. Þeir skulu vera umboðsmenn deildarinnar við mál um skyldu til bóta og um upphæð bótanna.

Brunabótafélagið getur þó tekið sér sérstaka trúnaðarmenn fyrir Búfjártryggingardeildina.

Nú verður ágreiningur milli umboðsmanns og tjónþola um rétt og skyldu til bóta eða um upphæð bótanna, og skal ágreiningnum þá skotið til gerðardóms þriggja manna. Nefni til sinn mann hvor aðili, en viðkomandi dómari oddamanninn. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrskurður. Skaðabætur greiðast ekki af hendi fyrr en tjón er að fullu sannað og metið.

12. gr.

Nú er búfé, sem vátryggt er samkvæmt lögum þessum, veðsett, og nær þá veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður iðgjöld vegna búfjártrygginga í samráði við forstjóra Brunabótafélags Íslands og stjórn Búnaðarfélags Íslands, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, er fyrir liggja, og aðrar upplýsingar um vanhöld og fjárskaða, er lög þessi ná til og þessir aðilar geta aflað sér á annan hátt.

14. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður nánar með reglugerð verksvið Búfjártryggingardeildar, stjórn, reikningshald, virðingar, iðgjöld, gjalddaga, endurtryggingu, hvernig meta skuli skaða af vanhöldum, hvað telst til vanhalda, sem skylt er að bæta, ábyrgð félagsmanna og annað varðandi búfjártryggingarnar, er þörf krefur, að ýtarlegar sé kveðið á um.

15. gr.

Brjótí vátryggjandi lög þessi eða reglugerð og skilyrði, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í Búfjártryggingarsjóð.

16. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 28 7. maí 1928, um búfjártryggingar.

Greinargerð.

Árið 1928 samþykkti Alþingi lög um búfjártryggingar, þar sem hreppum var heimilað að stofna vátryggingarsjóði, ef fullnægt væri ákveðnum skilyrðum. Lög þessi hafa ekki komið til framkvæmda, þótt nú séu 14 ár liðin síðan þau voru sam-

þykkt á Alþingi. Mun þar mestu um valda skortur á almennum áhuga hjá bændum fyrir slíkum tryggingum og þar af leiðandi örðugleikar á að fá nægan meiri hluta í hreppnum til þess að stofna váttryggingarsjóðina. Lög þessi hafa því steytt á sama skerinu og lög in um váttrygging sveitabæja meðan framkvæmd þeirra var háð samþykktum hreppanna.

Þótt þannig hafi til tekizt, er ýmsum ljóst, að hér er um að ræða eitt af nauðsynjamálum landbúnaðarins. Bætt meðferð og kynbætur hafa stóraukið verðmæti einstakra gripa og heilla búfjargreina. Valdir kynbótagripir og góðar mjólkurkúr eru t. d. ávallt í svo háu verði, að það er hverjum búanda tilfinnanlegt tjón að missa slíka gripi. Fátaekir bændur hafa ekki heldur ráð á að kaupa dýra kynbótagripi nema þeir geti jafnframt váttryggt þá.

Flesta vetur berast fréttir um, að búfé bænda, fleira eða færra, hafi farizt af illviðrum eða sjávarflæði. Er hér skemmst að minnst, er bændur við norðanvert Ísafjarðardjúp misstu nú í haust um fjögur hundruð fjár, sem ýmist fennti eða hrakti í sjó í ofviðri. Tjón bænda, sem missa þannig t. d. nær allt sauðfé sitt á einum sólarhring, er oft enn þá tilfinnanlegra en þó öll bæjarhúsin brynnu óváttryggð.

Alþingi hefur fyrir löngu séð hættuna, sem því er samfara að hafa húsin óváttryggð, og lögleitt skyldutryggingu á íbúðarhúsum, en enn þá eiga bændur þess engan kost að tryggja búfé sitt fyrir slysum.

Eins og nú er komið búnaði hér á landi, verður tæplega um það deilt, að full þörf sé á því, að bændur eigi þess kost að tryggja búfénað sinn fyrir vanhöldum og slysum. Um hitt getur orðið ágreiningur, hvaða leið skuli valin.

Hér er lagt til, að stofnuð verði búfjartryggingardeild fyrir land allt með skyldutryggingu, er nái aðeins til kynbótagripa og kynbótabúa, sem njóta opinbers styrks. Er það gert meðfram til þess, að deildin fái strax fastan stofn, svo hún komist þegar á fót. Að öðru leyti séu tryggingarnar frjálssar, líkt og lausafjartryggingar Brunabótafél. Íslands. Ekki hefur þó þótt fært að taka upp vanhaldatryggingu fyrir allt sauðfé og hross framar en í núgildandi lögum, meðan fóðurtryggingar eru ekki almennt komnar á og mæðiveiki og garnaveiki herja á sauðfjárstofninn.

Brunabótafélag Íslands er að öðrum þræði tryggingarstofnun fyrir sveitirnar, og er því hagfelldast og kostnaðarminnst að fela því einnig alla framkvæmd og stjórn þessara tryggingarmála.

Samkvæmt núgildandi lögum átti rikissjóður að leggja fram 300 þús. kr. sem stofnfé Búfjartryggingarsjóðs. Þessi sjóður varð þó aldrei til nema á pappírnum, því að á kreppearunum var framkvæmd laganna frestað að þessu leyti. Hér er lagt til, að rikissjóður greiði þessa upphæð til Búfjartryggingarsjóðs.

Flutningsmenn hafa við samning þessa frv. notið aðstoðar framkvæmdarstjóra Brunabótafélags Íslands og fengið hjá honum ýmsar mikilsverðar bendingar.

Sp.

61. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um tilhögun flutninga á langleiðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur einróma til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 8. des. 1942.

Gísli Sveinsson,
form., frsm.

Sigfús Sigurhjartarson,
fundaskr.

Jón Sigurðsson.

Páll Zóphóníasson.

Gísli Jónsson.

Ásgeir Ásgeirsson.

Sigurður Þórðarson.

Nd.

62. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1943.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1943 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. er flutt eftir tilmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 46 1942, sem heimila að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942, en þetta frumvarp veitir sömu heimild fyrir árið 1943.

Nd.

63. Frumvarp til laga

um jöfnunarsjóð aflahluta.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Sigurður E. Hlíðar, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Af óskiptum afla hvers íslensks veiðiskips, sem hefur hlutarráðningu (þ. e.: skipshöfnin tekur kaup sitt í hlutdeild í afla), skal í lok hvernna vertíðar greiða 1% af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi, eftir að sameiginlegur kostnaður hefur verið dreginn frá. Útgerðarmaður stendur skil á gjaldinu, og skoðast það geymslufé, eftir að skipti hafa farið fram. Gjald þetta innheimta hreppstjórar og bæjarfógetar, hver í sínu umdæmi, og rennur það óskipt í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður aflahluta. Skal það sent sjóðstjórninni að loknum skiptum eftir hverja vertíð.

2. gr.

Ríkissjóður leggur jöfnunarsjóði fyrsta ár eftir stofnun hans jafnháa fjárhæð og tekjur sjóðsins voru af aflahlutum það ár. Eftir það leggur ríkissjóður sjóðnum árlega fjárhæð, sem jafngildir tekjum hans af aflahlutum frá byrjun, deildum með tölu ára frá stofnun hans.

3. gr.

Skip, sem gerð eru út í sama kaupstað eða sama hreppi, geta myndað sérstaka deild í jöfnunarsjóði, ef útgerðarmenn og starfandi sjómenn í kaupstaðnum eða hreppnum óska þess, og skal þá halda fjárreiðum þeirra deilda aðskildum, þó því aðeins, að deildir þessar hafi með sérstökum samþykktum ákveðið hærri iðgjöld en þau almennu eða aflað sérsjóðum sínum annarra tekna. Framlag ríkissjóðs til þeirra miðast þó ávallt við 1% af afla samkvæmt ákvæðum 1: og 2. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs getur við úthlutun hlutaruppbóta úr sérsjóðum þessum vikið frá hinni almennu reglu, ef ástæða þykir til og óskir koma fram um það frá þeim, sem hlut eiga að máli.

4. gr.

Sjóðnum skal varið þannig: Þegar hlutir á veiðiskipi verða ekki yfir 66% af meðalhlut skipsins 5 síðustu ár, miðað við fullan úthaldstíma, skulu hlutir skips og skipshafnar bættir upp eftir eftirfarandi reglum, meðan fé sjóðsins endist, sbr. þó síðustu málsgrein þessarar greinar:

Hafi aflahlutur orðið 60—66% af meðalhlut 5 síðustu ára, skal hann bættur úr jöfnunarsjóði með 30% af því, sem á vantar meðalhlut. Hafi aflahlutur orðið lægri en 60% af meðalhlut, hækkar uppbótin við hvern hundraðshluta, sem aflahluturinn lækkar, um 1% af því, sem á vantar meðalhlut, þar til uppbótin er orðin 50%, sem er hámark uppbótar.

Hafi skip gengið til veiða skemur en 5 ár, þegar til uppbótar kemur, skal miðað við meðalhlut sambærilegra skipa í sömu eða næstu veiðistöð.

Við úthlutun úr sjóðnum til hlutaruppbóta má aldrei ganga nær honum en svo, að úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ár í senn. Fiskveiðasjóður Íslands annast daglegar framkvæmdir og reikningshald sjóðsins, fyrir þóknun, er stjórnnum sjóðanna kemur saman um. Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, ákveður, hver stjórnarnefndarmanna skal vera formaður stjórnarinnar. Hann ákveður stjórninni þóknun fyrir störf hennar.

6. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs geymir fé sjóðsins, og skal það ávallt geymt í banka.

7. gr.

Í reglugerð jöfnunarsjóðs aflahluta má setja ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, eins og nauðsynlegt þykir, þótt ekki sé sérstaklega ráð fyrir þeim gert í lögum þessum, þó svo, að þau fari ekki í bág við nein ákvæði laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni og þetta hefur þrisvar áður verið flutt í þessari deild. Það var fyrst flutt á þinginu 1939 af 1. flutningsmanni þessa frumvarps. Það frumvarp var samþ. í neðri deild, en „dagaði uppi“ í efri deild. Sami flutningsmaður flutti frumvarpið aftur, lítið breytt, á þinginu 1940. Þá var því vísað til ríkisstjórnarinnar með fyrirmælum um, að hún léti undirbúa og semja fyrir næsta Alþingi frumvarp um hlutatryggingar. Það frumvarp kom ekki fram á þingi 1941, og flutti því hinn sami flutningsmaður, ásamt þm. Akureyrar, enn frumvarp um þetta efni á fyrsta þingi þessa árs. Því frumvarpi var einnig vísað til ríkisstjórnarinnar.

Vegna mærgendurtekinna tilmæla fiskimanna víðsvegar af landinu, höfum við flutningsmenn þessa frumvarps ráðizt í að flytja það nú í fjórða sinn. Um rökstuðning þykir nægilegt að vísa til greinargerða fyrir hinum fyrri frumvörpum, einkánlega greinargerðarinnar, er fylgdi frumvarpinu 1939. 1. flutningsmaður þessa frumvarps hafði þá með aðstoð Fiskifélags Íslands reiknað út, hverjar tekjur sjóðsins af aflahlutum yrðu á ári, miðað við aflabrögð næsta ár á undan, árið 1938. Samkvæmt aflabrögðum og verðlagi það ár hefðu tekjur þessar orðið 140 þús. kr. Enga þýðingu getur haft að reikna þessar tekjur út eftir aflamagni og verðlagi stríðsáranna, því byggja verður á venjulegu árferði.

Að lokum skal fram tekið, að allur landslýður mun sammála um það, að nota beri hinar miklu tekjur stríðsáranna til þess að tryggja svo sem unnt er afkomu manna á komandi árum. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, er einn þátturinn í þeim tryggingarráðstöfunum, auk þess tilgangs, sem frá er skýrt í greinargerðinni 1939.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar

um flugmál Íslendinga.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ingólfur Jónsson, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, í samráði við Flugfélag Íslands, rækilega athugun á því, hvernig og hvar byggingu flugvalla og flugskýla verði fyrir komið, þannig að flugsamgöngur geti í nánustu framtíð hafizt með reglubundnum og tryggum hætti við alla landshluta. Verði unnið að því að koma upp ákveðnu kerfi lendingarstaða fyrir landflugvélar og flugskýla og dráttarbrauta fyrir sjóflugvélar. Skal undirbúningur þessi framkvæmdur með það fyrir augum, að ríkissjóður veiti Flugfélagi Íslands og flugmálunum í heild öflugan stuðning.

Greinargerð.

Flugtækninni hefur á s.l. árum fleygt örar fram en nokkru sinni fyrr. Ríkastan þáttinn í þessari öru þróun á það, hve mikilvægt hlutverk flugvélar vinna í styrjöld þeirri, sem nú geisar. En enda þótt flugvélar séu nú, m. a. af þessum sökum, einkar mikilvægar, bendir þó allt til þess, að í framtíðinni, þegar friður ríkir á ný, hafi þær stórkostlega þýðingu fyrir samgöngur landanna og því meiri sem fullkomnun tækninnar hefur skapað stóraukið öryggi í þessum efnum.

Í flestum löndum Norðurálfu var einnig svo komið, áður en styrjöldin brautz út, að reglubundnum og kerfisbundnum flugsamgöngum hafði verið komið á. Hér á Íslandi er þessum málum skammt komið. Má þó óhikað fullyrða, að allir staðhættir í þessu landi séu slíkir, að öruggar flugsamgöngur væru ein stórkostlegasta samgöngubót, sem þjóðinni yrði veitt. Ber því brýna nauðsyn til þess að hefjast handa um undirbúning slíkrar samgöngubótar.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, byggist á trú flm. á þá framtíðarþýðingu flugsamgangna, sem hér hefur verið lýst. Þar er lagt til, að framkvæmd verði ýtarleg athugun á því, hvar heppilegastir staðir séu fyrir lendingarstaði flugvéla á sjó og landi. Við ákvörðun slíkra staða verði stefnt að því, að flugsamgöngunum verði komið í ákveðið kerfi og landsmönnum þar með tryggðar eins reglubundnar og öruggar flugferðir til farþega- og póstflutnings og veðurfar landsins frekast leyfir.

Þær framkvæmdir, sem fylgja þurfa í kjölfar slíkra staðaáakvarðana, er bygging flugvalla, flugskýla og dráttarbrauta fyrir sjóflugvélar á þeim stöðum, er flugvallagerð væri ókleif. Sýnist eðlilegt og sjálfsgagt, að ríkið annaðist slíkar framkvæmdir eins og vega-, sima- og brúargerðir.

Aðalatriði þessa máls er það, að litið verði á slíkar framkvæmdir í þágu flugsamgangnanna í sambandi við heildarlausn samgöngumála landsmanna. Flugid er að vísu yngsti þáttur samgangnanna. En þrátt fyrir það er þessi þáttur ef til vill sá merkilegasti. Með auknum hraða í þjóðlífinu hafa þarfirnar til greiðleika samgangnanna stórvaxið. Þessar þarfir þjóðlífsins uppfyllir flugið öllum samgönguleiðum betur. Með tillögu þessari er hvatt til þess, að þessi mál verði tekin fastari tökum en hingað til og þeirri staðreynd gefinn nánari gaumur, að flugið hlýtur að verða einn mikilsverðasti þátturinn í samgöngumálum Íslendinga í framtíðinni, í senn innanlands og jafnvel landa á milli.

Flugmálum Íslendinga hefur lítið verið sinnt á síðustu árum, nema af einstökum áhugamönnum, sem þar hafa unnið mikilsvert brautryðjandastarf við þröngar aðstæður. Ræðir hér fyrst og fremst um Flugfélag Íslands, sem nú mun vera orðið ríflega 5 ára gamalt. Hefur það félag notið styrks úr ríkissjóði, sem þó verður að teljast mjög óverulegur. Ber nauðsyn til þess, að félagið verði framvegis styrkt öflugar. Til fróðleiks skal á það bent hér, að síðan Flugfélagið hóf farþegaflug hér, hafa flugvélar þess farið hátt á þriðja þúsund flugferðir til ýmissa staða á landinu. Á þessum ferðum hafa verið flognir yfir $\frac{1}{2}$ milljón km, 4500 farþegar verið fluttir og nær 9 þús. kg af pósti. Auk þess hafa flugvélar félagsins flogið í sildarleit og orðið sildarútgerð landsmanna að miklu liði. Félagið á nú tvær flugvélar, litla sjóflugvél og tveggja hreyfla landflugvél.

Áhugi landsmanna fyrir flugsamgöngum fer mjög vaxandi. Skortir því mjög á, að Flugfélagið geti rækt hlutverk sitt eins og æskilegt væri. Lendingarstaðir á landi eru fáir og ófullkomnir og flugskýli fyrir sjóflugvélar vantar.

Það er tilgangur flm., að með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu komist aukinn skriður á þetta þarfa framfaramál. Með henni er stefnt að aukinni markvísí í einum þýðingarmesta þætti í samgöngumálum þjóðarinnar. Hinar miklu fjarlægðir milli afskekkttra byggða og landshluta hafa á liðnum öldum skapað Íslendingum margs konar örðugleika. Flugtæknin hefur sigrað þá. Hún hefur fært hina afskekktu landshluta í þjóðbraut og gefið framtíðinni glæsileg fyrirheit.

Sp.

65. Nefndarálit

um till. til þál. um útvarpsfréttir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin var sammála um, að varast bæri eftir megni að útvarpa nokkru því á þessum tímum, er draga mætti athygli óvinabjóða að siglingum að eða frá landinu og á þann hátt, ef til vill, stuðla að aukinni áhættu íslenskra farmanna og íslenskra skipa, en sá er einn tilgangur með flutningi þáltill. á þskj. 3.

Nefndin kom sér því saman um, eftir að hafa kynnt sér bréf útvarpsstjóra til Alþ., dags. 27. f. m., og þó sérstaklega með tilliti til tillögu hans í niðurlagi bréfsins, að afgreiða málið til ríkisstjórnarinnar með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin, í samráði við ríkisútvarpið og aðra viðkomandi aðila, setji um þetta mál þau ákvæði, er hún telur nauðsynleg og framkvæmanleg, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. des. 1942.

Gísli Sveinsson, form.	Gísli Jónsson, frsm.	Jón Sigurðsson.	Sigurður Þórðarson.
Páll Zóphóniasson.	Sigfús Sigurhjartarson, fundaskr.	Ásgeir Ásgeirsson.	

Nd.

66. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Aftan við frvgr. bætist nýir liðir sem hér segir:

1. Á eftir B. 8 í 2. gr. vegalaga, nr. 101 1933, komi nýr liður:
Hnappadalsvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bilduhóli á Skógarströnd.
2. Í stað orðanna í VI. lið laga nr. 109 1940: „*Eyrarsveitarvegur*: Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit og Eyrarsveit að Gröf í Grundarfirði“, komi:
Eyrarsveitarvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit og Eyrarsveit út fyrir Búlandshöfða.
3. Á eftir VI. lið laga nr. 109 1940 komi nýr liður:
Fróðárhreppsvegur: Frá Ólafsvíkurvegi um Fróðárhrepp að Búlandshöfða.
4. 8. liður í vegal., nr. 101 1933, 2. gr. B., orðist svo:
Hellusandsvegur: Frá Ólafsvík, undir Ólafsvík-Enni, til Hellusands.
5. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 109 14. maí 1940.

Nd.

67. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

1. másl. 1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar í Hafnarfirði veitast úr ríkissjóði allt að 1000000.00 kr.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 2000000.00 kr. lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að sú ein breyting verði gerð á hafnarlögum fyrir Hafnarfjörð, að framlag ríkissjóðs og ábyrgðarheimild vegna hafnargerðar þar verði þrefölduð, framlagið hækkað úr 333000.00 kr. í 1000000.00 kr. og ábyrgðarheimildin hækkuð úr 667000.00 kr. í 2000000.00 kr.

Þegar hafnarlögin voru sett, árið 1929, var gert ráð fyrir aðeins einum hafnargarði til skjóls frá suðurlandinu og innsiglingu milli norðurenda hans og lands. Var garður þessi þá áætlaður um kr. 1000000.00 og hafnarlögin miðuð við þá upphæð. Við síðari athuganir kom í ljós, að heppilegra mundi vera að hafa garðana tvo, og hefur nú verið ákveðið að byggja þá svo. Snemma á síðastliðnu ári var hafizt handa á hafnargerðinni. Var byrjað á norðurgarðinum, og hefur verið unnið við hann síðan. Garðurinn er nú kominn um 165 m fram og hefur kostað um 800000.00 kr., eftir því sem

næst verður komizt. Vantar enn 85 m á, að garðurinn nái 250 m lengd, eins og upphaflega var áætlað, og með núverandi verðlagi má ætla, að hann kosti þá allur fullbyggður um 1,5 millj. kr. Er þá suðurgarðurinn eftir, en gert hefur verið ráð fyrir, að hann kostaði svipaða upphæð og norðurgarðurinn.

Nokkuð af hækkun þessari stafar, eins og vænta má, af hinni almennu verðhækkun, en að nokkru leyti stafar hækkunin af því, að garðarnir hafa nú verið ákveðnir tveir, í stað eins áður, sem að vísu var áætlaður lengri en hvor þessara um sig, en hins vegar styttri en þeir báðir til samans.

Þó að skjólgarðar þessir verði byggðir, er samt langt frá, að hafnarbyggingu í Hafnarfirði sé þar með lokið. Innri hafnarvirki, svo sem bátahöfn, aukið legupláss fyrir stærri skip og dýpkun á nokkrum hluta hafnarsvæðisins, eru mál, sem bíða úrlausnar.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt einróma tilmælum hafnarnefndar Hafnarfjarðar.

Nd. 68. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar á Hornafirði veitist úr ríkissjóði $\frac{2}{3}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 200000.00 — tvö hundruð þúsund kr. — gegn $\frac{1}{3}$ úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Með kostnaði við hafnargerð teljast nauðsynlegar dýpkanir á höfninni og innsiglingaleiðinni.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Hafnarkauptúns kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þótt Höfn í Hornafirði sé mikil útgerðarstöð og eini afgreiðslustaður strandferðaskipanna við suðurströnd landsins, þegar Vestmannaeyjar eru frá teknar, er höfnin þar engan veginn svo örugg fyrir afgreiðslu skipa sem vera þyrfti.

Það er því óhjákvæmilegt að gera þar allmiklar hafnarbætur, enda er fyrirhugað að hefjast handa um það mjög bráðlega. Lögin um hafnargerð í Hornafirði, sem sett voru 1935, mæla svo fyrir, að ríkissjóður greiði kostnað við hafnarbæturnar að $\frac{2}{3}$ hlutum á móti framlagi hafnarsjóðs að $\frac{1}{3}$ hlutum. Þar sem kaupgjald og verðlag í landinu hefur gerbreytt frá því að lögin voru samin, er augljóst, að

upphæð sú, sem ákveðin er í lögnum, hrekkur hvergi nærri til að standast kostnað við þær hafnarbætur, sem fyrirhugaðar eru og gera þarf á þessum stað.

Sökum þess er frv. þetta, sem gerir ráð fyrir verulegri hækkun á fjárframlögum til umbóta á höfninni, flutt.

Ed. 69. Fyrirspurn

til forsætisráðherra um friðhelgi ríkisstjóra Íslands.

Frá Kristni E. Andréssyni.

Nýtur ríkisstjóri Íslands engrar sérstakrar verndar að lögum gegn aðkasti í dagblöðum? Eru viðeigandi um ríkisstjóra ummæli eins og þau, sem viðhöfð eru af Jónasi Jónssyni í grein í Tímanum 8. þ. m. undir fyrirsögninni „Nýtt kaupkröfufélag og ríkisstjóri“, þar sem ríkisstjóri er m. a. talinn „verndari sérstakra uppivöðsluseggja í þjóðfélaginu“?

Nd. 70. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Sigurður Þórðarson, Jón Sigurðsson, Garðar Þorsteinsson, Páll Zóphóniasson.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi á svæðinu frá Geirólfsgnúpi á Ströndum, austur um land að Bjarnarey norður af Héraðsflóa skulu veiðar með dragnótum bannaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní og frá 1. september til 31. desember ár hvert, og á svæðinu frá Bjarnarey sunnan um land að Geirólfsgnúpi frá 1. janúar til 15. maí og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir bruttó eða meira, bannaðar allt árið.

Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnnum, með samþykktum, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héruðum. Enn fremur er sýslunefndum Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Norður-Múlasýslu heimilt á sama hátt að banna með öllu dragnótaveiði á Skagafirði innan línu úr Selnesi á Skaga um norðurenda Málmeyjar í Hrollleifshöfða, á Eyjafirði innan línu þvert yfir fjörðinn um norðurenda Hriseyjar, og í Norður-Múlasýslu a) á Bakkafirði innan við línu frá Gunnólfsvík í Svartnes og b) á Vopnafirði innan við línu, sem dregin er milli Hámundarstaðatungu og Böðvarsdals.

2. gr.

Á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta“ í 8. gr. laganna bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26 12. febr. 1940, um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu þingum hafa flutt verið frumvörp, er hníga í svipaða átt og þetta frv. gerir, að takmarka dragnótaveiði í landhelgi. Þessi frv. hafa þó ekki orðið að lögum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að dragnótaveiðar í landhelgi hafa löngum verið óvinsælar meðal sjómanna víða um land. Formælendur slíkra veiða hafa haldið því fram, að úr mundi rakna um óvinsældirnar, er tímar liðu. En því fer þó fjarri, að svo sé. Mest og almennust mun þó óánægjan vera meðal sjómanna á Norðurlandi, einkum í Skagafirði og Eyjafirði, þar sem sótt er mest á innfjarðamið á opnum vélbátum og árabátum. Þeir, sem slíkan útveg stunda, telja dragnótina valda sér svo miklum búsigfum í aflatjóni og veiðarfæra, að til auðnar horfi um atvinnuveg þeirra, nema úr verði bætt. Mörg rök hníga í þá átt, að með þeim ákvæðum, sem nú gilda, gangi dragnótaveiðin of nærri flatfiskstofninum við strendur landsins, og væri þetta eitt ærin ástæða til þess, að friðun væri aukin. En fleira kemur til. Á fjörðum inni eru uppeldisstöðvar allra nytjafiska vorra, og er því augljóst mál, hvers virði það er, að ránsveiði verði ekki liðin þar. Í fjörðunum er botni þannig farið, að víða má koma dragnót við, og þegar þar er þéttskipað dragnótabátum, má ljóst vera, að af því leiðir hinn mesta ránskap, þar sem hvorki er þyrmt ungfiski né sézt fyrir um veiðivon þeirra manna, sem leita á sömu fiskistöðvar með öðrum og smátækari veiðarfærum.

Í fjölmennu áskorunarskjali til Alþingis frá sjómönnum í Skagafirði segir svo:

„Vér undirritaðir sjómenn og alþingiskjösendur í Skagafjarðarsýslu leyfum oss hér með að skora á þingmenn kjördæmisins að flytja á næsta Alþingi frumvarp um bann við dragnótaveiðum á Skagafirði. Vér erum þess fullvissir, að verði ekki dragnótaveiðar hér á Skagafirði bannaðar með lögum, þá er lokið öllum smábátaútvegi hér. Það er ekkert eftirlit hægt að hafa með veiðum þessara dragnótabáta, og stunda margir þeirra veiðar sínar á ólöglegan hátt, toga við land og hafa botnvörpu. Það má segja, að á meðan dragnótaveiði er ekki bönnuð með öllu, þá sé nokkurs konar botnvörpuveiði liðin inni á fjörðum og flóum, og vita allir, hvaða afleiðingar slíkt hefur fyrir fiskveiðar á innfjörðum.“

Á þingi 1941 fluttu þingmenn þeir úr Norðlendingafjórðungi, er þá áttu sæti í Nd., frv. um sama efni og þetta. Var þar ákveðið að banna dragnótaveiðar í íslenskri landhelgi á tímabilinu frá 1. sept. til 1. júní ár hvert. En við meðferð málsins var því mjög haldið upp, að slíkt bann mundi ganga nærri hagsmunum útgerðarmanna á Austurlandi og Vestfjörðum, einkum fyrir þá sök, að þar var þá talin tundurduflahætta á djúpmiðum. Með tilliti til þessa var á Alþingi 1942, vetrarþinginu, flutt frv. um þetta sama efni og þar látið að mestu sitja við sama og verið hefur um dragnótaveiði fyrir öðrum landshlutum en Norðurlandi. Svo er og gert hér í þessu frv. Þó er sá háttur upp tekinn með frv. þessu, ef að lögum verður, að sýslunefndum Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Norður-Múla-sýslna er gefin heimild til þess að banna dragnótaveiði í fjarðarbotnum Skagafjarðar, Eyjafjarðar, Bakkafjarðar og Vopnafjarðar, innan tiltekinnar lína. er um getur í frv. Er þetta gert vegna þess, að á þessum svæðum er mikið um sandbotn og því hægt að gersópa þar upp allri veiði með dragnót og taka þannig bitann frá munnri smábátaeigenda, er búa við fjarðarbotnana. T. d. er það svo, að á þessu svæði í Skagafirði eru gerðir út 40—50 smátrillubátar til fiskveiða, og er augljóst af því, hversu mikill fjöldi manna það er, sem byggir afkomu sína á þessari útgerð, sem nú bregzt stórlega vegna hinna óþolandi miklu dragnótaveiða, sem viðhafðar eru á fiskistöðum smábátanna og vafalaust verður þess valdandi, að smábátaútgerð þessi leggst niður með öllu, ef frv. þetta nær ekki fram að ganga.

Nð.

71. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

Flm.: Áki Jakobsson, Finnur Jónsson, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs sex millj. króna lán fyrir Siglufjarðarkaupstað til virkjunar samkvæmt lögum þessum, þar með taldar háspennulínur og afsþennistöðvar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efni frv. þessa er það sama og þáttill., sem flutt var af Áka Jakobssyni, Garðari Þorsteinssyni, Finni Jónssyni og Einari Árnasyni í sameinuðu þingi í sumar. Þáttill. þessi varð ekki afgreidd á því þingi. Þingmaður Siglufirðinga, Áki Jakobsson, hefur ritað fjárveitinganefnd bréf og farið þess á leit, að nefndin flytti ábyrgðarheimild þá, sem felst í þessu frv., sem breytingartillögu við fjárlagafrv. Eftir að það bréf var skrifað, hafa ýmsar beiðnir um ríkisábyrgðir svipaðar þessari, sem hér um ræðir, komið fram í frv.formi, auk þess verður að telja það eðlilegt, að til séu lagafyrirrnæli, þegar veittar eru stórar ríkisábyrgðir. Með þessu frv. er ætlað til þess, að ábyrgðarheimildin verði felld inn í lögum um virkjun Fljótaár í Skagafirði.

Hvað viðvikur rökstuðningi fyrir beiðni Siglufjarðarkaupstaðar um, að ríkisstjórninni verði heimilað að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs 6 millj. króna lán til virkjunar Fljótaár í Skagafirði, vísast til greinargerðarinnar fyrir þáttill. frá síðasta þingi og þeirra fylgiskjala, sem henni fylgja.

Siglufjarðarkaupstaður hefur, í fullu trausti þess, að hann fengi þá ábyrgðarheimild, sem farið er fram á í þessu frv., þegar gert samning um kaup á vélum og efni til virkjunarinnar og síðar gert samning við A/S Højgaard & Schultz um framkvæmd virkjunarinnar, og eru undirbúningsframkvæmdir þegar hafnar.

Til enn frekari upplýsinga um, hvernig nú horfir með virkjun Fljótaár, er birt hér sem fylgiskjal álitgerð Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra um málið.

Fylgiskjal.

Varðandi virkjun Skeiðsfoss.

Kostnaðaráætlun um virkjun Skeiðsfoss í Fljótum var endurskoðuð í maí 1942 og leiðrétt samkv. þáverandi verðlagi. Samkvæmt þeirri áætlun átti virkjunarkostnaður á aflstöð með tvennum vélum, háspennulínu til Siglufjarðar og aðalspennistöð þar að kosta 5 milljón krónur, og var þetta talin gætileg áætlun, þannig að með óbreyttu verðlagi átti ekki að vera hættla á auknum kostnaði. Auk þess var kostnaður við aukningu innanbæjarkerfisins, lántökukostnaður og vaxtaþap á byggingartíma áætlað 1 millj. krónur, og átti fjárhæðin, er tiltekin var um kostnað bæjarkerfisins, einnig að vera rífleg, svo að ekki þótti líklegt, að heildarkostnaður færi fram úr áætlunum.

Síðan hafa orðið miklar breytingar á verðlaginu hér innanlands, verkalaun og flutningskostnaður stigið allmikið, svo og farmgjöld á vörum til landsins.

Samkvæmt nýrri endurskoðun nú í okt.—nóv. 1942 nemur hækkun á verkalaunum, farmgjöldum og flutningskostnaði innanlands nærri 750000 kr. En hins

vegar hefur ekki fengizt leyfi hjá Bandaríkjustjórn nema fyrir annarri vélasamstæðunni, og nemur það um 750000 kr., sem kostnaðarverðið lækkar við það að kaupa aðeins aðra samstæðuna.

Er því engin breyting á kostnaðarverðinu, 6 millj. kr., en breytingin er aðeins sú, að nú er það ein vélasamstæða, sem fæst í stöðina, það er 2350 hestafla vélasamstæða, í stað tveggja á samtals 4700 hestöfl. Reiknað í kilowöttum fæst nú 1600 kw. út úr stöðinni með fullnotuðu vélaafli. Að öðru leyti verða vatnsvirki stöðvarinnar byggð óbreytt fyrir tvennar vélasamstæður, og allt útbúið til þess, að setja megi þær upp undireins og þörf verður á þeim og hægt er að fá þær, en það mun ekki verða fyrr en eftir núverandi styrjöld. Með tvennum vélum, eins og ráðgert var í sumar, verður þá kostnaður stöðvarinnar ekki hærri en 6750000 kr., eða 12,5% hærri en áætlað var í sumar. Með 6 millj. kr. stofnkostnaði og 1600 kw. afli er stofnkostnaður 3750 kr. á hvert kilowatt til jafnaðar, og árlegur rekstrar-kostnaður um 375 kr. á hvert kilowatt. Til samanburðar við þessa tölu má geta þess, að núverandi rafveita Siglufjarðar hefur nú 700 kr. árstekjur á hvert kilowatt til jafnaðar, og Rafmagnsveita Reykjavíkur hafði árið 1940 um 260 kr. heildar-tekjur á hvert kw. mestu notkun í stöð, árið 1941 360 kr. og yfirstandandi ár yfir 400 kr. Með núverandi verðlagi er því ekki hætt á, að virkjun Skeiðsfoss geti ekki staðið á tryggum fótum fjárhagslega, þótt aflið sé ekki meira en 1600 kw.

Sé reiknað með 3000 manns í Siglufirði, svarar aflið til 533 watta á mann til jafnaðar og með núverandi stöð (300 kw.) 633 wött á mann. Til samanburðar við þetta má geta þess, að Reykjavík og Hafnarfjörður saman, með 44000 manns, hafa nú 270 wött á mann til jafnaðar, og eftir næstu aukningu (væntanlega haustið 1943) 377 wött á mann. Verður því Siglufjörður mun betur staddur með rafmagn með einni vélasamstæðu en Reykjavík og Hafnarfjörður nú.

Reykjavík, 16. nóv. 1942.

Steingr. Jónsson.

Nd.

72. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Bakkagerði í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 150 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Borgarfjarðarkauptúns að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið

verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Borgarfjarðarkauptúns. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimt að yfirmati, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju kauptúnsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Borgarfjarðarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Borgarfjarðarkauptúns allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Borgarfirði, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Borgarfjarðarlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Bakkagerðis- og Bakkalandi í Borgarfjarðarhreppi er Borgarfjarðarkauptún reist. — Íbúar þess lifa mest á sjósókn, en eiga þó flestir nokkrar skepnur, enda hefur verið gert meira að því þar en í flestum öðrum kauptúnum að auka ræktun og útvega þorpsbúum ræktað land. Þótt landbúnaður þannig sé nokkur og hafi meðal annars mjög stutt að því að bæta afkomu manna, sérstaklega í misjöfnum aflaárum, þá er sjósókn eða fiskiveiðar fyrst og fremst aðalatvinnuvegur þorpsbúa. Mjög háir það þó þeim atvinnuvegi, að lendingarskilyrði eru eins og þau geta verst verið. Fjórðurinn er stuttur og liggur beint við úthafinu, og fyrir flæðarmáli kauptúnsins er ekkert var, svo kvikan brotnar jafnt fyrir allri strandlengjunni. Innan við sjálft kauptúnið er þó vogur — Fiskivogur —, og er þar meira aðdýpi. Þar hefur verið gerð bryggja, er ríkissjóður hefur styrkt með 2000 kr., sem bátar geta lagzt að í sléttum sjó. En annars verður að lenda í fjörunni og draga skip öll á land, milli róðra, ef hætta er á, að sjór ókyrrist. Hins vegar eru fiskimið góð, og fjórðurinn einn sá aflasælasti á Norðausturlandi, þegar hægt er að róa. Nú eru tæpir 20 bátar í þorpinu, og eru það allt litlir bátar, enda ekki möguleikar til sjósóknar á stærri bátum. Vegna þessarar aðstöðu verða róðrardagar fáir, þó misjafnt sé eftir árferði.

Vitamálastjóri hefur athugað möguleika til lendingarbóta og telur, að með því að steypa bryggju, sem þá jafnframt verði nokkurs konar brimbrjótur, megi gera mögulegt fyrir bátana að róa, þó að ylgja sé nokkur, svo róðrardagar gætu mjög fjölgað, afli aukizt og afkoma manna batnað. Telur hann í fyrra, að bryggja sú, er hann hefur gert áætlun um, muni kosta um 190 þús. kr. En síðan hafa allir kostnaðarliðir hækkað, og má nú gera ráð fyrir, að hún kosti 250—300 þús. krónur.

Í frumvarpi því, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir, að ríkið beri hálfan kostnað við bryggjugerðina og að það ábyrgist auk þess lán, sem hreppurinn kynni að taka til að standast hinn hluta kostnaðarins.

Annars mundi verða reynt að framkvæma verkið á mörgum árum og taka kostnaðinn heima fyrir sem mest með gjafavinnu, svo lántöku yrði sem minnst þörf, enda vafasamt, undir hve miklum lánnum lendingarbótasjóður gæti staðið.

Nd.

73. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Framan við frvgr. bætist nýr rómverskur liður:

Á eftir staflíð b IV. í lögum nr. 72 23. júní 1936 komi nýr staflíður, c, svo hljóðandi:

Kiðjabergsvegur: Frá Suðurlandsvegi hjá Hraungerði um brú á Hvítá hjá Kiðjabergi að Biskupstungnabraut hjá Fossi.

Sþ.

74. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Hvítá hjá Iðu í Árnessýslu.

Flm.: Erikur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera brú á Hvítá hjá Iðu, svo fljótt sem nokkur kostur er á framkvæmd slíks mannvirkis, og heimilar fé úr ríkissjóði, er nægi til þeirrar brúargerðar.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar í samræmi við þá, sem hér er flutt, var borin fram á Alþingi fyrir á þessu ári, en varð þá ekki útrædd. Vísast hér til greinargerðar, er fylgdi þeirri tillögu. Er þar í aðalatriðum tilgreind ástæða fyrir því, að brúargerð þessi er sérstaklega aðkallandi.

Nd.

75. Frumvarp til laga

um notkun byggingarefnis.

Flm.: Finnur Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

Meðan örðugleikar eru á innflutningi byggingarefnis til landsins, má aðeins nota það, sem til er í landinu eða inn verður flutt af timbri, sem hæft er til húsa- bygginga, steinlími og steypustyrktarjárni, svo sem hér segir:

1. Til íbúðarhúsa bygginga, er miðast við meðalþarfir hvernar fjölskyldu til sjávar og sveita eftir stærð hennar.
2. Bygginga í þarfir framleiðslunnar, sem nauðsynlegar teljast.
3. Opinberra framkvæmda og bygginga, svo sem brúargerða, hafnargerða, vita- bygginga, sjúkrahúsa, skólahúsa, sundlauga o. þ. h.

Undanþegið þessu ákvæði er timbur það, sem notað er til nýbygginga skipa eða til viðhalds þeirra.

2. gr.

Hvers konar bygging óhófsibúða og verzlunarbúða er bönnuð, unz fullnægt hefur verið eftirspurn eftir byggingarefni skv. 1. gr.

3. gr.

Íbúðarhús, sem eru í byggingu þegar lög þessi öðlast gildi og eru að íbúðarstærð svo sem segir í 1. gr., svo og byggingar verkamannabústaða samkv. lögum um verkamannabústaði og byggingar í sveitum, sem styrkur er veittur til úr Byggingar- og landnámssjóði, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir með byggingarefni.

4. gr.

Starfandi húsaleigunefndir í kaupstöðum skulu hafa með höndum úrskurð um úthlutun byggingarefnis, og má ekkert byggingarefni afhenda án samþykkis húsaleigunefndar, annað en það, sem nauðsynlegt er til viðhalds húsa þeirra, sem fyrir eru. Sýslunefndir skulu, þar sem svo hagar til, kjósa 3 manna nefnd til þessara sömu starfa. Úrskurðum nefnda þessara má skjóta til viðkomandi bæjar- eða sýslunefnda. Laun nefndanna greiðist af viðkomandi bæjar- eða sýslusjóði. Þar sem svo hagar til, að sveitabúar sækja verzlun í kaupstað, skal húsaleigunefnd taka hæfilegt tillit til þarfa sveitarinnar til húsabygginga.

5. gr.

Ríkisstjórnin felur gjaldeyris- og innflutningsnefnd að úthluta byggingarefni milli hinna einstöku sveitarfélaga, að undangenginni rannsókn á þörf hvers sveitarfélags.

6. gr.

Öll keðjuverzlun með byggingarefni er stranglega bönnuð, svo og sala á leyfum fyrir byggingarefni.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 50 þús. krónum. Sömu refsingu varðar að brjóta skilyrði, sem nefndirnar, er starfa samkv. lögum þessum, kunna að hafa sett um notkun byggingarefnis. Mál vegna brota skulu sæta meðferð almennra lögreglu mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar eð miklir örðugleikar eru á innflutningi byggingarefnis til landsins, og það svo, að til vandræða horfir með húsnæði víða um land, telja flm. brýna nauðsyn til, að hið opinbera hafi aukna íhlutun um notkun þess umfram það, sem nú gerist. Í frv. er gert ráð fyrir, að byggingarefni það, sem fæst, sé fyrst og fremst notað til byggingar íbúðarhúsa til sjávar og sveita, og stærð hvernar íbúðar miðuð við þarfir meðalfjölskyldu, þá sé það notað til bygginga í þágu framleiðslunnar og loks til opinberra bygginga, sem nauðsynlegar teljast, en hvers konar óhófs- og verzlunarbyggingar séu bannaðar.

Enn fremur er í frv. gert ráð fyrir, að sérstakar nefndir starfi til þess að hafa með höndum úrskurð um úthlutun byggingarefnis innan sveita, og að hvers konar keðjuverzlun með það sé stranglega bönnuð, en gjaldeyris- og innflutningsnefnd skipti byggingarefni milli hinna einstöku héraða.

Fr. er ætlað að koma í veg fyrir, að byggingarefni sé varið til ónauðsynlegra bygginga, þar eð fjöldi manna hefur nú ekkert skýli yfir höfuðið, og gildi lög þessi meðan vandkvæði eru á um innflutning byggingarefnis.

Nd.

76. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Höfn, Nyrðri-Skútu, Syðri-Skútu, Neðri-Skútu og Staðarhóli í Siglufirði.

Flm.: Áki Jakobsson, Garðar Þorsteinsson, Finnur Jónsson.

1. gr.

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi eftirfarandi jarðir í Siglufirði:

1. Höfn, þann hluta, er kaupstaðurinn á ekki þegar.
2. Staðarhól.
3. Nyrðri-Skútu.
4. Neðri-Skútu.
5. Syðri-Skútu.

Enn fremur nær eignarnámsheimildin til allra lóða og landa, sem seld hafa verið úr löndum þessara jarða og bæjarstjórn telur bænum nauðsynlegt að eiga.

2. gr.

Eignarnám það, sem um ræðir í 1. gr. hér að framan, skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar, sem telur bæjarfélaginu mikla nauðsyn á því að eignast þessar jarðir, og var samþykkt gerð um þetta í bæjarstjórninni 6. des. s. l. Með þessu frv., ef að lögum verður, getur bæjarstjórn eignast allar jarðir innan Siglufjarðar.

Í landi jarðarinnar Hafnar stendur suðurhluti kaupstaðarins, eða frá svokölluðum Tynesarkróki og suður á takmörk kaupstaðarlóðarinnar. Höfn er að $\frac{15}{16}$ hlutum í eign einstaklinga, en Siglufjarðarbær á $\frac{1}{16}$, en hefur auk þess keypt nokkurn hluta af sjávarréttindum jarðarinnar, með stækkun hafnarinnar fyrir augum. Það hefur sýnt sig, að það er bæjarfélaginu til hins mesta gagns að eiga landið, sem bæirnir standa á. Kaupstaðirnir hafi mikið betri aðstöðu til þess en ella að ráða því, hvernig bærinn byggist, einkum með tilliti til þess að geta lagt að nýjum húsum götur, rafmagnsleiðslur og vatnsæðar. Verði stækkuð höfnin í Siglufirði, með byggingu garðs út í svokallað „Anlegg“ og dýpkun hafnarinnar þar fyrir norðan og tilheyrandi uppfyllingu á svæðinu fyrir sunnan, er óhjákvæmilegt, að bæjarfélagið eignist það, sem eftir er af sjávarréttindum jarðarinnar Hafnar.

Jarðirnar Efri- og Neðri-Skúta og Staðarhóll eru einu jarðirnar í sjálfum Siglufirði, að Höfn undanskildri, sem kaupstaðurinn á ekki þegar. Siglufjarðarbær hefur smám saman verið að kaupa upp jarðirnar í firðinum og er nú eigandi jarðanna Hóls, Leynings, Skarðdals, Skarðdalskots og Saurbæjar. Á Hóli rekur bærinn kúabú með yfir 40 mjólkandi kúm. Hólsland er of lítið fyrir það bú, og því hefur bærinn tekið fleiri jarðir til afnota fyrir það.

Í frv. þessu er farið fram á það, að Siglufjarðarkaupstaður fái eignarnámsheimild á þessum þrem jörðum, svo að bæjarfélagið eigi allan innfirðinn. Bæjarstjórnin — en samkvæmt hennar beiðni er frv. þetta flutt — óskar þess að geta með því að eiga landið í innfirðinum búið það til ræktunar, ýmist á þann hátt, að það verði notað af bæjarfélaginu sjálfu, og þá í sambandi við kúabú þess á Hóli, eða afhent einstaklingum til ræktunar og nýtingar.

Siglufjörður er umluktur háum fjöllum á alla vegu og hefur engar samgöngur við önnur héruð nema sjóleiðis. Ræktun í firðinum er því mjög nauðsynleg einmitt vegna þess, hve samgöngur eru örðugar.

Nánar í framsögu.

Sp. 77. Tillaga til þingsályktunar

um endurgreiðslu á fé byggingarsjóðs verkamanna.

Flm.: Þóroddur Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn að greiða nú þegar til byggingarsjóðs verkamanna þann hluta af ágóða af rekstri tóbakseinkasölu ríkisins, með vöxtum og vaxtavöxtum, sem samkv. 14. gr. 1. nr. 58 8. sept. 1931 átti að renna til byggingarsjóðs verkamanna, en ríkissjóður hefur fengið að láni.

Greinargerð.

Samkv. 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um tóbakseinkasölu ríkisins, er ákveðið, að helmingur af tekjum tóbakseinkasölnunnar skuli renna til byggingarsjóðs verkamanna. Það var ein af aðalforsendum fyrir því að stofna til tóbakseinkasölnunnar, að helmingurinn af tekjum hennar átti að renna til byggingarsjóðs verkamanna og hinn helmingurinn til byggingar- og landnáamssjóðs. En þrátt fyrir þetta hefur þessu ákvæði ekki verið framfylgt í mörg ár, en hagnaðurinn af tóbakseinkasölnunni verið tekinn í ríkissjóð. Lagafyrirmælin, sem sett hafa verið í því skyni að áskilja ríkissjóði þessar tekjur, hafa verið nefnd lög um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, og hafa slík lög verið samþykkt hvað eftir annað.

Þessi bráðabirgðaákvæði eru raunverulega ekki annað en það, að ríkissjóður fær þetta fé til afnota sem bráðabirgðaráðstöfun, þ. e. að láni, vegna þeirra fjárhagsörðugleika, sem ríkissjóður hefur verið í síðan árið 1932 fram að stríðinu. Nú eru hins vegar ástæður ríkissjóðs góðar, en hins vegar brýn nauðsyn fyrir því að byggja nýja verkamannabústaði víða á landinu. Það er því ekkert eðlilegra en að ríkissjóður greiði nú þetta fé aftur til byggingarsjóðs verkamanna.

Ed. 78. Frumvarp til laga

um framkvæmd á IV. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Frá ársbyrjun 1943 skal Lífeyrissjóður Íslands greiða fullan elli- og örorkulífeyri samkvæmt IV. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (elli- og örorkutryggingar), og nánari fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Árlegur elli- og örorkulífeyrir (grunnlífeyrir) skal vera sem hér segir:

Í Reykjavík: Fyrir einstakling 1500 kr.; fyrir hjón 2200 kr.

Í kaupstöðum: Fyrir einstakling 1400 kr.; fyrir hjón 2100 kr.

Í kaupsýnum með yfir 300 íbúum: Fyrir einstakling 1200 kr.; fyrir hjón 1800 kr.

Annars staðar: Fyrir einstakling 1000 kr.; fyrir hjón 1500 kr.

Lífeyririnn greiðist mánaðarlega, að viðbætti fullri verðlagsuppbót vegna þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á framfærslukostnaði síðan jan.—marz 1939 samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar.

3. gr.

Bæjar- og sveitarsjóðir greiða Lífeyrissjóði Íslands árlega upphæð, sem fæst með því að margfalda tölu þeirra gamalmenna og öryrkja í bæjar- eða sveitarfélaginu, sem rétt hafa til lífeyris samkvæmt IV. kafla laga um alþýðutryggingar, með $\frac{1}{4}$ hluta elli- og örorkulífeyris fyrir einstakling, að viðbætti fullri verðlagsuppbót samkvæmt 2. gr.

Ríkissjóður greiðir Lífeyrissjóði árlega jafnháa upphæð og bæjar- og sveitarfélögin samanlagt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. þetta var flutt í Ed. á vetrarþinginu 1942, og fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

„Síðan lögin um alþýðutryggingar gengu í gildi, hefur aðbúð gamalmenna og öryrkja aldrei verið eins óviðunandi og nú, er hin mikla breyting hefur orðið á þjóðarhag landsmanna vegna styrjaldarinnar. Aldrei hafa kjör þessa fólks verið jafnbágorin, að svo miklu leyti sem kemur til kasta hins opinbera. Og aldrei hafa verið jafngóðar ástæður til að húa vel að þessu fólki og einmitt nú.

Það er því vissulega tími til þess kominn, að Lífeyrissjóður Íslands verði látinn koma til fullra framkvæmda og gamalmennunum og öryrkjunum tryggður skilyrðislaus réttur til ákveðins lífeyris. Og lífeyririnn verður að vera svo hár, að þeim, sem hans nýtur, sé að minnsta kosti með ýtrasta sparnaði gert kleift að framfleyta lífinu. Annars eru tryggingarnar kák eitt. Og það eru þær með því fyrirkomulagi, sem nú er á þeim.

Með frv. þessu er lagt til, að mjög veruleg breyting verði á öllu tryggingakerfinu. Þegar lögin um alþýðutryggingar voru sett, voru elli- og örorkutryggingarnar hugsaðar fyrst og fremst sem persónutrygging, þar sem ætlazt er til, að hinir tryggðu kosti trygginguna að mestu sjálfir, en njóti þó stuðnings hins opinbera. Með þessu móti verður tryggingin hvorki fugl né fiskur. Fyrir þeirri kynslóð, sem nú er komin á fullorðinsár, verður að sjá með sérstökum hætti. Reynslan hefur nú þegar sýnt, hvers virði sú forsjá er. Hitt hefur reynslan líka sýnt, að þeir, sem greiða iðgjöld frá 16 ára aldri, geta ekki vænt þess að fá boðlegan lífeyri í ellinni samkvæmt þeim reglum, sem ellitryggingin er byggð á. Það fyrirkomulag að safna sjóðum, sem ætlazt er til, að standi undir tryggingunni í fjarlægri framtíð, er svo óheppilegt, að það ber tafarlaust að hverfa frá því með öllu.

Með þessu frv. er ætlazt til þess, að horfið verði af þessari braut og elli- og örorkutryggingarnar færðar í það horf, að þær verði fyrst og fremst þjóðfélagstryggingar, bornar uppi af þjóðfélagsheildinni og með ákveðnum og skýlausum þjóðfélagslegum réttindum til handa þeim, sem þeirra eiga að njóta. Það er að visu nauðsynlegt, að nokkur sjóðssöfnun eigi sér stað, ekki til þess að standa undir tryggingunni í fjarlægri framtíð, þegar sjóðurinn kann að vera orðinn einskis virði, heldur til þess að nægilegur varasjóður sé jafnan fyrir hendi.

Framlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða eru að visu allhá samkvæmt frumv. þessu, eins og nú standa sakir nokkuð hátt á þriðju milljón króna, að viðbætti verðlagsuppbót frá hvorum aðila. En með því ætti líka að vera séð fyrir framfærslu alls þess fólks, sem hlut á að máli. Er þá að athuga, hvort tekjur lífeyrissjóðs mundu nægja til að standa undir skuldbindingum hans og fyrir hæfi-

legri aukningu sjóðsins. Það liggur í hlutarins eðli, að úr þessu getur reynslan ein skorið. En þessar tekjur ættu að nægja til þess að greiða í lífeyri upphæð, sem svarar því, að allt að 70% allra öryrkja og gamalmenna 67 ára og eldri fengju greiddan fullan lífeyri, eins og nánar mun skýrt í framsögu. Á árunum 1937—1939 fengu aðeins 59,7%—62,6% gamalmennanna nokkurn styrk, og mikill meiri hluti þeirra aðeins lítils háttar glaðning samkv. 1. lið 80. gr. alþýðutryggingalaganna. Svo virðist því, sem þessar tekjur ættu vel að nægja. Hins vegar er sjálfsagt, að tækifærið sé notað til þess að safna sem mestu í sjóð, þegar fjárhagur hins opinbera og þjóðarhagurinn yfirleitt stendur með blóma. En að sjálfsögðu verður að endurskoða ákvæðin um tekjuhliðina jafnskjótt og reynsla er fengin.“

Sp. 79. Tillaga til þingsályktunar

um verðuppbætur á útflutt refa- og minkaskinn.

Flm.: Sigurður Þórðarson, Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða úr rikissjóði verðuppbót á útflutt refa- og minkaskinn af framleiðslu árunum 1941 og 1942 eftir neðanskráðum grunntölum, að viðbætti meðal-verðlagsvísitölu fyrir hvert ár.

Silfurrefaskinn, 1. flokkur (úrvalsskinn)	kr. 40.00
Silfurrefaskinn, 2. flokkur (meðalgóð skinn)	— 20.00
Silfurrefaskinn, 3. flokkur (léleg skinn)	— 10.00
Blárefaskinn, 1. flokkur (úrvalsskinn)	— 20.00
Blárefaskinn, 2. flokkur (meðalgóð skinn)	— 10.00
Blárefaskinn, 3. flokkur (léleg skinn)	— 5.00
Hvítrefaskinn, 1. flokkur (úrvalsskinn)	— 10.00
Hvítrefaskinn, 2. flokkur (meðalgóð skinn)	— 5.00
Hvítrefaskinn, 3. flokkur (léleg skinn)	— 3.00
Minkaskinn, 1. flokkur (úrvalsskinn)	— 10.00
Minkaskinn, 2. flokkur (meðalgóð skinn)	— 5.00
Minkaskinn, 3. flokkur (léleg skinn)	— 3.00

Söluverð skinnanna erlendis sé lagt til grundvallar fyrir flokkuninni.

G r e i n a r g e r ð .

Það hefur þegar verið samþykkt að greiða verðuppbætur á aðrar landbúnaðarvörur eða ákveða innanlandsverð á þeim, sem gengur í sömu átt. Virðist ekki sanngjarnt að ganga fram hjá loðskinnaframleiðslunni, sem á nú mjög í vök að verjast vegna verðbólgunnar og er háð verðlagi því á landbúnaðarvörum, sem gildir fyrir innanlandsmarkaðinn. Getur atvinnugrein þessi naumast staðið undir þeirri verðhækkun á fódurvörum, sem leiðir af hinu lögskipaða verði landbúnaðarafurða, auk annarra útgjaldahækkana, svo sem vinnulauna o. fl., enda er talið, að loðdýrabúin muni nú mjög mörg leggja niður og hætta rekstri í vetur. Verður frekara hrún ekki stöðvað, nema með verulegum styrk úr rikissjóði.

Loðdýraræktinni má telja það til gildis, að hún styður annan landbúnað með því að kaupa meira og minna háu verði mikið af kjöti, sem ekki er mannelishæft og ella yrði ekki neins virði. Hún notar einnig fiskúrgang frá hraðfrystihúsunum og fleiri fódurefni, sem annars fengist lítið eða ekkert verð fyrir. Erendis er loðdýraræktin mikils metin fyrir þá atvinnu, sem hún veitir, og það útflutningsverðmæti, sem hún skapar, og virðist geta orðið það líka hér, ef henni væri nægilegur sómi sýndur. Má í því sambandi benda á Noreg, sem síðustu árin fyrir stríð flutti út refa- og minka-

skinn fyrir tugi milljóna króna og veitti, að því er talið er, 20 þúsund manns atvinnu við þessa framleiðslu.

Fyrir framleiðslu ársins 1940 var veittur styrkur út „Bretasjóði“, er nam kr. 40.00 fyrir hvert silfurrefaskinn og kr. 20.00 fyrir hvert blá- og hvítrefaskinn, og er litið svo á, að úr því að þessi styrkur var talinn hæfilegur þá, þá megi að miklu leyti leggja hann til grundvallar fyrir styrkveitingu yfir það tímabil, sem síðan er liðið. — Minkaskinn voru ekki verðbætt úr „Bretasjóði, en mjög hefur þrengt að þessari framleiðslu síðan, vegna takmarkaðs framboðs á ódýru fiskmeti, og svo mun mikill hluti eða mestur hluti minkaskinnanna frá 1941 seljast fyrir lægra verð en áður.

Þegar verðuppbótin úr „Bretasjóði“ var veitt, þá var greidd sama upphæð á hvert skinn án tillits til gæða. Þetta álitum vér fráleita aðferð, af því að hún örvar ekki til vöruvöndunar. Íslensk refa- og minkaskinn geta til jafnaðar ekki farið fram úr því að vera 3. flokks vara á heimsmarkaðinum. Sem rök fyrir því máli skal geta þess, að íslensk silfurrefaskinn voru á árunum 1939 til 1940 skýrslufærð í Bandaríkjum Norður-Ameríku sem verðlægst allra innfluttra silfurrefaskinna, eins og sjá má í erlendum blöðum frá þeim tíma. Einstakar ættir innan íslenska silfurrefastofnsins munu þó vera nægilega góðar til framleiðslu á fyrsta flokks vöru eftir erlendum mælikvarða. — Mestur hluti íslenska blárefastofnsins er alls ekki undaneldishæfur, og mestur hluti þeirra minka, sem notaðir eru í innanlandsframleiðslunni, gefa verðminni skinn en talið er erlendis, að geti á nokkurn hátt borgað sig lengur að framleiða. Eru þeir út af minkunum, sem fluttir voru inn um áramótin 1931 til 1932, fyrstu minkum, sem komu til landsins. Þó eru til dágóðar minkaættir, sem síðan hafa verið fluttar inn, en þó eru ekki hæfar til meira en góðrar 2. flokks framleiðslu, þegar miðað er við erlendar markaðskröfur. Eru þá taldir sem fyrsti flokkur minkar þeir, sem nú eru að breiðast út í Ameríku og þegar hafa náð til Svíþjóðar. Hafa þeir fegurra hárafar og betri skinn en minkar hér á landi nú.

Af framansögðu ætti að vera ljóst, að þörf er hvatningar og uppörvunar til vöruvöndunar með því að veita fyrsta flokks vöru meiri viðurkenningu en lakari, því á hinni fyrr nefndu hlýtur framtíð íslenzkrar loðdýraræktar vitanlega að byggjast. Hefur því verið horfið að því ráði í tillögunni að skipa loðskinnaframleiðslunni niður í þrjú flokka til verðuppbóta eftir þeim gæðum, sem um getur verið að ræða innanlands, úrvalsskinn, meðalgóð skinn og léleg skinn. Má reikna með, að minnst verði af úrvalsskinnum og að framleiðslan 1942 hafi sérstaklega mikið af lélegum skinnum. Er því talið, að grunntala meðal-verðuppbótar muni ekki reynast fjarri því, sem uppbótin úr „Bretasjóði“ var á sínum tíma.

Rétt er að geta þess hér, að nýlega hefur verið ákveðin í Kanada nokkur verðuppbót úr ríkissjóði fyrir framleidd silfurrefaskinn, og er veitt full uppbót fyrir úrvalsskinn (choice quality), en aðeins hálf uppbót fyrir venjuleg skinn (regular quality).

Það hefði verið æskilegt, að flokkun loðskinna til verðuppbótar hefði getað farið fram áður en skinnin eru send úr landi (framleiðslan 1942), en þar sem hér er ekki til neinn fagmaður í flokkun loðskinna, sem skinnasölufirmu erlendis mundu taka tillit til, virðist réttast og umsvifaminnst eins og til hagar að flokka skinnin eftir erlenda söluverðinu. Að úthluta verðuppbót, sem væri í ósamræmi við raunverulegt söluverð, gæti orðið til að vekja óánægju og jafnvel tortryggni meðal seljenda.

Orsakirnar til þess, að hér er aðeins framleidd 3. flokks skinnavara, eru þær, að þekking loðdýraeigenda á atvinnu sinni er enn á mjög lágu stigi. Þeir fylgjast alls ekki með þeirri öru framþróun, sem á sér stað í þessum málum erlendis. Vita blátt áfram ekkert um, hvað er að gerast þar, af því að ekkert birtist um slíkt á prenti hér á landi, og útlend timarit sjá þeir ekki. Til samanburðar má benda á, að í Ameríku er talið sjaldgæft að hitta loðdýraeiganda, sem ekki er kaupandi að a. m. k. tveimur loðdýraræktartímaritum, og er því aðstaða þessara tveggja aðila næsta ólík til framleiðslu sinnar.

Nd.

80. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1942.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Sigurður Guðnason, frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.
Emil Jónsson.	Jón Sigurðsson.	

Ed.

81. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Á eftir fyrri málsg. 2. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin sér hverjum þeim þingmanni, sem búsettur er utan Reykjavíkur, fyrir leigulausum bústað á meðan á þingi stendur, ef hann óskar þess. Þeir utanbæjarþingmenn, sem sjálfir sjá sér fyrir húsnæði, skulu fá húsaleigustyrk eftir mati þingfararkaupsnefndar. Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað og að verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess. Rekstrarkostnaður þingmannabústaðar telst með alþingiskostnaði. Til bráðabirgða er og ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Með frv. þessu er í fyrsta lagi lagt til að lögfesta þá venju, sem komst á fyrir nokkrum árum, fyrir forgöngu þingfararkaupsnefndar, að Alþingi greiddi, að minnsta kosti að nokkru, húsaleigu utanbæjarþingmanna yfir þingtímann (húsaleigustyrkurinn). Að utanbæjarþingmenn fái leigulausan bústað meðan á þingi stendur, er auðvitað alveg sjálfsagt réttlætismál, og verða þó kjör þeirra samt sem áður miklu lakari á allan hátt heldur en þeirra þingmanna, sem búsettir eru í Reykjavík. En framangreind venja hefur ekki tvímælalausa stöð í lögum, og virðist því sjálfsagt að lögfesta hana.

Í öðru lagi er lagt til í frv., að utanbæjarþingmönnum verði tryggður bústaður yfir þingtímann. Er það brýn nauðsyn, því á undanfórnum þingum hefur það oft legið við borð, að sumir utanbæjarþingmenn gætu ekki setið á þingi sökum þess, að þeir fengu ekki húsnæði, og þó að vinir þeirra og vandamenn hafi að nokkru leyst vandræðin með því að hafa þá sem gesti í íbúðum sínum og sýnt þeim hina mestu gestrisni, þá geta þingmenn ekki á þann hátt fengið þau starfsskilyrði, sem nauðsynleg eru. Auk þess er afar óviðkunnanlegt, að þingmenn þurfi þannig að nota sér gestrisni einstakra heimila og þrengja að heimilisfólki.

Aukaþinginu s. l. sumar voru ljós þessi vandkvæði, og ályktaði það „að skora á ríkisstjórnina að tryggja alþingismönnum þeim, sem eiga heima utan Reykjavíkur, húsnæði yfir þingtímann framvegis“. En mistök urðu á framkvæmd þessarar ályktunar, t. d. urðu ýmsir þingmenn að bíða allengi eftir að fá húsnæði samkv. henni. Þá mun og í fyrstu hafa staðið til, að sumir þeir þingmenn, sem útvegað var húsnæði, yrðu að greiða allmikið af húsaleigunni úr eigin vasa, en það var auðvitað þvert á móti tilgangi þingsályktunarinnar. Virðist því auðsætt, að einföld ályktun þingsins um þetta nægi ekki, heldur þurfi lagaákvæði um rétt þingmanna til húsnæðis.

Vera má, að núverandi húsnæðisvandræðum í Reykjavík létti fljótlega. En þótt svo færi, sem óskandi er, munu alltaf verða ýmis vandkvæði á því fyrir utanbæjarþingmenn að fá sér viðunandi húsnæði. Er því samþykkt þessa frv. eða aðrar aðgerðir í sömu átt nauðsynlegar, einnig vegna framtíðarinnar.

Ed.

82. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, er verði 8. og 9. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

- a. (8. gr.) Þegar sveitar-, bæjar- eða sýslufélög reisa sjúkrahús samkvæmt lögum þessum, skal ríkissjóður leggja fram að hálfu stofnkostnað þeirra, enda hafi verið veitt til þess fé í fjárlögum og uppdráttur sjúkrahúss og útbúnaður samþykktur af viðkomandi trúnaðarmönnum ríkisins.
- b. (9. gr.) Nú er sjúkrahús, sem sveitar-, bæjar- eða sýslufélög reka, sótt að verulegu leyti af sjúklingum, sem ekki eiga heimili í viðkomandi sveitar-, bæjar- eða sýslufélagi, og skal þá ríkissjóður taka þátt í rekstrarkostnaði viðkomandi sjúkrahúsa, þannig, að hann greiði fyrir hvern legudag þeirra sjúklinga, sem ekki eiga lögheimili í sveitar-, bæjar- eða sýslufélagi því, er sjúkrahúsið rekur, sem svarar $\frac{1}{3}$ hluta daggjalds viðkomandi sjúkrahúss, enda mega þá eigi daggjöld utan-sveitarsjúklinga vera hærri en innansveitar.

Ákvæði þetta rýrir eigi greiðsluskilyldu ríkissjóðs vegna sérstakra sjúkdóma samkvæmt öðrum lögum.

Rekstrarstyrkur þessi úr ríkissjóði skal greiddur ársfjórðungslega, eftir á, samkvæmt endurskoðuðum skýrslum sjúkrahúsanna um legudaga utansveitar-sjúklinga.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 30 19. júní 1933 og gefa þau út svo breytt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breyting sú á lögum um sjúkrahús o. fl., sem frumvarp þetta felur í sér, er annars vegar, að lagt er til, að þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði sjúkrahúsa, sem reist eru af sveitarfélögum, bæjar eða sýslu, sé bundin í lögum, sem eigi hefur verið, og jafnframt aukin úr $\frac{1}{3}$ hluta stofnkostnaðar, sem venja hefur verið, í það, að ríkissjóður greiði stofnkostnaðinn að hálfu móti viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi. Hins

vegar sú, að ríkissjóður létti undir með rekstri þeirra sjúkrahúsa, sem mikið eru sótt af utansveitarsjúklingum, með því að greiða sem svarar $\frac{1}{3}$ hluta daggjalds viðkomandi sjúkrahúss fyrir hvern legudag þessara sjúklinga.

Flm. lítur svo á, að með þeim búskaparháttum þjóðarbúsins, sem nú eru hér, sé eðlilegt, að kostnaður við að koma upp slíkum nauðsynjastofnunum fyrir almenning, sem sjúkrahús eru, skiptist að jöfnum hlutum milli sameiginlegs sjóðs þjóðarbúsins og þess héraðs, sem sjúkrahúsið er sérstaklega reist fyrir. Það mundi líka greiða nokkuð fyrir, að þau héruð landsins, þar sem mikil þörf er sjúkrahúsa, kæmu byggingu þeirra í framkvæmd, ef aðstoð ríkisins til þess væri aukin þannig.

Svo sem kunnugt er, hefur rekstur sjúkrahúsa hér verið byggður á því aðallega, að sjúklingar greiddu daggjöld fyrir kostnaði af sjúkrahúsvist sinni. Þessi daggjöld þurfa að vera mjög há, ef þau eiga að nægja fyrir rekstrarkostnaði sjúkrahúsanna, enda mun venjan sú, að meiri eða minni rekstrarhalli verði á almennum sjúkrahúsum. Þannig er t. d. í fjárlagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi, reiknað með rekstrarhalla, sem nemur hátt á sjöunda hundrað þús. kr., á þeim sjúkrahúsum ríkisins, sem þó taka daggjöld fyrir sjúklinga.

Nú er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir, að héruð þau, sem sjúkrahús reka, beri eftir sem áður rekstrarhalla, sem verða kann vegna innanhéraðssjúklinga. En þar sem sjúkrahús eru mikið sótt af sjúklingum utan héraðs, verður naumast talið sanngjarnt, að hérað það, sem sjúkrahúsið rekur, beri fjárhagslega byrði vegna þessara sjúklinga, og er því lagt til, að ríkissjóður taki þátt í rekstrarkostnaði í hlutfalli við aðsókn utanhéraðssjúklinga að hverju sjúkrahúsi.

Nd.

83. Frumvarp til laga

um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943.

Flm.: Finnur Jónsson, Pétur Ottesen, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1943, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1942, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn.

Með sama hætti er framlengd heimild til handa stjórnnum Landsbankans og Búnaðarbankans til lífeyrisgreiðslna.

Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. febr. 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1943.

Greinargerð.

Með því að sýnt þykir, að eigi vinnst tími til þess að afgreiða fjárlög fyrir árið 1943 fyrir áramót, en heimild skortir til greiðslu á nauðsynlegum útgjöldum eftir áramót, meðan þau eru ekki samþykkt, hefur fjárveitinganefnd ákveðið að beita sér fyrir frv. þessu, í samráði við þingflokkana. Hins vegar hefur verið talið sjálfsagt að hraða afgreiðslu fjárlaga svo sem unnt er, og er því heimildin um bráðabirgðafjárgreiðslur eigi látin gilda lengur en til 1. febr. 1943.

Ed.

84. Nefndarálit

um till. til þál. um skógræktarstöð í Hvammi í Dölum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um aðstöðu til skógræktar og trjáplöntuuppeldis á prestssetursjörðinni Hvammi í Dölum. Hefur skógræktarstjóri mætt á fundi með nefndinni og látið þar uppi álit sitt um þau atriði. Að fengnum þeim upplýsingum hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að gera, í samráði við biskup landsins og skógræktarstjóra, ráðstafanir til þess, þegar næst verða prestaskipti í Hvammi í Dölum, að þá verði hæfilegur hluti jarðarinnar, sá sem bezt er til skóggæðslu fallinn, lagður undir skógrækt ríkisins. Jafnframt verði þar trjáplöntuuppeldi fyrir Dalasýslu.

Alþingi, 12. des. 1942.

Páll Hermannsson,
form.

Þorst. Þorsteinsson,
frsm.

Eiríkur Einarsson,
fundaskrifari.

H. Guðmundsson.

Kristinn Andrússon.

Sþ.

85. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reyðarfjarðarhrepp lán til aukningar raforkuveitu hreppsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ingvar Pálmason.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500000 króna innlent lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til aukningar raforkuveitu hreppsins.

Greinargerð.

Raforkuveita Reyðarfjarðarhrepps er nú orðin alveg ófullnægjandi. Verður ekki hjá því komizt að ráðast í stækkun hennar svö fljótt sem frekast er unnt. Hreppurinn hefur undanfarið lagt kapp á að borga stofnkostnaðarskuldir rafveitunnar og hefur því ekki yfir handbæru fé að ráða til þess að leggja í framkvæmd þessa. Hins vegar mundi raforkuveitan öll standa til tryggingar því láni, sem gert er ráð fyrir, að ríkið ábyrgðist samkvæmt þingsályktun þessari.

Nánar í framsögu.

Ed.

86. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar í sambandi við hlutleysi Íslands og aukna ófriðarhættu.

Frá Jónasi Jónssyni.

Er það í samræmi við yfirlýsta hlutleysisstefnu Íslendinga og eðlilega varúð í styrjaldarmálum, ef valdhafar landsins lýsa yfir vanþóknun á stjórnarstefnu annars stríðsaðilans og jafnframt vilja sínum til að taka virkan þátt í baráttunni með hinum stríðsþjóðunum?

Greinargerð.

Íslendingar hafa lýst yfir ævarandi hlutleysi sínu. Þeir mótmæltu með fullri einurð hernámi Bretá 1940 og sömdu síðan um hvernd Bandaríkjanna, meðan sú þjóð var eina friðarríkið meðal stórþjóða heimsins. Á þann hátt hefur íslenska þjóðin fyrr og síðar viðurkennt vilja sinn, um leið og getuleysi sitt til að standa í styrjaldarframkvæmdum.

Nú er hafin stefnubreyting í þessu efni af hinum svokallaða sósíalista- eða kommúnistaflokki. Þeir hafa opinberlega auglýst í blaði sínu, að þeir mundu gera þrjú atriði í utanríkismálum að „skilyrðum“ fyrir ábyrgri þátttöku um stjórn mál landsins.

Fyrsta skilyrðið er, að íslenska ríkið lýsi yfir andúð sinni á stjórnarstefnu Þjóðverja. Annað skilyrðið er, að Íslendingar taki virkan þátt í styrjöldinni með andstæðingum Þjóðverja. Þriðja skilyrðið er, að Íslendingar biðji Rússa um vernd fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.

Um tvö fyrstu skilyrðin er það að segja, að framkvæmd þeirra mundi vera um það bil sama og stríðsyfirlýsing gagnvart einhverju mesta herveldi, sem nokkurn tíma hefur verið uppi í heiminum. Þetta mætti kallast furðuleg ráðstöfun, ef til framkvæmda kæmi, þar sem ófriður þessi væri hafinn af þjóð, sem lýst hefur yfir ævarandi hlutleysi, er auk þess algerlega vopnlaus og án allra þeirra skilyrða og undirbúnings, sem stríðsþjóð þarf að hafa. Auk þess kemur ekki í ljós í yfirlýsingu kommúnista nokkur ástæða, sem réttlætti hið umtalaða framferði, jafnvel þó að Ísland hefði verið fært um þátttöku í styrjöld, sem allir vita, að ekki er um að ræða.

Um virka þátttöku Íslendinga í styrjöldinni með Bandamönnum er það að segja, að þar er jafnt til fyrirstöðu eldri ákvörðun um hlutleysi og algert undirhúningsleysi þjóðarinnar í styrjaldarmálum. Krafa kommúnista um virka þátttöku Íslendinga í stríði með Bandamönnum er því furðulegri, þar sem kommúnistar hafa tveim snum hindrað atvinnustarfsemi Íslendinga á fullkomlega hlutlausum grundvelli, en það starf mátti telja fremur til hagsbóta Bandamönnum, án þess að Íslendingar brytu hlutleysi sitt. Í fyrra skiptið reyndu kommúnistar að koma til leiðar vinnustöðvun meðal íslenskra verkamanna, sem unnu fyrir setuliðið. Síðara átakið er nýafstaðið. Þar hafa leiðtogar Sósíalistaflokksins átt meginþátt í því, að framleiðslan við sjóinn ber sig ekki, hraðfrystihúsin eru lokuð og veiðiskípin bundin við hafnargarðinn. Íslenska þjóðin er á þennan hátt svipt þjargræði sínu og getur ekki staðið við eldri ráðagerðir um fasta sölu úr landi til landa Bandamanna. Það er lítt samræmanlegt, krafa sósíalistanna um virka aðstoð við andstæðinga Þjóðverja og aðgerðir sömu manna til að lama framleiðslu landsmanna á matvörum, sem eru í góðu verði í löndum Bandamanna.

Krafan um, að Ísland eigi að biðja Rússland um vernd, er líka furðuleg, þegar þess er gætt, að Rússar eiga fullt í fangi með að verja sín eigin lönd. Íslendingar hafa auk þess örugga verndarsáttmála við þau ríki, sem ráða yfir Atlantshafinu, en þar á Ísland allra sinna hagsmuna að gæta. Enn fremur má segja, að krafan um verndarþón til Rússlands sé ekki undirbyggð með sögulegum rökum. Rússland hefur ekki reynzt hentugur verndari smáþjóða. Dæmin eru deginum ljósari, þar sem Rússar réðust svo að segja samtímis, fyrirvaralaust og tilefnislaust og ofan í gerða samninga, á sex ríki frá Svartahafi og norður að Íshafi, lögðu þrjú af þeim undir veldi sitt, en innlimuðu mikinn hluta hinna þriggja.

Mér hefur þótt rétt, að þessar nýstárlegu kenningar yrðu ræddar opinberlega, þar sem það er tilætlun Sósíalistaflokksins, að tilvonandi ríkisstjórn framkvæmi þessar óvenjulegu óskir kommúnistanna.

Ed.

87. Frumvarp til laga

um kaup á Vesturheimsblöðunum Heimskringlu og Lögbergi.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, skulu allir skólar, sem ríkið starfrækir eða styrkir, allar skrifstofur ríkis og bæjarfélaga, öll samvinnufélög, allir kaupmenn og skrásett hlutafélög kaupa annað hvort íslenzku blaðanna, sem gefin eru út í Winnipeg, Heimskringlu eða Lögberg.

2. gr.

Skrifstofa fræðslumálastjóra hefur yfirumsjón með þessum blaðakaupum og stillir svo til, að jafnmikið sé selt og borgað af þessum tveim blöðum. Andvirði blaðanna skal á hverjum stað innheimt um leið og tekju- og eignarskattur ríkisins. Skólar og skrifstofur telja útgjöld þessi með almennum rekstrarkostnaði.

Greinargerð.

Einn af kunnustu leiðtogum Íslendinga vestan hafs, Ásmundur Jóhannsson í Winnipeg, hefur látið í ljós þá skoðun, að mikla nauðsyn beri til, að íslenzku blöðin í Vesturheimi verði lesin og keypt miklu meira heldur en gert hefur verið, bæði til að auka kynningu manna hér á landi á högum Íslendinga í Vesturheimi og jafnframt til að styðja blöðin fjárhagslega.

Eftir að hafa ferðazt milli flestra byggða Íslendinga í Ameríku, hef ég komið að þeirri niðurstöðu, að starf landa okkar vestan hafs sé glæsilegt þekkvirki og til varanlegrar sámdar fyrir íslenzka kynstofninn. Dugnaður og myndarskapur landa í Vesturheimi hefur vitaskuld fyrst og fremst komið fram í atvinnubaráttu einstaklinganna, yfirburðum þeirra við nám og stórmiklum myndarskap við þátttöku í félagslífi og borgaralegum störfum í hinum nýju heimkynnum. En jafnframt þessu hafa þeir haldið áfram viðtækri íslenzkri menningarstarfsemi. Um eitt skeið reistu landar vestra og starfræktu milli 70 og 80 kirkjur með frjálsum framlögum. Auk þess hafa þeir haldið uppi hinum tveim kunnu blöðum, Lögbergi og Heimskringlu, í meira en hálfri öld, jafnframt margháttaðri annarri menntastarfsemi. Óhætt er að fullyrða, að kirkjan og blöðin hafa verið líftaug og undirstaða hinnar viðtæku íslenzku menningar- og þjóðræknisstarfsemi landa í Vesturheimi.

Einstaka menn hér á landi hafa talið sig hafa minni áhuga fyrir því að kaupa Vesturheimsblöðin af því, að allmikið af lesmáli þeirra snerist um efni, er snerti Ísland fyrst og fremst. En þetta er einmitt ein af meginástæðum þess, að Austur-Íslendingar þurfa að kynna þessum blöðum. Meðan landar í Vesturheimi hafa svo mikla samúð með gamla landinu og allri lífsbaráttu þjóðarinnar, að þeir vilja láta blöð sín fjalla að mjög verulegu leyti um austur-íslenzk efni, þá er auðséð, hve römm er sú tæug, sem tengir landa vestra við hið gamla ættland og málefni þess. Ef menn hér á landi lesa með athygli vestanblöðin, þá getur ekki hjá því farið, að menn fyllist lotningu og aðdáun fyrir þeirri sterku ættjarðarást gagnvart Íslandi, sem endurspeglast í þessum blöðum. Sterk hlýtur sú tilfinning að vera, sem kemur fólki af íslenzkri ætt, sem tæplega getur búist við að koma nokkurn tíma aftur til landsins, til að fylgjast þó nákvæmlega með öllum hreyfingum þjóðlífsins í hinu fjarlæga ættlandi.

Önnur og þó meiri ástæða er sú, að styðja Vesturheimsblöðin með því að afla þeim allmargra kaupenda hér á Íslandi. Bæði blöðin eiga erfitt uppdráttar og eru árlega studd mjög myndarlega af þjóðlegum forgöngumönnum vestan hafs. Þau skipulagsbundnu kaup, sem hér er farið fram á, eru frá okkar hálfu vottur um aukinn

skilning og þakkarhug okkar til landa í Vesturheimi fyrir hina þýðingarmiklu útvarðarstarfsemi þeirra fyrir íslenska menningu.

Eftir stríðið munu haldast beinar skipaferðir milli Íslands og Norður-Ameríku og stóraukin viðskipti og kynning á báðar hliðar. Námsmenn og viðskiptaforkólfar munu fara vestur, og Íslendingar vestan hafs munu heimsækja gamla landið miklu meira en áður hefur verið. Þá mun þýðing íslensku byggðarinnar vestan hafs verða ómetanleg fyrir hið litla íslenska þjóðveldi.

Lögberg og Heimskringla eru meginvirki í andlegri baráttu landa í Vesturheimi. Við eigum að senda þeim liðsauka, og við getum, með því að lesa þessi blöð, fengið einhverja órækustu sönnunina, sem til er, fyrir lífsmætti íslensks þjóðernis og íslenskrar menningar.

Nd.

88. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild til þess að selja hluta úr landi jarðarinnar Viðvík í Skagafirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1942.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jón Sigurðsson, frsm.
Sigurður Guðnason.	Emil Jónsson.	

Ed.

89. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna „Landssamband iðnaðarmanna einn, Alþýðusamband Íslands einn“ í 1. másl. 1. gr. laganna komi: Landssamband iðnaðarmanna og Alþýðusamband Íslands tilnefna í sameiningu einn, Verzlunarráð Íslands einn.

2. gr.

- a. Aftan við fyrri másl. 2. gr. laganna bætist: Heimilt skal henni einnig að ákveða, hvaða verð skuli greitt til framleiðenda á hverjum tíma, ef kjötið er keypt af þeim með föstu verði, með eða án verðuppbótar.
- b. Á eftir síðari másl. 2. gr. komi nýr másl., svo hljóðandi: Þegar kjötverðið er ákveðið til framleiðenda, skal þess gætt, að ákveða það sem jafnast, hvar sem kjötið er framleitt á landinu.

3. gr.

Í stað 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Enginn má slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu, án leyfis kjötverðlagsnefndar. Heimilt skal þó sauðfjäreigend-

um, er reykja kjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, enda greiði þeir af því verðjöfnunargjald um leið og afhending fer fram.

Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn og eigi síðar en 15. júlí ár hvert. Leyfi skal veita hverjum þeim aðila, sem fengið hefur verzlunarleyfi, rekur útgerð, frystihús eða iðnað þess eðlis, að honum sé hagkvæmt að kaupa kjötið beint af framleiðanda, enda uppfylli hann eftirfarandi skilyrði:

- a. Eigi sjálfur eða hafi aðgang að sláturhúsi, sem fullnægir ákvæðum laga um kjötmat o. fl., frá 19. júní 1933, eða eins og þeim kann að verða breytt síðar.
- b. Eigi sjálfur eða hafi aðgang að frystihúsi, ef kjötið er ætlað til útflutnings eða til sölu eða notkunar sem frystað kjöt innanlands.
- c. Eigi sjálfur eða hafi aðgang að niðursuðuverksmiðju eða reykhusi, ef kjötið er ætlað til niðursuðu eða reykingar.
- d. Hafi öll skilyrði til þess að salta kjötið til útflutnings eða til sölu eða notkunar innanlands, samkvæmt fyrirráðum um kjötmat og kjötverkun á hverjum tíma.

Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðháttá eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárens til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar.

Leyfisbeiðandi skal jafnan geta þess í beiðni sinni, fyrir hvaða markað og á hvaða hátt hann ætlar sér að verka kjötið, og lætur jafnframt fylgja beiðninni skilríki fyrir því, að hann uppfylli skilyrði þau, sem sett eru fyrir slátrunarleyfi, hvað snertir magn það, er hann óskar að fá leyfi fyrir.

Í leyfi getur nefndin ákveðið, ef nauðsynlegt er vegna framboðs eða eftirspurnar, fjáertölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til útflutnings, sölu eða notkunar innanlands og til iðnaðar, enda sé þá tekið tillit til aðstöðu á þeim stað, sem slátrunin er leyfð.

4. gr.

Í stað c-liðar 6. gr. laganna komi 2 nýir liðir, c. og d., svo hljóðandi:

- c. Til verðuppbótar á því kjöti innanlands, sem vegna flutningserfiðleika eða annarra ástæðna skilar lægra framleiðsluverði til bænda.
- d. Til verðuppbótar á útflutt dilkakjöt. Verðuppbótin má þó aldrei verða svo há, að nettóverð þess kjöts, sem upp er bætt, verði hennar vegna herra en nettóverð sömu tegundar af kjöti, sem selt er í heildsölu á verðhæsta markaði innanlands.

Í stað orðanna: „Sá verðmismunur, sem nefndin hefur ákveðið, raskist ekki“ í síðasta másl. sömu lagagr. komi: Verðmismunur til framleiðanda verði sem minnstur.

5. gr.

Orðin „af útfluttu dilkakjöti“ í 7. gr. laganna falli burtu.

6. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist: samanber þó síðasta másl. 2. gr.

7. gr.

Breytingar þessar skal fella inn í lög nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, og gefa lög in síðan út svo breytt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, er sett viðtækari takmörkun Alþt. 1942. A. (61. löggjafarþing).

um slátrun sauðfjár og sölu á sláturafurðum en nokkru sinni fyrir og miklu viðtækari en hollt er, þar sem beint er stefnt að einokun í afurðasölu með 3. gr. laganna. En þar er fyrirskipað, „að leyfi til slátrunar skuli veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæði félaga, sem hætta störfum, án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra félaga“.

Þá er og kjötverðlagsnefnd heimilt að veita sláturleyfi samvinnufélögum bænda, er stofnsett kunna að verða, eftir að lög þessi öðlast gildi, á svæði, þar sem ekki eru starfandi samvinnufélög fyrir, svo og þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús.

Með þessum ákvæðum er ekki verið að greiða fyrir sölu sláturafurða, eins og þó er megintilgangur laganna, heldur er beinlínis verið að gera það erfiðara að koma fram sem mestri sölu á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangurinn með lögnum, eins og þau eru nú, er bersýnilega fyrst og fremst sá, að veita viðskiptum bænda að ákveðnum verzlunarfyrirtækjum, alveg án tillits til þess, hvort þeim er það ljúft eða leitt, hagkvæmt eða óhagstætt. Það eru hvergi í lögnum sett nein skilyrði fyrir því að fá sláturleyfi, að viðkomandi aðili uppfylli lágmarkskröfu um aðstöðu til slátrunar, geymslu á kjöli eða meðferð á því, ef um samvinnufélög er að ræða, og þó sýndist svo, að sú krafa ætti að vera fyrsta skilyrði fyrir sláturleyfi.

Frumvarpi því, sem hér um ræðir, er ætlað að bæta úr þessum ágöllum á gildandi lögum, og nái það fram að ganga, er meira öryggi fengið um meðferð sláturafurða, víðtækara sölusvæði og þar með möguleiki fyrir hæsta verði, auk meira frjálsræðis og réttlætis í viðskiptum, en það mun þjóð vorri jafnan hollast.

Ed. 90. Frumvarp til laga

um skólasetur á Reykhólum.

Flm.: Gisli Jónsson.

1. gr.

Ríkið lætur reisa skólasetur á Reykhólum í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu. Leggur það skólasetrinu til jörðina Reykhóla endurgjaldslaust, ásamt öllum hlunnindum, hjáleigum, húpeningi og réttindum, allt eins og ríkið eignaðist þessar eignir á sínum tíma. Undanskildar eru þó Hvammshlíð og Stagley.

Tekjur af eignum þessum renna óskiptar til skólasetursins frá gildistöku þessara laga.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar nú þegar 3 manna nefnd til þess að undirbúa og skipuleggja byggingar og rekstur skólaseturs á Reykhólum samkv. 1. gr. Skal nefndin skipuð þannig: Einn samkvæmt tillögu frá Búnaðarfélagi Íslands, einn samkvæmt tillögu frá Breiðfirðingafélaginu í Reykjavík og svo húsameistari ríkisins, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndin gerir tillögur til ríkisstjórnarinnar um eftirfarandi atriði og skilar þeim eigi síðar en 1. sept. 1943:

- a. um stærð, starfssvið og fyrirkomulag skólans, og sé þar tekið fullt tillit til þensluþarfa hans í framtíðinni. Hér fylgi og með teikning af fyrirhuguðum húsum og kostnaðaráætlun.
- b. um skipulagningu á jörðinni og hlunnindum hennar í samræmi við stafl. a. Hér fylgi og með skipulagsteikning.
- c. um endurbyggingu núverandi bæjarhúsa í sama stíl og þau eru í, og hvort

nota megi þau síðar þannig sem byggðasafn eða á annan hátt í sambandi við skólasetrið. Hér með fylgi teikning af bæjarhúsunum og kostnaðaráætlun.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Jafnskjótt og nefnd sú, sem um getur í 2. gr., hefur skilað álit, skal ríkið láta hefja framkvæmdir um byggingu skólasetursins, í samræmi við tillögur nefndarinnar.

4. gr.

Gerðar séu nú þegar ráðstafanir til þess að leysa Reykhóla úr ábúð, svo að allt jarðnæði og öll hlunnindi séu til fullra afnota fyrir skólasetrið, hvenær sem þess er þörf.

5. gr.

Ríkisstjórnin semur reglugerð fyrir skólasetrið í samráði við fræðslumálastjóra og Búnaðarfélag Íslands.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar ríkinu var heimilað að kaupa höfuðbólið Reykhóla, var það fyrst og fremst gert til þess að reisa það við úr þeirri fádæma niðurniðslu, sem jörðin var komin í, og jafnframt til þess að tryggja Vestfirðingafjórðungi glæsilegt skólasetur í framtíðinni. En þó að nú sé liðin um 4 ár síðan ríkið eignaðist jörðina, hefur ekkert verið gert til þess að koma þar á endurbótum. Má við svo búið ekki standa degi lengur.

Breiðfirðingafélagið í Reykjavík hefur sýnt lofsverðan áhuga á því, að Reykhólar yrðu sem fyrst reistir við og gerðir aftur að höfuðbóli og menntasetri fyrir Vestfirðingafjórðung. Hefur félagið leitað álits allra hreppsnefnda og sýslunefnda í Vestfirðingafjórðungi, sem einróma mæla með því, að komið sé upp skólasetri á Reykhólum. Hafa skjöl þessi öll verið send Alþingi.

1. gr. frumvarpsins miðar að því að tryggja það, að Reykhólar verði gerðir að skólasetri, og að jörðin öll með hjáleigum og hlunnindum verði lögð til skólasetursins. Á þennan hátt eru skólanum skapaðar nokkrar tekjur.

2. gr. miðar að því að undirbúa þetta mál sem bezt að unnt er, áður en framkvæmdir eru hafnar. Þetta er einkum og sér í lagi nauðsynlegt fyrir þá sök, að komið hafa fram ýmsar raddir um það, hvers konar skóla skuli reisa þar upp, þótt langflestir hafi fallið á, að æskilegast væri, að komið yrði þar upp fyrst og fremst vinnuskóla, sem veitti kennslu í öllum venjulegum sveitastörfum, utan húss og innan, bæði fyrir konur og karla. Er helzt hugsað, að kennslan gæti farið fram á námskeiðum, sem stæðu um 3 mán. hvert, og þá allt árið. Jafnframt væri bókleg kennsla í sambandi við námskeiðin að vetri til. Þá hafa einnig komið fram óskir um það, að komið væri upp þar barna- og unglingakennslu, og mætti það vera sérstæð stofnun á setrinu. Nefndinni er ætlað að athuga öll þessi mál og gera tillögur um fyrirkomulag, stærð og starfssvið. Jafnskjótt og hún hefur lokið störfum er ætlað til, að hafizt sé handa um framkvæmdir. Það er út af fyrir sig ekkert atriði, að byggingum öllum sé komið upp í einu lagi, heldur hitt, að unnið sé skipulega að viðreisn staðarins og að hafizt sá handa um viðreisnina nú þegar. Áhugi manna fyrir því er nú það mikill, að talað er um það í alvöru að nota þar tjaldbúðir að sumri til, þar til nauðsynlegum byggingum hafi verið komið upp.

Þá er einnig ætlað til þess, að nefndin athugi möguleika fyrir því að endur-reisa núverandi bæjarhús í sama stíl, og nota þau síðan fyrir byggðasafn eða annað í sambandi við skólann. Bærinn mun vera einn af elztu bæjum þessa lands,

meira en aldargamall. Hann var á sínum tíma tákn þess stórhuga, sem þá ríkti á þessu höfuðbólí, en nú er horfinn.

4. gr. miðar að því að fá jörðina leysta nú þegar úr ábúð. Því miður hefur ríkið látið parta hana í sundur og byggt hana þannig, og auk þess látið annan bónda koma þar upp bæjarhúsi að mestu á sinn kostnað. Þessu þarf að kippa aftur í lag. Bóndann þarf að sjálfsögðu að gera skaðlausan, og húsið má efalaust nota í sambandi við væntanlegar framkvæmdir. En jarðnæðið verður að tryggja setrinu að fullu og öllu.

Reykholar hafa fleiri hlunnindi en flestar jarðir á Íslandi. Þetta höfuðból hefur of langi verið vanrækt, það verður nú að endurreisast og verða menningarsetur fyrir Vesturland. Þangað eiga ungir menn og konur að sækja nauðsynlega undirbúningsmenntun undir dagleg störf í þágu lands og þjóðar, þangað eiga Vestfirðingar að sækja stórhug og styrk til framkvæmda og dáða.

Sp.

91. Tillaga til þingsályktunar

um bætur vegna fjárskaða í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Barði Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða bændum þeim í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem urðu fyrir fjártjóni í fárviðrinu 7. okt. s. l., bætur úr ríkissjóði eftir þeim reglum, sem fylgt er við greiðslu bóta samkvæmt lögum nr. 75 frá 27. júní 1941.

Greinargerð.

Hinn 7. október s. l. skall á eitt hið versta hriðarveður, sem menn muna á Vestfjörðum. Við innanvert Ísafjarðardjúp var veðurhæðin svo mikil, að hinir röskustu karlmenn réðu sér varla á bersvæði, og kafaldið var svo svart sem verst má verða um hávetur. Einkum var þó veðurofsinn geigvænlegur á Snæfjalla- og Langaðalsströnd. Flestir bændur þar á slóðum munu hafa haft fé sitt heima á tünnum eða í hagagirðingum, þá er óveðrið brast á, enda var hjá sumum þeirra slátrun ekki hafin. Í Nauteyrar- og Snæfjallahreppi munu alls hafa farizt um 470 fjár. Fyrir þungbærustum skaða urðu þeir Helgi Guðmundsson í Unaðsdal og Þórður Halldórsson á Laugalandi, og mjög tilfinnanlegt tjón biðu einnig Pétur Pálsson í Hafnarðal og Ingvar Ásgeirsson í Lyngholti. Helgi, Pétur og Þórður eru allir barnamargir dugnaðarmenn, sem um áratugi hafa unnið fyrir sér og sínum af óvenjulegri atorku og þreki.

Það er allra dómur, þeirra er til þekkja, að varúðarleysi hafi á engan hátt valdið nokkru um fjárskaðann. Virðist því sanngjarnt, að þjóðfélagið hlaupi hér undir bagga, ekki síðar en þegar um er að ræða tjón af mæðiveiki.

Nd.

92. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jóni Pálmasyni, Sigurði Þórðarsyni og Jóni Sigurðssyni.

Aftan við frvgr. komi nýr rómv. liður:

Tölul. 7. C. í 2. gr. laga nr. 101 1933 skal orða svo:

Skagavegur: Frá Blöndubrú við Blönduós um Skagaströnd, Hafnir, Hraun og Skefilsstaði á Þverárfjalls- og Gönguskarðsveg fram við Skíðastaði.

Jafnframt fellur niður XVIII. liður í lögum nr. 72 1936.

Nd. 93. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn nýrra vinnuaðferða í vegagerð og símalagningu.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Páll Zóphóniasson, Helgi Jónasson, Skúli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka möguleika til:

1. Að auka vélanotkun í vegagerð hér á landi;
2. Að vegagerð ríkisins verði a. m. k. að einhverju leyti framkvæmd í ákvæðisvinnu;
3. Að símalínur, einkum til afskekktara staða, verði lagðar með minna tilkostnaði en nú tíðkast.

Greinargerð.

Vinnuaðferðir við opinberar framkvæmdir (og raunar víðar) hér á landi munu vera orðnar talsvert á eftir tímanum, samanborið við þau lönd, sem fremst standa í verklegri tækni. Það var t. d. staðfest af vitamálastjóra í umræðum á Alþingi um dýpkunarskip fyrir nokkrum dögum, að tæki þau, sem notuð eru til hafnargerða, væru algerlega ófullnægjandi, og vinnubrögð úrelt, svo að áberandi væri, samanborið við tilsvarendi framkvæmdir erlendra manna.

En það, sem þarna var sagt um úreltar aðferðir í hafnargerð, mun eiga víðar við. Veldur því sjálfsagt að miklu féleysi þjóðarinnar og þar af leiðandi vanmáttur til að eignast dýrar vélar og tæki, og hins vegar þess e. t. v. ekki gætt nægilega að veita íslenskum mönnum aðstöðu til að fylgjast með verklegum framförum erlendis.

Vélanotkun við vegagerð hér á landi hefur fram að þessu verið lítil. Fyrir utan bifreiðar til malarflutnings eru hér að verki síðustu árin nokkrir vegheflar, sem gert hafa mikið gagn og þyrftu að vera fleiri, en þá má líka heita upp talið. En það dylst ekki þeim, er séð hafa vinnubrögð ameríska setuliðsins hér í vegagerð, að vélar geta unnið stórvirki í þessum framkvæmdum. Það mætti hugsa sér, að notkun slíkra vinnuvéla hér mundi geta skapað hliðstæða möguleika í vegagerðinni og dráttarvélar og nýttizku áhöld hafa þegar gert í jarðræktinni. Verkefni þjóðarinnar í vegagerð eru hins vegar svo stórkostleg, að seint mun þar sjá fyrir endann, ef mannhöndin og rekan eiga þar að vera að verki einar eða aðallega. En nú er einmitt rétti tíminn til að hefjast handa um að hagnýta sér þá möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera.

Það er margra mál, að það mundi verða notadrygra á ýmsan hátt, ef vegagerð væri framkvæmd í ákvæðisvinnu. Þetta hefur verið reynt t. d. í Þingvallaveginum um 1930, og mun hafa gefizt vel og verið vinsælt hjá verkamönnum. Er og auðsætt, að það getur verið hentugt, svo misviðrasamt sem hér er, að vegavinnu menn geti sjálfir ráðið, hvenær þeir eru að verki, og njóti þess, sem þeir vilja á sig leggja. En í þessu sambandi þarf m. a. að rannsaka, með hverjum hætti eftirlit hins opinbera með slíkri vegavinnu þyrfti að vera, svo að í lagi væri.

3. liður tillögunnar fjallar um rannsókn á möguleikum til að leggja símalínur með minna tilkostnaði en nú tíðkast. Það er hverjum auðsætt, að stauralínur eins og þær, sem tíðkast hafa, eru mjög dýrar, einkum þar, sem flutningur er erfiðastur. Flm. er kunnugt, að í Vesturheimi hafa verið gerðar athyglisverðar tilraunir til að leggja símalínur án staura um strjálbýl svæði, en einangrun og vernd línunnar þarf þá auðvitað að vera með þeim hætti, að ódýrara sé en staurarnir. Væri æskilegt, að þessi möguleiki væri rannsakaður til hlítar.

Ed.

94. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Kristinn E. Andrésson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðræktarstyrk hvers býlis og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir. Samhliða þessari spjaldskrá skal Búnaðarfélag Íslands gera aðra spjaldskrá, er sýni stærð á véltæku túni hvers býlis samkvæmt jarðamati og þau mannvirki býlisins, sem styrkhæf eru samkvæmt 9. gr. I. og V. og bæti síðan inn á þá skrá þeirri viðbót, sem verður með árlegum umbótum jarðanna.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

- a. Býlum, sem hafa minna en 8 hektara af véltæku túni, greiðist til túnræktar samkvæmt 9. gr. II., III. og IV. 100% hærri styrkur en sú grein ákveður.
- b. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist til húsabóta samkvæmt 9. gr. I. og V. 30% hærri styrkur en sú grein ákveður.
- c. Býlum, sem fengið hafa samtals 6000—7500 kr., skal greiða 30% minna fyrir hvert verk.
- d. Býlum, sem fengið hafa samtals meira en 7500 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Býlum, sem hafa 8—10 hektara af véltæku túni og hafa fengið 2000—6000 kr., skal greiða styrk til jarðræktar og húsabóta samkvæmt 9. gr., en býlum, sem hafa meira en 10 hektara af véltæku túni, greiðist enginn styrkur samkvæmt 9. gr. II., III. og IV., og býlum, sem hafa komið sér upp mannvirkjum þeim, er greind eru í 9. gr. I. og V. og að mati Búnaðarfélags Íslands fullnægja þörfum býlis, sem hefur 10 hektara af véltæku túni eða meira, greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. I. og V.

Ekki nær ákvæði d-liðs þessarar greinar svo og ákvæðin, sem takmarka rétt býlis til styrks, til þeirra búá, er bæjarfélög reka og starfrækt eru vegna þess að ókleift er, sakir erfiðleika og dýrleika, að flytja nauðsynlega neytlumjólk til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Sama gildir um hámark það, sem ákveðið er í 9. gr. III. j. um styrk til grjótnáms, að því er snertir býli við kaupstaði, þar sem svo stendur á sem að ofan greinir og ekki er kostur á ræktun, nema í mjög grýttum jarðvegi.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóti aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands ákveður árlega, hver hámarksstyrkurinn fyrir hvert býli skal vera á árinu.

Greinargerð.

Á tveim þingum áður, árið 1939 og 1941, var flutt frumvarp nærri samhljóða þessu, og á þingi 1942 breytingartillaga, sem gekk í sömu átt, við frumvarp til laga um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936. Við getum því látið nægja hér

að vísa til þeirra greinargerða, sem fylgdu frumv. áður. Rétt er aðeins að minna á það, að á þá styrki, sem greindir eru í frumv., greiðist verðlagsuppbót samkvæmt 10. gr. jarðræktarlaganna, og telst sú uppbót þá ekki með við útreikning hámarksupphæða þeirra, sem um getur í 11. gr. (sbr. jarðræktarlögin nýju, nr. 54 4. júlí 1942).

Nd. 95. Frumvarp til laga

um einkarétt bæjarstjórnar Siglufjarðar til kvikmyndasýninga í Siglufjarðarkaupstað.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Frá 1. janúar 1944 eru engum heimilar kvikmyndasýningar í Siglufjarðarkaupstað nema bæjarstjórn Siglufjarðar.

2. gr.

Heimilt er bæjarstjórn, með leyfi dómsmálaráðherra, að framselja einkarétt sinn til kvikmyndasýninga.

3. gr.

Skylt er dómsmálaráðherra að útnefna mann í Siglufirði, er hafi eftirlit með kvikmyndasýningum og banni þær sýningar, sem hann telur rétt, að bannaðar verði. Úrskurði eftirlitsmanns má skjóta til dómsmálaráðherra. Kostnaðinn við eftirlitið greiði leyfishafi eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er samið af bæjarstjórn Siglufjarðar og er flutt samkv. beiðni hennar. Frv. fylgdi frá bæjarstjórn Siglufjarðar svo hljóðandi greinargerð:

„Undanfarin ár hefur talsverður áhugi vaknað fyrir því í Siglufirði að fá upp betra kvikmyndahús en Siglufirðingar eiga nú við að búa og betra myndaval. En í jafnfámenum bæ og Siglufjörður er verður þess ekki að vænta, að kvikmyndasýningar geti borið sig, ef 2 kvikmyndahús ættu að keppa um reksturinn. Til þess að losna úr því ófremdarástandi, sem kvikmyndasýningar nú eru í í Siglufirði, er því engin fær leið nema sú, að bæjarstjórn fái einkarétt til kvikmyndasýningar í bænum, enda ekki óeðlilegt, að sá arður, sem fæst af slíkum rekstri, renni til bæjarfélagsins, hverja skoðun sem menn hafa um einkarekstur almennt.

Kvikmyndasýningar eru æ meir og meir að verða áhrifaríkur þáttur í menningu og uppeldi þjóða, og ætti því markmiði að verða betur náð með opinberum rekstri. Hitt er þá ekki heldur nema eðlilegt, að ríkisvaldinu gefist kostur á ihlutun, ef slíkra sjónarmiða er ekki gætt sem skyldi, eða sýningar notaðar til áróðurs, sem fjandsamlegur væri ríkinu, eða þeim hugsjónum, sem ríkið vill í heiðri halda.“

Ed. 96. Stjórnarskipunarlög

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 2.

Nd.

97. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Gísla Sveinssyni.

Framan við upptalninguna í frv. (á eftir „Við 2. gr. A. I. d.“) komi: Ásakvísar (Skorur) á Meðallandsvegi. Eldvatn í Meðallandi.

Nd.

98. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Við 10. gr. 2. málsg. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Leyfi til þess að reka útibú frá aðalverzlun má veita með sömu skilyrðum og almenn verzlunarleyfi, þótt eigi sé það stofnsett í löggiltum verzlunarstað.

Greinargerð.

Með þróun samgöngumálanna á landi hér, og í þeim héruðum, þar sem breytingar hafa orðið með þeim hætti, að sjóferðir til aðdráttá hafa lagzt niður, en allir flutningar fara nú fram eftir vegum landleiðina, hefur það sýnt sig, að ákvæði verzlunar-atvinnulaganna eru orðin ófullnægjandi, er þau setja það skilyrði fyrir leyfi til almennrar verzlunar, að hún sé rekin í „löggiltum verzlunarstað“. Er það ekki sízt, þegar aðalverzlun þarf, vegna viðskipta sinna og til hægðarauka almenningi, að setja á stofn útibú á hentugum stað með tilliti til samgangna og annars, að ekki verður nú kleift að hlíta við sama og áður: að reka verzlunir alls staðar við sjó fram, enda slíkt aftekið fyrir löngu í öðrum löndum. Hafa og allviða verið löggiltir „verzlunarstaðir“ hér við land, þar sem hreinar eyðimerkur eru, langt frá mannabyggðum, sem aldrei hafa verið nema nafnið tómt og nú mega teljast úr sögunni, svo að eigi er hér miklu fyrir að fara. — Í einu héraði er nú t. d. svo komið, að verzlun (kaupfélag), sem áður hafði fengið verzlunarleyfi til útibúsrekstrar við „löggiltan“ lendingarstað, hefur nú orðið að flytja þennan útsölastað upp í sveitina og reist þar hús til þessa. Gæti að því rekið, að taka yrði af verzluninni þetta leyfi, því að „skilyrðin“ fyrir því að lögum eru brostin (útibúið meira að segja komið í annan hrepp en upphaflega); en slíkt er vitanlega fullkomið óyndisúrræði, sem ekki má koma til. — Leiðin til þess að bæta úr þessu yfirleitt er því breyting sú, er frv. þetta fer fram á.

Nd.

99. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 61. löggjafarþingi, 1942.)

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 18. og 19. okt. 1942, skulu öll framboð í kjördæmum tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Þegar landslistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 27 dögum fyrir kjördag.